

Danskir fjárfestar sýna Íslandi áhuga 2



Lífsstílslitaðar tískubylgjur eða fordæmi komandi kynslóða? 22–23



40 Spil sem miðlar þekkingu um plöntur

# Bændablaðið

14. tölublað 2021 • Fimmtudagur 22. júlí • Blað nr. 591 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Sóldís Einarsdóttir myndlistarkennari, hestakona, hundaþjálfari og hundasnyrtir, stendur nú fyrir námskeiðunum Dýr og list í annað sinn í hesthúsi sínu hjá Hestamannafélaginu Spretti í Garðabæ/Kópavogi. Hér má sjá Maríu Mist Siljudóttur, Ágústínu Líf Siljudóttur, Gabríelu Oragutraiman, Írenu Sóldísi, Sóldísi sjálfa og Sunnu Dís, sem sýndu blaðamanni hluta af þeim dýrum sem taka þátt í námskeiðunum. (Sjá bls. 24). Mynd / ehg

# Allar hænur í lausagöngu

## – Kostnaðurinn vegna breytinganna rúmir þrír milljarðar króna

**Samkvæmt reglugerð um velferð alifugla verður notkun á hefðbundnum búrum hætt í eggjaframleiðslu 31. desember 2021. Stefán Már Símonarson, formaður Félags eggjabænda og framkvæmdastjóri Nesbús, segir að vinna vegna breytinganna sé í fullum gangi. Kostnaður vegna breytinganna er um þrír milljarðar króna.**

„Að mér vitandi eru allir eggjabændur, sem ætla að halda áfram framleiðslu, á fullu við að breyta húsunum sínum í lausagönguhús og losa sig við búrin. Ég veit um tvo framleiðendur sem ætla að hætta vegna aldurs um áramótin en svo eru líka að koma inn ný bú eins og Hranastaðir. Eggjaframleiðendur á Íslandi eru tíu í dag.

Almennt ganga breytingarnar vel en skipulagsmálin taka oft lengri tíma en menn búast við í fyrstu og þvælast stundum fyrir okkur og þar sem breytingar sem þessar eru kostnaðarsamar verður að vanda vel til verka,“ segir Stefán.



Stefán Már Símonarson, formaður Félags eggjabænda og framkvæmdastjóri Nesbús.

***Þriggja milljarða kostnaður***

Stefán segir að þar sem lausagönguhænur þurfi meira rými en búrhænur verði nýting húsanna verri en áður og að eggjaframleiðendur þurfi talsvert stærri hús en áður til að framleiða sama magn af eggjum. Kostnaðurinn við framleiðslu á eggjum er því hærri en hann var fyrir.



Breytingarnar ganga út á að hefðbundin búr fyrir hænur verða bönnuð og fuglarnir settir í lausagöngu.

„Áætlaður kostnaður við breytingarnar er um 15 þúsund krónur á hvern fugl og fjöldi varphænsna í landinu yfir 200 þúsund þannig að kostnaðurinn vegna breytinganna eru rúmlega þrír milljarðar króna.“

***Engir breytingastyrkir í boði***

Ólíkt löndum í Evrópusambandinu og öðrum löndum í kringum okkur njóta íslenskir eggjabændur engra styrkja vegna breytinganna sem eru talsvert kostnaðarsamar auk þess sem þær leiða til minni nýtni húsanna.

Stefán segist ekki hafa sett sig vel inn í hvernig styrkjakerfið í ESB virkar en að breytingaferlinu þar sé víðast lokið.

„Covid-19 faraldurinn veldur því að svona veigamiklar breytingar ganga hægar fyrir sig og það verður allt snúnara og tefst. Ég á samt von á að það verði flestir búnir að breyta húsunum um áramótin en hjá sumum getur vel verið að endanlegur frágangur tefjist tvo til þrjá mánuði inn í næsta ár.

Sjálfur er ég þokkalega á áætlun og á ekki von á öðru en að breytingarnar hafist á þokkalegum tíma.“

***Miklar breytingar***

„Í stuttu máli má segja að breytingarnar gangi út á að hefðbundin búr fyrir hænur verða bönnuð og fuglarnir settir í lausagöngu. Hvers konar lausaganga verður fyrir valinu er mismunandi milli búa. Algengast er að komið sé upp pallakerfum þar sem fuglarnir geta farið á milli hæða þar sem hreiðrin eru í miðjunni. Annað fyrirkomulag er svo hefðbundið gólfkerfi á einni hæð eða hluti þess upphækkaður.“ /VH

FRÉTTIR

## Sumarlokun Bændasamtakanna

Skrifstofur Bændasamtakanna verða lokaðar frá og með 19. júlí til 9. ágúst. Ritstjórn Bændablaðsins verður þó að störfum og hægt er að ná sambandi við ritstjórn í síma 563-0300 meðan á lokun stendur.



Á landbúnaðarsýningunni 2018 kepptu Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, þáverandi formaður Bændasamtaka Íslands, og Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra í að tutla gervikú. Mynd /Jón Svavarsson.

### Stórsýning í Laugardalshöllinni:

# Íslenskur landbúnaður

**Undirbúningur fyrir sýninguna Íslenskur landbúnaður 2021, sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 8.–10. október, stendur sem hæst.**

Ólafur M. Jóhannesson sýningarhaldari segir að fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hafi pantað bás og að það stefni í sannkallaða stórsýningu. Síðasta sýning var haldin 2018 og sló hún öll aðsóknarmet í Laugardalshöllinni.

„Ég er viss um að sýningin mun vekja mikla athygli og gagnast landbúnaðinum. Landbúnaður spannar allt landið og er afar mikilvægur fyrir samfélagið. Mín skoðun er að greinin mun eflast í framtíðinni. Ekki síst vegna þess að ungt fólk er farið að sjá hversu landbúnaður er fjölbreyttur og eftirsóknarvert að starfa við hann.

Íslenskur landbúnaður hefur gott orðspor og getur vel byggt á því og framleitt hreinar og hollar vörur. Þá ber að hafa í huga að millistéttin vex víða um heim með ógnarhraða og samhliða því opnast nýir markaðir fyrir heilnæmar landbúnaðarvörur.“

*Fjölbreyttir sýningaraðilar*

Ólafur segir að gestir eigi von á fjölbreyttri sýningu þar sem fjölmörg fyrirtæki og stofnanir kynni starfsemi sína. „Það verður mikið af stórum og litlum tækjum, bæði á úti- og innisvæði. Þarna verða allir helstu vélasalar landsins og þjónustufyrirtæki landbúnaðarins. Þá eru fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu og húsbyggingum áberandi. Mikið af ýmsum rekstrarvörum verða kynntar og ekki síst framleiðsla bænda. Matvæla- og afurðafyrirtæki kynna einnig sínar fjölbreyttu og gómsætu afurðir.“

*Fyrirlestrar um landbúnað*

Í hliðarsal Laugardalshallarinnar verða haldnir fyrirlestrar um allt milli himins og jarðar tengt landbúnaði, bæði fyrir lærða og leikna. Á síðustu sýningu voru afar áhugaverðir fyrirlestrar og vafalítið hefur bæst í hugmyndabankann segir Ólafur og minnir á að dagskráin verði birt á bbl.is, vef Bændablaðsins, þegar hún liggur endanlega fyrir.

Samhliða sýningunni mun Bændablaðið gefa út sýningarblað þar sem fjallað verður um landbúnað á fjölbreyttan hátt og sýningaraðilum gefst kostur á að kynna vörur sínar og starfsemi. Félagsmönnum í Bændasamtökunum er öllum boðið á sýninguna og þar að auki fá fyrirtækin sem taka þátt fjölda boðsmiða til þess að koma til sinna viðskiptavina. „Við finnum mikinn áhuga hjá almenningi á sýningunni sem er til marks um áhuga á íslenskum landbúnaði í dag. Framtíðin í þessum geira er sannarlega björt.“ /VH




### Minkaeldi:

# Danskir fjárfestar sýna Íslandi áhuga

**Um miðjan ágúst næstkomandi er væntanlegur til landsins hópur danskra fjárfesta sem hafa áhuga á að skoða möguleika á minkaeldi hér á landi. Hugmynd fjárfestanna er annaðhvort að kaupa bú í rekstri og eða byggja nýtt frá grunni.**

Björn Halldórsson, bóndi og fyrrverandi formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda, segir að aðdragandi komu Dananna sé sá að danski loðdýrabóndinn Finn Nielsen hafi haft samband við sig fyrir hönd danskra fjárfesta sem hafi áhuga á að koma til landsins og skoða möguleikann á loðdýraeldi á Íslandi.

„Hugmynd Dananna er að koma inn í loðdýra- eða minkaræktina hér með því að annaðhvort og helst að kaupa bú sem hægt er að koma í rekstur sem fyrst og eða að byggja upp nýtt bú. Áætlun Dananna gerir ráð fyrir að með tímanum muni þeir framleiða um 100 þúsund skinn á ári og því nokkuð stórt plan.“



Björn Halldórsson, bóndi og fyrrverandi formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda. Mynd / HKr.

*Unnið að söfnun upplýsinga*

Björn segir að hugmynd Dananna hangi á því hvort hér fæst byggingapláss og hver verði líkleg þróun efnahagsmála. „Mitt hlutverk er að safna upplýsingum um möguleika á að koma verkefninu á koppinn með því að ræða við forsvarsmenn sveitarfélaga sem eru nálægt fóðurstöðvum og líka þá sem reka fóðurstöðvarnar og eigendur aflagðra minkahúsa.

Að mínu mati er full alvara að baki hugmyndinni og ég tel að ef við höldum rétt á spöðunum og þeir telji aðstæður nægilega ákjósanlegar geti hún orðið að veruleika, enda Ísland vænlegur kostur til minkaeldis í dag.“

*Hágæða og náttúruleg vara*

„Satt best að segja veit ég ekki hvaða fjárfestar þetta eru annað en að þeir eru danskir. Ég er búinn að heyra nöfnin á þeim en þekki þá ekki að öðru leyti. Ég þekki aftur á móti Finn Nielsen vel og átti í viðskiptum við hann í fjölmörg ár. Það sem ég veit er að fjárfestarnir eru ekki tengdir Copenhagen Fur eða loðdýrarækt eins og hún var í Danmörku. Samkvæmt því sem Nielsen hefur sagt mér er sá sem er í forsvari fyrir hópinn fullorðinn endurskoðandi.

Danirnir vita að loðdýra- og minkaeldi á framtíðina fyrir sér og að notkun á skinnum á eftir að aukast enda um hágæða og náttúrulega vöru að ræða,“ segir Björn Halldórsson að lokum. /VH

### Býflugnarækt:

# Kalt vor og óvissa með flug setti strik í reikninginn

**Vorið og fyrri hluti sumars var kalt. Auk þess sem óvíst var með flug vegna Covid-19 og því hefur ríkt ákveðin óvissa meðal býflugnaræktenda á landinu um ræktunina í sumar.**

„Kuldinn í vor og fyrrihluta sumars hefur vissulega sett strik í reikninginn þegar kemur að býflugnarækt sumarsins,“ segir Egill Rafn Sigurgeirsson, formaður Býflugnaræktendafélags Íslands, „en að sjálfsögðu erum við vongóð um að úr rætist.“

*Óvíst með flug*

„Óvissa með beint flug frá Arlanda í Svíþjóð með flugur leystist ekki fyrr en fyrir nokkrum dögum og býbændur á Álandseyjum gátu ekki afgreitt okkur um nema 24 býpakka þrátt fyrir að eftirspurn hafi verið mun meiri.“ Einar segir að í dag séu eitt hundrað býræktendur á landinu með um 150 bú.

„Búin er að finna um nánast allt land að Suðausturlandi undanskildu en flest þeirra eru á Suðurlandi.“ Hann segir að konur séu í meiri hluta þegar kemur að ræktendum.

*Erfitt að meta horfurnar*

Egill segir að erfitt sé að meta horfur býræktarinnar í sumar. „Við fengum fáa pakka afgreidda en ræktendur eru búnir að búa til 20 afleggjara. Í fyrra voru afleggjararnir 40 og þá fengum við rúmlega 600 kíló af hunangi. Það má því alveg búast við minni uppskeru í ár.“ /VH




Staðsetning býgarða á Ísland 2016 til 2021.

# VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

**Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.**

FENDT



**Fer fremstur**

CLAAS



**Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi**

KUHN




**Leiðandi afl í 190 ár**

Kverneland




**Framtíðarsýn í landbúnaði**

**Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini**

Schäffer



**Styrkur - afköst- skilvirkni**

JCB




**Nýsköpun - metnaður - framsækni**

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

FRÉTTIR

## Bændafundir Bændasamtaka Íslands 23.–27. ágúst 2021

**Stjórn og starfsmenn Bændasamtaka Íslands munu ferðast um landið dagana 23.–27. ágúst næstkomandi og hitta bændur og búalið til að fara yfir nýtt skipulag samtakanna og framtíðarhorfur. Fundirnir með fundarstöðum verða auglýstir nánar síðar.**

**Dagskrá fundanna er eftirfarandi:**

1. **Búðardalur 23. ágúst kl. 10.**
2. **Ísafjörður 23. ágúst kl. 20.**
3. **Blönduós 24. ágúst kl. 12.**
4. **Eyjafjörður 24. ágúst kl. 16.**
5. **Þingeyjarsveit 24. ágúst kl. 20.**
6. **Kópasker 25. ágúst kl. 10.**
7. **Egilsstaðir 25. ágúst kl. 16.**
8. **Höfn 25. ágúst kl. 20.**
9. **Vík 26. ágúst kl. 12**
10. **Selfoss 26. ágúst kl. 20.**






## Könnun á meðal sauðfjárbænda

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur fengið rannsóknarfyrirtækið Maskínu til að framkvæma könnun á meðal sauðfjárbænda.**

Hún fjallar um viðhorf sauðfjárbænda til innri og ytri aðstæðna í greininni, framtíðarhorfur og viðhorf til umhverfis og loftslagsmála. Könnunin er liður af aðgerðaráætlun til eflingar íslensks landbúnaðar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti í febrúar og snýr að sértækri vinnu vegna sauðfjárræktarinnar. Niðurstöður könnunarinnar munu gefa greinargott yfirlit yfir stöðu greinarinnar og nýtast m.a. við stefnumótun tengt endurskoðun sauðfjársamnings. Haft verður samband við þátttakendur í könnuninni með símtölum og tölvupósti. Sauðfjárbændur eru hvattir til þátttöku.

*/ehg*




# Nýtt skipulag Bændasamtakanna hefur tekið gildi

**Í samræmi við samþykkt aukabúnaðarþings Bændasamtaka Íslands frá 10. júní tók nýtt skipulag samtakanna formlega gildi frá og með 1. júlí. Nýir starfsmenn gengu til liðs við samtökin frá búgreinafélögunum og hófu störf á sama tíma. Helstu breytingar á skipulagi skrifstofu eru að tvö ný svið hafa litið dagsins ljós, markaðssvið og fagsvið búgreina.**

Markaðssvið samtakanna mun hafa heildarumsjón með öllu markaðsstarfi og sinnir starfsemi og verkefnum sem heyra undir einstaka búgreinar og landbúnaðinn í heild, s.s. markaðsátök og tímabundin áhersluverkefni í markaðssetningu og kynningu sem er ætlað að styðja og efla íslenskan landbúnað. Á markaðssviði starfa Hafliði Halldórsson og Höskuldur Sæmundsson, sem sjá einnig um að miðla upplýsingum til allra markhópa um málefni tengd landbúnaði og matvælaframleiðslu og frumframleiðslu afurða.

Á fagsviði búgreina er starfað í deildum sem hafa það verksvið að annast um sérhæfð málefni einstakra búgreina. Fagdeildirnar sjá m.a. um ýmis málefni í ytra umhverfi búgreina, móta áherslur í hagsmunagæslu, taka þátt í skipan fagráða o.s.frv.

Til nánari upplýsinga þá verða verkefni viðkomandi búgreina í höndum eftirtalinna aðila hjá samtökunum:

Deild kúabænda á fagsviði búgreina: Margrét Gísladóttir, margret@bondi.is

Deild sauðfjárbænda á fagsviði búgreina: Unnsteinn Snorri Snorrason, unnsteinn@bondi.is

Deild garðyrkju á fagsviði búgreina: Katrín María Andrésdóttir

Enn á eftir að ganga frá ráðningu sérfræðings deildar nýsköpunar- og þróunar (loðdýrarækt, geitfjárrækt og skógrækt) og nýs tengiliðar fyrir garðyrkju. Þá munu verkefni deilda eggja- og kjúklingabænda og svínabænda skiptast yfir í markaðsmál, umhverfismál og ytra umhverfi greinanna og verða þau vistuð hjá Guðrúnu Vöku Steingrímsdóttur lögfr. gudrun@bondi.is og Kára Gautasyni sérfræðingi kari@bondi.is og á markaðssviði samtakanna hjá Hafliða Halldórssyni haflidi@bondi.is og Höskuldi Sæmundssyni hoskuldur@bondi.is.

Æðarræktarfélag Íslands og Félag hrossabænda greiddu atkvæði með samþykktum BÍ á aukabúnaðarþingi 10. júní 2021. Aðalfundir beggja félaga verða haldnir meðfram haustinu. Þjónusta og ráðgjöf frá starfsmönnum Bændasamtaka Íslands verður áfram til staðar fyrir félagsmenn BÍ í báðum búgreinum. Þá verður áfram fylgst með þáttum í starfsumhverfi búgreinanna og hagsmunagæsla félagsmanna verður tryggð.

### *Önnur verkefni sem eru í umsjón starfsmanna búgreina*

Unnsteinn Snorri Snorrason, sérfræðingur. Hans helstu verkefni snúa að gerð áætlana um aukinn árangur landbúnaðar í umhverfismálum, samskiptum við hagsmunaaðila, þjónustuaðila og stjórnvöld tengd umhverfismálum. Unnsteinn mun sitja í starfshópum á vegum hins opinbera í tengslum við umhverfismál. Ásamt því að vera sérfræðingur í umhverfismálum landbúnaðarins verður hann jafnframt tengiliður sauðfjárræktarinnar innan fagdeildar búgreinarinnar og fylgist með þáttum og starfsumhverfi greinarinnar innan landbúnaðarkerfisins.

Margrét Gísladóttir, sérfræðingur. Hennar helstu verkefni snúa að Kolefnisbrúnni, einkahlutafélagi í eigu Bændasamtaka Íslands. Kolefnisbrúin snýst um að ræktendur um land allt geti, með plöntun og umhirðu skóga, kolefnisjafnað sína eigin starfsemi og selt þá þjónustu til annarra, jafnvel til stórra og meðalstórra fyrirtækja.

Áhersla er lögð á að ferlið sé vottað og stuðli að umfangsmikilli kolefnisbindingu um land allt til að mæta skuldbindingum Íslands í alþjóðasamfélaginu og stefnumörkun stjórnvalda. Með Kolefnisbrúnni skapast tækifæri til atvinnusköpunar um land allt þar sem til verða störf við plöntuframleiðslu, skógrækt og skógarnytjar. Ásamt því að vera verkefnisstjóri yfir Kolefnisbrúnni mun Margrét jafnframt vera tengiliður kúabænda á fagsviði búgreina og fylgjast þar með þáttum og starfsumhverfi greinarinnar innan landbúnaðarins.

### *Aðrir starfsmenn Bændasamtaka Íslands*

Hjá Bændasamtökum Íslands starfar þaulreynt starfsfólk í öllum stöðum, með ólíkan bakgrunn sem búa að umfangsmikilli þekkingu á atvinnugreininni. Með áorðnum breytingum er stefnt að því að gera samtökin að framsýnum vinnustað sem einkennist af samvinnu og samstarfi og stöðugri þróun til samræmis við þarfir atvinnugreinarinnar hverju sinni og að skapa gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn. Auk starfsmanna á fagsviði búgreina og á markaðssviði samtakanna starfa starfsmenn á skrifstofu og útgáfu- og kynningarsviði samtakanna.

**Skrifstofa:**
Meginhlutverk sviðsins er að sinna rekstri samtakanna, stoðþjónustu við stjórn, félagsmenn og önnur svið samtakanna. Á sviðinu starfa sérfræðingar sem sinna fjármálum, mannauðsmálum, aðstoð við félagsmenn, greiningu á hagtölum og upplýsingasöfnun, ásamt lögfræðitengdum málefnum.

**Starfsmenn skrifstofu:**
- Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri
- Gylfi Þór Orrason, fjármálastjóri
- Sigríður Þorkelsdóttir, bókari
- Jóhanna Lúðvíksdóttir, þjónustufulltrúi
- Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnisstjóri með innleiðingu á nýrri innheimtu félagsgjalda
- Erla Hjördís Gunnarsdóttir, samskiptastjóri/upplýsingafulltrúi
- Kári Gautason, sérfræðingur í úrvinnslu og greiningu hagtalna landbúnaðarins
- Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, lögfræðingur

**Útgáfu- og kynningarsvið:**
Mikilvægur hluti af starfsemi Bændasamtakanna snýr að útgáfu- og kynningarmálum. Samtökin gefa út Bændablaðið og tímarit Bændablaðsins, fréttabréf til félagsmanna og reka vefina bondi.is, bbl.is og Hlaðvarp Bændablaðsins.

**Starfsmenn útgáfu- og kynningarsviðs:**
- Hörður Kristjánsson, ritstjóri
- Vilmundur Hansen, blaðamaður
- Sigurður Már Harðarson, blaðamaður
- Guðrún Hulda Pálsdóttir, blaðamaður
- Sigrún Pétursdóttir, umbrot og hönnun

Líkt og að framan hefur verið rakið eru samtökin í miklu umbreytingarferli og því má gera ráð fyrir að skipurit samtakanna sem gildir frá 1. júlí taki breytingum.

*/ehg*

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum og Nettó Ókeypis heimsending af www.eylif.is*



## Ólafía Ingólfsdóttir

Ólafía er 69 ára og starfaði sem rekstrarstjóri á N1 á Hvolsvelli. „Ég vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnéliðskipti þegar ég byrjaði að taka Active JOINTS síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með Active JOINTS frá Eylíf og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa vöruna.
Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga.
Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður".

Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn **Active JOINTS** og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.

Þetta er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég mæli 100% með **Active JOINTS** frá Eylíf.

Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf og finn strax mun á hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, finn einnig mun á húðinni og nöglum.

**Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.**

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR** og nýjasta varan er **Happier GUTS**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.
„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.
„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

### Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

### Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



## Rakel Jónasdóttir

Rakel Jónasdóttir starfar sem snyrtifræðingur og vinnur oft mjög langa vinnudaga. Rakel hefur verið greind með beinþynningu og þarf að fá nægilegt kalk og D-vítamín. Hún segir að **Stronger BONES** frá Eylíf hafi reynst sér mjög vel.

Rakel segist hafa verið að prófa allar vörur frá Eylíf og líkað þær virkilega vel. „Þar sem ég hef verið með beinþynningu hef ég þurft að passa mjög vel upp á að fá nægt kalk og D-vítamín," segir hún. „Þegar ég heyrði um **Stronger BONES** frá Eylíf var ég mjög spennt að prófa þessa vöru þar sem hún inniheldur náttúrulegt kalk og auk þess ríkulega af stein- og snefilefnum sem öll eru fengin úr náttúrunni. Ég hef fulla trú á að hrein íslensk hráefni séu betri fyrir líkamann en þau efni sem eru venjulega í kalktöflum," segir hún. „Það er síðan bara bónus að þetta eru tuggutöflur sem eru mjög góðar á bragðið."

Rakel segir að **Stonger BONES** hafi reynst sér mjög vel. „Ég vildi taka á vanda mínum og sporna við beinþynningunni án þess að taka inn lyf. Ég finn mikinn mun á mér með **Stronger BONES** og það hefur komið mér á óvart hversu góð áhrif það hefur á meltinguna," segir hún.

### Nýjasta varan frá Eylíf er Happier GUTS sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *GeoSilica kísillinn* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Fjallagrös* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af meltingarensýmum, C vítamíni, krómi, joði og sink.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.

## Þórdís S. Hannesdóttir



Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera".

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.




EYLÍF

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Erla H. Gunnarsdóttir (ábm.) ehg@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is − **Vefur blaðsins:** www.bbl.is − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Í góðra vina hópi

**Sveitin iðar af lífi. Í bókstaflegri merkingu þess orðs. Það er ekki nóg með að tjaldsvæði landsins, sérstaklega norðan- og austanlands, séu troðfull, heldur eru erlendu ferðamennirnir farnir að streyma til landsins. Þannig heyrast fréttir af metfjölda farþega í gegnum Leifsstöð á degi hverjum og að bílaleigur nái vart að anna eftirspurn, svo snarpur er kippurinn.**

Það sést nú, sem áður, hversu mikilvægir bændur eru í okkar þjóðfélagi og hvaða gildi það hefur að halda sem flestum stöðum á landsbyggðinni í byggð. Fréttist af bændum við Kirkjubæjarklaustur sem kallaðir voru út að kvöldlagi til sláttustarfa til að hægt væri að koma öllum gestum fyrir á tjaldstæði bæjarins. Ekki var að sökum að spyrja, bændur stukku til, tóku síðustu heyrúllur af túninu þannig að hægt væri að opna nýslegið aukatjaldsvæðið fyrir ferðaþyrsta hjólhýsaeigendur.

Þó eru ekki nærri allir sem verja sumrinu í að sleikja sólina fyrir austan og norðan með aftanívagna í eftirdragi heldur eykst nú aftur ásókn fólks í að ganga upp um fjöll og firnindi landsins, í öllum landsfjórðungum. Ferðafélag Íslands greinir nú um 70% aukningu í þátttöku, skráningu í ferðum og bókunum í skála frá síðasta sumri. Þetta er sennilega ein besta leiðin fyrir fólk til að kynnast landinu sínu betur, aftengjast og njóta alls hins besta sem náttúran hefur upp á að bjóða. Staðirnir eru óteljandi um allt land og víða hægt að finna gönguleiðir við allra hæfi.

Ferðaþjónustubændur vítt og breitt um landið eru farnir að brosa aftur, ef marka má orð Sölva Arnarssonar, formanns Félags ferðaþjónustubænda. Enda ekki nema von þegar menn hafa haft lokað hjá sér í hátt í 18 mánuði, þá hlýtur að glæðast í hjörtum manna að sjá aftur líf um þjóðvegi landsins, geta tekið á móti ferðalöngum aftur og sjá atvinnugreinina lifna við, sennilega með meiri hraða en menn óraði fyrir. Það er mikilvægt, líkt og Sölvi bendir á, að allir þurfa að vanda sig og taka skynsamlegar ákvarðanir þannig að ekki þurfi að koma upp aftur það óvissuástand sem hefur ríkt mánuðum saman. Við skulum ganga hægt um gleðinnar dyr.

Þrátt fyrir að lífið sé alla jafna yndislegt og gleðiefni að aftur sé hægt að fara á mannamót og gera sér glaðan dag í góðra vina hópi er mikilvægt að hafa í huga að við erum ekki alveg laus við veiruna sem hefur snúið heimsbyggðinni á hvolf síðasta rúma árið. Enn þurfum við að fara að öllu með gát svo ekki þurfi að skella öllu fyrirvaralaust aftur í lás. Með samhentu átaki tekst okkur það, hef ég trú á, en síðan verður tíminn að leiða í ljós hvernig veiran hagar sér og til hvaða ráðstafana verður tekið hverju sinni. En eitt er víst að félagsþyrstur almúginn á svo sannarlega skilið að fá að sletta aðeins úr klaufunum eftir langan þurrðartíma sem við vonum að komi ekki aftur. Það er nefnilega best þegar sveitin og tilveran iðar af lífi.

/ehg

# Samlegð í háskólum


**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is




**Síðastliðna daga og mánuði hefur farið fram mikil vinna í geymslum Bændasamtakanna við það að flokka, fara yfir og koma í geymslu því sem þar er. En í geymslum Bændasamtakanna úir og grúir af efni sem skrásetja langa sögu samtakanna og forvera þeirra.**

Fyrir nokkru fór ég þar í leiðangur og það vakti eftirtekt hversu mikill hluti af því efni sem þar var að finna var tengt menntun og fræðslu bænda. Þar voru leiðarvísar frá upphafi síðustu aldar um meðhöndlun á mjólk, leiðbeiningar um lokræsi frá því á kreppuárunum og svona mætti lengi telja. Menntun hefur lengi verið aflvaki framfara í landbúnaði.

*Þróun náms í landbúnaði*

Það var því heillaskref þegar bjartsýnir Íslendingar komu sér upp búnaðarskólum víða um landið á ofanverðri nítjándu öld og svo að lokum háskóla á Hvanneyri árið 1947. Einn af búnaðarskólunum, Hólar í Hjaltadal, fékk heimild til þess að starfa sem háskólastofnun og starfar sem háskóli í dag. Menntakerfið í landbúnaði hefur alltaf tekið breytingum. Nærtækt dæmi eru búnaðarskólarnir sem voru víða en með bættum samgöngum og fjarskiptum fækkaði þeim þangað til eftir urðu tveir, búfræðideildin á Hvanneyri og garðyrkjuskólinn á Reykjum. Ég tel vera kominn tíma á það að íhuga næstu skref í þróun náms í landbúnaði.

*Samvinna við leiðandi háskóla í fjarkennslu og lífvísindum*

Nýsköpun og aukin verðmætasköpun eru forsendur fyrir því að landbúnaðurinn nái að dafna á komandi árum. Því er mikilvægt að greint sé hvort hægt sé að hvata nýsköpun með því að auka samvinnu milli Landbúnaðarháskólans og Háskólans á Akureyri. Báðir þessir skólar hafa



öflugar auðlindadeildir sem ætla má að gætu skapað mikla samlegð. Sjávarútvegsdeildin við Háskólann á Akureyri er í fremstu röð í heiminum en jafnframt er þar öflug lífvísindadeild. Augljós samlegð er á milli lífvísinda og landbúnaðar. Sem dæmi má nefna grasprótínframleiðslu sem mikið er til umræðu í Danmörku þessi misserin, en hún spratt upp úr samvinnu lífvísinda og búvísindadeildar í háskólum þar ytra. Háskólinn á Akureyri hefur verið deigla nýsköpunar í sjávarútvegi síðustu ár og fjölmörg verkefni þaðan náð að blómstra og aukið verðmætasköpun við Íslandsstrendur.

*Sífræðsla og endurmenntun*

Á tímum þar sem nauðsynlegt er að styrkja þær búgreinar sem fyrir eru með nýsköpun og efla verðmætasköpun í landbúnaði má ætla að það geti verið mikils virði að auka samvinnu milli HA og LbhÍ. Þá er HA leiðandi í fjarkennslu og hefur verið í fararbroddi í að nýta fjarkennslulausnir um árabil. Fyrir landbúnaðinn kann það að reynast mikilsvert að auka þekkingu í þeim efnum þar sem á komandi árum verður sífræðsla og endurmenntun æ mikilvægari. Með aukinni tæknivæðingu og nákvæmnivæðingu landbúnaðarins vegna hinnar svokölluðu fjórðu iðnbyltingu mun þörf á slíkum úrræðum aukast. Náminu í búskapnum lýkur aldrei og síst ekki nú til dags.

*Síðustu fimmtán ár hafa reynst Landbúnaðarháskólanum erfið*

Síðasta stóra breyting á námi í landbúnaði var við sameiningu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, Garðyrkjuskólans á Reykjum og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri fyrir rúmum fimmtán árum. Hrunið lék stofnunina grátt og stöðugildum fækkaði gríðarlega mikið á árunum eftir hrun. Þannig dröbbuðust niður rannsóknarinnviðir, tækjakostur og aðstaða. Þá var einnig umræða á árunum eftir hrun að sameina stofnunina Háskóla Íslands. Sá leiðangur skilaði engu enda held ég að það sé farsælla fyrir stofnunina að vera hluti af minni einingu – sem er með sérhæfingu á sambærilegum fagsviðum.

Þá hefur óvissa um framtíð LbhÍ, vegna sameiningaráforma og nú síðast úrbeiningar á háskólanum vegna óánægju innan raða garðyrkjufólks um fyrirkomulag náms í garðyrkjufræðum reynst stofnuninni dýr. Mikilvægt er að á næstu árum sjáist þess merki að það sé fast land undir fótum svo að landbúnaðarrannsóknum verði búið aðlaðandi umhverfi fyrir unga vísindamenn sem nú á tímum geta fengið störf hvar sem er. Allt á sinn vitjunartíma, og líkt og tiltektin í geymslu Bændasamtakanna sýnir fram á – þá hefur menntun í landbúnaði alltaf þróast með samfélaginu. Nú er lag að taka næsta skref.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Súðavík við Álftafjörð. Súðavíkurhreppur er hreppur við sunnanvert Ísafjarðardjúp. Aðalatvinnuvegir eru landbúnaður og sjávarútvegur. Hinn 1. janúar 1995 sameinuðust Ögurhreppur og Reykjarfjarðarhreppur Súðavíkurhreppi. Árið 1995 féll stórt snjóflóð á þorpið og fórust 14 manns. Þá var ákveðið að flytja fasta búsetu manna innar í fjörðinn þar sem stór hluti af gamla þorpinu stendur á snjóflóðahættusvæði. Byggt var undir fjallinu Kofra í landi Eyrardals, sunnan Sauradals og ofan við Langeyri. Búist er við mikilli atvinnuuppbyggingu í Súðavík á komandi misserum, bæði vegna laxeldis og ekki síður vegna byggingar kalþörungaverksmiðju, líkt og gert var á Bíldudal.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF&STARF



Guðrún Birna Brynjarsdóttir, verkefnisstjóri yfir tiltekt í geymslum Bændasamtakanna í kjallara Hótel Sögu stendur hér vígreif með Gunnari Ah. Jensen hjá Nýju sendibílastöðinni, sem sá um að flytja gögnin á Þjóðskjalasafnið.

# Gersemar og gögn úr geymslu Bændasamtakanna send í varðveislu

## – Níu bretti til Þjóðskjalasafns

Guðrún Birna Brynjarsdóttir, verkefnisstjóri yfir tiltekt í geymslum Bændasamtakanna í kjallara Hótel Sögu, hefur unnið hörðum höndum síðan í maí að flokka og taka til í gömlum gögnum, margt af því frá tíma Búnaðarfélags Íslands. Á dögunum fór síðan stór farmur til varðveislu á Þjóðskalasafn Íslands, níu bretti með gögnum sem spanna um 100 ára sögu. Mest var af nautgripaskýrslum úr gömlu skjalasafni Búnaðarfélags Íslands en einnig fór heill kortaskápur og skjalakassar með uppdráttum frá Byggingaþjónustu landbúnaðarins til varðveislu á Þjóðskjalasafnið. /ehg



Það voru níu bretti sem fóru á dögunum til varðveislu í Þjóðskjalasafninu af gögnum sem spanna 100 ára sögu landbúnaðar hér á landi.



Það var skemmtilegt að rýna í handmáluð gögnin sem meðal annars innihéldu handskrifuð skjöl um þunga hrúta, tveggja vetra og eldri, á sýningum frá 1929-1946, kjötneyslu á Íslandi frá 1934-1946, túnstærð og töðufeng og síðan heldur Guðrún Birna á fjórum tegundum ræsa, grjótræsi, hnausaræsi, pípuræsi og viðarræsi.



Ragnhildur Helga Jónsdóttir, safnstjóri Landbúnaðarsafns Íslands, var kampakát að fá muni úr geymslunni til varðveislu, meðal annars bronsstyttu af Halldóri Vilhjálmssyni, skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri um áratuga skeið.



Framboð á íslensku kjötmeti rétt fyrir miðja öld.




Þyngdarmælingar á hrútum, 2 vetra og eldri.




Túnstærð og töðufengur er áhugavert til lestrar.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 278

Segir nú af **Sigrúnu Haraldsdóttur**. Hennar hefur þó verið lítillega getið hér í Bændablaðinu og birtar eftir hana stökur, en frekari ítarefni fara hér eftir lesendum til glöggvunar. Sigrún fæddist á Blönduósi á árinu 1953, dóttir hjónanna **Elínar Ólafsdóttur** og **Haraldar Karlssonar**, þá bænda í Litladal í Svínavatnshreppi A-Húnavatnssýslu. Sigrún á þannig sveitarætur sterkar þó hún sé vistuð í Reykjavík frá tíu ára aldri. Hagmælsku sækir hún til beggja foreldra, móðir Sigrúnar af kunnri Guðlaugsstaða- og Snæbjarnarætt í Vatnsdal og faðir hennar Haraldur hagorður í betra lagi. Mestan sinn starfsaldur hefur Sigrún átt á Landspítalanum í Reykjavík sem einn af okkar tilvitnuðu „sérfræðingum" á heilbrigðis- og tæknisviði. Á árinu 2015 kom út ljóðabókin Hvítir veggir eftir Sigrúnu, í meira lagi eiguleg ljóðabók. En lausavísur Sigrúnar hafa víða ratað í blöð og tímarit, og í þessum vísnadálki verða mestanpart birtar hestavísur sem orðið hafa til, enda Sigrún dolfallin hestamanneskja. Nú er líka tími hestaferða vítt um okkar fagra land, og Bændablaðið atað í hestamyndum.

Um gæðinginn Frakka eru fyrstu fimm vísur þessa þáttar:

*Lífi þegar leyst verð frá*
*lýt ég höfði og þakka,*
*góða fyrir Guðs-umsjá*
*og gæðinginn hann Frakka.*

*Undan fæti glymur grund,*
*gott er sæti í hnakki.*
*magnar kæti, mýkir lund*
*minn ágæti Frakki.*

*Víst ég þakka veröld má*
*vetrar hlakka brýnu.*
*Hef ég Frakka að horfa á*
*háu makka línu.*

*Vökul unaðs- vakir -þrá,*
*villta bærir strengi.*
*Vildi ég láta teygja tá*
*töfrafák á engi.*

*Klýfur vindinn klárinn minn*
*kjarkur aldrei hikar.*
*Fagurgengi fákurinn*
*fram á veginn stikar.*

*Hart þó leiki heimsins puð*
*hef ég margt að þakka.*
*Af stakri elsku gaf mér Guð*
*gæðinginn hann Frakka.*

Ótal gæðinga hefur **Sigrún** átt og alið um sína daga. Hestinum Sprota hefur hún ort marga afbragðs vísuna:

*Sproti fríður löppum létt*
*lyftir gríðarlega.*
*Töltir þýður, tekur sprett,*
*talinn prýði vega.*

*Hástígur og frískur fer*
*fasmikill um götur,*
*lítt sá góði gandur er*
*gerður fyrir lötur.*

*Hnarreistur með gust og gný*
*götu stikar vota,*
*það er kyngikraftur í*
*klárnum honum Sprota.*

Um hestinn **Nóa frá Stóra-Hofi** orti hún margar vísur:

*Montinn töltir, mjúkur, knár,*
*makkinn lipurt sveigður,*
*fínbyggður og fótahár,*
*fagurlega eygður.*

*Væri ég hryssa vors um nótt*
*vafin angan fríóa,*
*hve ég mundi falla fljótt*
*fyrir honum Nóa.*

**Jakob á Hóli í Svartárdal** trúði **Sigrúnu** fyrir því, að hann hefði haft hestinn Blakk hakkaðan til hádegisverðar. Sigrún orti þá þessa tíðindavísu:

*Endar jafnan allra leið*
*og ævitörn.*
*Blakkur rann sitt Skúlaskeið*
*í skeifugörn.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

FRÉTTIR

### Norðlenska, Kjarnafæði og SAH:

# Samkomulag um samruna uppfyllt

Samkomulag um samruna Kjarnafæðis, Norðlenska matborðsins og SAH afurða var undirritað í júlí 2020. Samkeppniseftirlitið heimilaði samrunann með skilyrðum í apríl síðastliðinn. Skilyrði hafa verið uppfyllt og geta samrunafélögin því hafið sameiningarferlið.

Rekstrarskilyrði félaganna hafa versnað verulega á liðnum árum og auk þess hafa áhrif samdráttar í kjölfar Covid-19 gert þá stöðu enn þyngri.

Sameining félaganna og sú hagræðing sem stefnt er að með henni er nauðsynleg svo standa megi vörð um þá mikilvægu framleiðslu og þá þjónustu sem félögin veita bændum, viðskiptavinum og neytendum.

Vonir standa til þess að samruni félaganna verði formlega frágenginn í lok sumars en eigendur samrunafélaganna hafa komið sér saman um að formaður stjórnar sameinaðs félags verði Helga Björk Eiríksdóttir og forsvarsmaður félagsins verði Ágúst Torfi Hauksson. /VH



**Matvælaráð: Nýtt Matvælaráð Samtaka iðnaðarins, talið frá vinstri í efri röð, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Stefán Magnússon, markaðsstjóri CCEP á Íslandi, Gunnar Sigurðarson, viðskiptastjóri hjá SI, Sæmundur Sveinsson, fagstjóri Matvís, og Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI. Í neðri röð eru Valmundur Pétur Árnason, framkvæmdastjóri Lostæti Austurlyst, Rannveig Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Kötlu og formaður Matvælaráðs SI, og Auðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Siríus.** Mynd/Birgir Ísleifur.

# Nýtt Matvælaráð Samtaka iðnaðarins tekið til starfa

**Nýtt Matvælaráð Samtaka iðnaðarins (SI) hefur verið sett á laggirnar.**

Í ráðinu sitja Rannveig Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Kötlu, sem er formaður ráðsins, Auðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Siríus, Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, Sigurjón R. Rafnsson, aðstoðarkaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga, Stefán Magnússon, markaðsstjóri CCEP á Íslandi, Sæmundur Sveinsson, fagstjóri Matvís, og Valmundur Pétur Árnason, framkvæmdastjóri Lostæti Austurlyst.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá SI. Matvælaráð er vettvangur umræðu um stöðu matvælaiðnaðar á Íslandi, greininga og margvíslegrar stefnumótunar ólíkra matvæla- og drykkjarframleiðenda innan Samtaka iðnaðarins. Matvælaiðnaður á Íslandi skapar 4,6% landsframleiðslunnar, sem eru ríflega 122 milljarðar króna og í greininni eru starfandi um 10.400 manns, sem er 5% af heildarfjölda starfandi í landinu. Nýja ráðið áformar í haust að efna til umræðu um stöðu íslenskra matvælaframleiðenda, helstu áskoranir og tækifæri í atvinnugreininni. /MHH



**Starfsfólk Haga og þeirra átta frumkvöðlafyrirtækja sem fengu styrk úr nýsköpunarsjóðnum „Uppsprettunni", þegar tilkynnt var um styrkina á dögunum.** Mynd/Hagar

### Styrkir Haga:

# Íslensk matvælaframleiðsla

**Hagar hafa veitt átta frumkvöðlafyrirtækjum styrk að verðmæti 11 milljóna króna til að vinna að nýsköpunarverkefnum í matvælaiðnaði.**

Peningarnir koma úr nýsköpunarsjóðnum „Uppspretta" hjá Högum, sem hefur það markmið að styðja við frumkvöðla til þróunar og nýsköpunar í íslenskri matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á að verkefnin sem hljóta styrkveitingu taki tillit til sjálfbærni og styðji innlenda framleiðslu. Alls bárust tugir umsókna um styrk í sjóðinn og valdi matsnefnd átta verkefni til styrkveitingar.

***Verkefnin sem hlutu styrkveitingu eru eftirfarandi:***

The Optimistic Food Group framleiðir ferskar og góðar grænkeravörur. Þeirra fyrsta vara á markað verður Happyroni.

Responsible Foods vinnur að framleiðslu á ostasmánaslinu Crunchy Toppers sem er framleitt með nýstárlegri tækni og eykur nýtingu á hráefnum við framleiðslu á þurrkuðu ostanasli.

Vegangerðin framleiðir matvörur sem innihalda engar dýraafurðir úr nærumhverfi. Fyrsta vara Vegangerðarinnar verður Tempeh sem er kolvetnarík grænkeravara.

Kokteilaskólinn hlaut styrk til framleiðslu á kokteilasírópi í hæsta gæðaflokki. Sírópið er ætlað að auðvelda gerð kokteila, bæði óáfengra og áfengra.

Plantbase Iceland vinnur að framleiðslu á næringarríku kjötlíki úr plönturíkinu og nota til þess náttúrulega gerjunarferla. Bongó Bongó verður fyrsta próteinríka vara Plantbase á markað.

Livefood ehf. vinnur að framleiðslu á hágæða íslenskum grænkeraostum. Ostarnir verða unnir úr íslenskum kartöflum og því einstakir á heimsvísu. /MHH




### Karolina fund:

# Lífræn ræktun á Íslandi

**Anna María Björnsdóttir hefur í eitt og hálft ár unnið að heimildarmynd um lífræna ræktun á Íslandi.**

Tildrög myndarinnar eru sú að Anna bjó í Danmörku í tíu ár þar sem tengdaforeldrar hennar reka lífrænt bú og mikil áhersla er lögð á lífræna ræktun. Allt annað umhverfi og viðhorf blöstu við henni og fjölskyldu hennar þegar hún flutti til Íslands.

Að sögn Önnu er Ísland töluvert á eftir löndunum í kringum okkur þegar kemur að lífrænni ræktun. „Á meðan ég bjó í Danmörku varð ég ólétt og þar var mikil umræða um lífræna ræktun og mikilvægi lífrænnar fæðu á meðgöngu til að draga úr magni eiturefna sem fóstrið verður fyrir. Einnig komst ég að því að stefna margra sveitarfélaga í Danmörku er að börnum í leikskólum sé boðið upp á lífrænt fæði og þannig var það þar sem við bjuggum. Þetta vakti áhuga minn á lífrænni ræktun og þeim mun meira sem ég kynnti mér málið óx áhugi minn á því. Lífræn ræktun snýst ekki bara um heilbrigði okkar heldur líka jarðarinnar. Við fjölskyldan vorum því farin að neyta nánast eingöngu matar sem hafði verið ræktaður með aðferðum sem viðurkenndar eru sem lífrænar."



***Allt annað umhverfi***

„Allt annað umhverfi og viðhorf blöstu við okkur þegar við fluttum til Íslands. Mun minna er af lífrænum matvælum í boði á Íslandi en í Danmörku. Það er því erfitt að neyta einvörðungu lífrænna afurða og umræðan um lífræna ræktun og lífrænt mataræði lítil. Ég komst fljótt að því að Ísland er langt á eftir löndunum í kringum okkur hvað varðar lífræna ræktun og aðeins eru um 30 lífrænir bændur á Íslandi af u.þ.b. 3.000. Sú tala hefur nánast staðið í stað í áratugi.

Margir þessara bænda hafa synt á móti straumnum í áratugi en hafa á sama tíma sýnt og sannað hvernig er hægt að stunda lífræna ræktun á Íslandi. Sögur þessara bænda eru einstakar og sýna mikið frumkvöðlaeðli blandað við eldmóð og ástríðu fyrir að rækta matvæli í sátt við jörðina og umhverfið. Í heimildarmyndinni heimsæki ég nokkra þessara bænda og frumkvöðla í lífrænni ræktun á Íslandi."

Anna er að safna fyrir seinni hlutanum á upptökum og eftirvinnslu á myndinni á Karolina fund og stendur söfnunin til 31. ágúst næstkomandi. Til stendur að frumsýna myndina 2022. /VH

***Linkur á söfnunarsíðuna: https://www.karolinafund.com/project/view/3433***


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með
því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is



Sölvi Arnarson, formaður Félags ferðaþjónustubænda.

## Góður gangur hjá ferðaþjónustubændum:

# Hjólin snúast hratt

**„Það má alveg segja að við sem störfum innan ferðaþjónustunnar erum aðeins farin að brosa aftur. Það fór allt vel í gang um leið og hömlum var aflétt af landamærunum og straumur ferðafólks farið vaxandi síðan þá,“ segir Sölvi Arnarson, formaður Félags ferðaþjónustubænda. „Hjólin fóru strax að snúast hratt.“**

Hann segir að staðan nú sé víðast hvar með ágætum, margt fólk á ferli og nýting alls staðar góð. Bandaríkjamenn séu þeir útlendingar sem eru áberandi flestir um þessar mundir en aðrar þjóðir vissulega líka á ferðinni. „Það er gaman að sjá að bílaleigubílarnir eru aftur komnir á þjóðvegina, þetta er að verða líflegt og skemmtilegt,“ segir Sölvi.

*Töluvert átak að opna aftur*

Hann segir að margir hafi átt í erfiðleikum með að opna sína starfsemi á ný eftir langa lokun, frá 14 og upp í 18 mánuði þar sem mest var. „Það er ekki svo erfitt að skella í lás, en það er töluvert átak að opna aftur. Það er að mörgu að huga og margt sem þarf að gera. Eitt af því sem reyndist mörgum ferðaþjónustubændum erfitt núna var að fá nægan mannskap í vinnu. Það var alls ekki auðvelt alls staðar, einhverjir gripu til þess ráðs að hafa skemmri afgreiðslutíma til að mæta því,“ segir hann.

Annað sem við ferðaþjónustubændum blasti þegar landamærin voru opnuð var óvissan um á hverju menn gætu átt von. „Það vissi auðvitað enginn hver fjöldinn yrði, það voru ákveðnar væntingar í gangi en enginn vissi nákvæmlega hvernig þetta yrði. Staðreyndin er að hraðinn varð meiri en menn áttu von á fyrst,“ segir Sölvi.

*Innviðir til staðar*

Nú í júlí eru margir Íslendingar á ferðinni og veðurblíða á austanverðu landinu hefur dregið marga þangað. Tjaldvæði eru víða svo gott sem yfirfull og gistimöguleikar aðrir eru vel nýttir. Sölvi segir að innviðir séu í lagi og oft áður hafi verið fleira fólk á ferðinni en nú.

„Þannig að þetta mun allt bjargast, það voru allir tilbúnir að taka á móti ferðafólki og ég finn að það er allt að smella og gengur vel smurt,“ segir hann.

*Ekkert villtavestursástand*

Sölvi segir að fólk innan ferðaþjónustunnar fái auka hjartaslag þegar Þórólfur boði blaðamannafund og svo hafi verið á dögunum. „Þetta er samt ósköp einfalt, þetta er ekki búið og við verðum að teysta því fólki sem er í forystunni og það hefur sýnt að það veit hvað það er að gera. Það hefur gengið betur hjá okkur en flestum Evrópuríkjum,“ segir hann og bætir við að menn hafi skilning á því að grípa þurfi til ráðstafana nú.

„Ég tek eftir því að menn eru að virða sóttvarnir, það er alls staðar spritt í boði og það er til að ferðahópar óski eftir að þjónustufólk beri grímur þegar það er að störfum. Það er ekki eins og þetta sé eitthvað villtavestursástand, menn eru að vanda sig,“ segir Sölvi. /MÞÞ

KONUR 40 ÁRA OG ELDRI
VIKAN YKKAR Á SPÁNI: 19. OKT ALBÍR / 27. OKT TENERIFE
Vinsælar kvennaferðir til Spánar og Tenerife í boði í haust. Vandað uppbyggjandi lífsgæðanámskeið hagnýtt og skemmtilegt. Frábærar skoðunarferðir og hæfilegar gönguferðir. Beint flug og gott hótel með morgun og kvöldverði, notaleg samvera og tækifæri til nýrrar vináttu. Uppbyggingarferðir sem hafa fengið frábærar umsagnir. Kjörið fyrir stakar konur hvaðan af landinu sem er enda vönduð dagskrá, örugg fararstjórn og hlý stemming, en líka gaman fyrir vinkonur og hópa. Sól, sæla og útivera á Spáni í góðum félagsskap, gerist ekki betra!
Allar upplýsingar: http://www.skotganga.co.uk/sjalfsraektarferdir
Inga Geirs fararstjóri Skotgöngu – inga@skotganga.co.uk
Kristín Linda sálfræðingur Huglind – kristinlinda@huglind.is

Bændablaðið
Kemur næst út
12. ágúst



Íslenski sportbíllinn „Adrenalín“, sem var hannaður og smíðaður af Gunnari E. Bjarnasyni og Theódóri H. Sighvatssyni, er á safninu og vekur þar mikla athygli. Myndir/Aðsendar

## Breiðdalsvík:

# Frystihúsið – nýtt og glæsilegt bílasafn

**Laugardaginn 26. júní, á 53 ára afmælisdegi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, var opnað nýtt og glæsilegt bílasafn á Breiðdalsvík.**

Safnið heitir „Frystihúsið bílasafn“ eða „Factory Car Museum“ á ensku. Safnið eru í eigu þeirra Ólafs Hvanndals, Ingólfs Finnssonar, Guðbjartar Guðmundssonar og Ingólfs Finnbogasonar. Þar eru rúmlega 20 bílar af ýmsum tegundum, m.a. Porsche, Mercedes Benz, Lotus, BMW, Morgan og Jaguar. Þá er á safninu eintak af íslenska sportbílnum „Adrenalín“, sem var framleiddur í aðeins tveimur eintökum skömmu fyrir síðustu aldamót.

„Bílarnir eru flestir í einkaeigu og þá ýmist í eigu okkar eigenda safnsins eða annarra sem hafa verið svo velviljaðir að lána safninu bíla. Safnið mun verða lifandi á þann hátt að safngripum verður reglulega skipt út svo alltaf verði eitthvað nýtt að sjá fyrir gesti,“ segir Ólafur.

*En hvaða bíll fær mesta athygli á safninu?*

„Það er Mercedes Benz 290B árgerð 1937 en sá bíll var embættisbíll Werner Gerlach, ræðismanns Þýskalands á Íslandi á stríðstímanum og líklega einn sögufrægasti bíll Íslandssögunnar,“ segir Ólafur. Safnið, sem er í gamla frystihúsinu á Breiðdalsvík verður opið í allt sumar alla daga frá kl. 10.00–18.00 og kostar þúsund krónur inn á safnið en frítt er fyrir börn 12 ára og yngri. /MHH



Guðbjartur Guðmundsson (lengst til vinstri), Ólafur Hvanndal Ólafsson, Ingólfur Finnbogason og Ingólfur Finnsson að opna safnið laugardaginn 26. júní 2021. Þeir hvetja alla til þess að leggja leið sína til Breiðdalsvíkur til þess að skoða bílasafnið og njóta alls þess sem bærinn hefur upp á að bjóða.



Tveir af bílunum á safninu, Mercedes Benz 290B árgerð 1937 (til vinstri) og Mercedes Benz 170V árgerð 1936.



Mikið af glæsilegum bílum eru á safninu þar sem bílaáhugamenn, karlar og konur geta gleymt sér við að skoða bílana.

# Ný og öflug vefverslun fyrirtækja
















## Við tökum vefverslunina alla leið

Við kynnum nýja vefverslun N1 með um 5.000 vörunúmer fyrir fyrirtæki og fólk í rekstri, hvort sem er til sjávar eða sveita. Fyrsta skrefið er að skrá sig og skoða úrvalið – svo sendum við þér það sem þú kaupir. Við tökum hlutina nefnilega alla leið á netinu líka!

**Skráðu þitt fyrirtæki**
**á vefverslun.n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

440 1000 n1.is

ENNEMM / SÍA / NM-00492

FRÉTTIR



**Verkefnið Glæðum Grímsey mun standa út árið 2022 og þess vænst að það muni styrkja búsetu í eyjunni.** Myndir / Kristján Þ Halldórsson á vef Byggðastofnunar

## Glæðum Grímsey:

# Framlengja verkefnið til loka næsta árs

**Ákveðið hefur verið að halda verkefninu Glæðum Grímsey áfram út næsta ár. Byggðastofnun leggur verkefninu til fjármuni úr Brothættum byggðum líkt og verið hefur undanfarin ár og eru þau nýtt til verkefnastjórnunar og til að styrkja framfaraverkefni.**

Akureyrarbær og Samtök sveitarfélaga leggja verkefninu einnig lið og annast umsýslu þess með Byggðastofnun.

Þáttur íbúa í Grímsey snýst um að styrkja samfélagið með ýmsum framfaraverkefnum en þyngst vegur þó dugnaður þeirra sjálfra í verkefninu. Íbúar komu saman á dögunum til fundar sem loks var hægt að boða eftir að kórónuveirufaraldur er í rénun, en farið var yfir stöðuna og framhaldið rætt. Mæting á fundinn var mjög góð.

Halla Björk Reynisdóttir, formaður verkefnisstjórnar og forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, setti fundinn og gerði grein fyrir ákvörðun um framlengingu verkefnisins til loka árs 2022, í kjölfar samtals fulltrúa Akureyrarbæjar við stjórnvöld og samþykktar ríkisstjórnar þar að lútandi.

Nánar var farið yfir helsta árangur verkefnisins til þessa og áherslur næstu mánaða. Í framhaldi af því var gerð grein fyrir stöðu markmiða í verkefnisáætlun og að því loknu skiptu íbúar sér í hópa til að ræða áherslur í vinnu næstu missera í framlengdu verkefni. /MMÞ



**Á bryggjunni í Grímsey.**



**Góð mæting var á íbúafund sem haldinn var um verkefnið nýverið.**

Donaldson.
Filtration Solutions



2012 2018
Framúrskarandi fyrirtæki

REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON
Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf Höfðabakka 9 110 Reykjavík
Sími: 562 2950 Fax: 562 3760
E-mail: bjorn@reki.is www.reki.is



**Jón Jóhannsson í Mosskógum í Mosfellsdal hefur ræktað grænmeti um árabil og byrjaði með grænmetismarkað á staðnum fyrir 20 árum sem hefur þróast út í líflegan bændamarkað allar helgar yfir sumarið.**

# Alls konar gómsætt og gott úr sveitinni

**Jón Jóhannsson er staðarhaldari að Mosskógum í Mosfellsdal þar sem haldinn hefur verið grænmetismarkaður í 20 ár.**

Á hverju ári bætist við úrvalið og er þar að finna fjölbreyttan varning frá ræktendum og framleiðendum í nágrenninu, blóm, glænýjan silung úr Þingvallavatni, hunang, umhverfisvænar sápur með ýmiss konar jurtum ásamt veitingum frá ýmsum þjóðlöndum.

Blaðamaður Bændablaðsins átti leið um Mosskóga á dögunum, þegar annar markaður sumarsins var haldinn. Opið er allar helgar, laugardag og sunnudag fram í september/október, allt eftir því hvað veðrið leyfir. Það var hin fínasta sumarstemning á markaðnum en Jón segir þau fara rólega af stað og auglýsa lítið í byrjun þannig að þau nái að anna eftirspurn.

„Við auglýsum okkur á Facebook en þegar á líður sumarið verður meira úrval og því förum við hægt í sakirnar til að byrja með. Ég byrjaði hér með trjárækt en fór svo smátt og smátt út í grænmetið og var í raun algjör tilviljun að við byrjuðum með markaðinn á sínum tíma. Það kom viðtal í Morgunblaðinu og það varð algjör sprenging hér, komu um tvö þúsund manns og allt tæmdist á augabragði. Síðan hefur þetta fest sig í sessi og það er alltaf jafn góð og hugguleg stemning hérna sem fólk sækir í, en núna má eiginlega segja að þetta sé orðið bændamarkaður því úrvalið er mun meira en eingöngu grænmeti,“ útskýrir Jón Jóhannsson í Mosskógum. /ehg



**Glæsileg blóm voru til sölu frá Dalsgarði.**



**Það er ekki amalegt að geta keypt sér nýveiddan silung beint upp úr Þingvallavatni.**



**Þessi mæðgin seldu alls kyns tegundir af hunangi frá heimalandi sínu.**

# OPIÐ FJÓS í Réttarholti í Skagafirði
## laugardaginn 24.júlí frá kl. 15 - 19

**Allir velkomnir**
Léttar veitingar

Nýtt hátæknifjós í algerum sérflokki var tekið í notkun 12. júní 2020 en ekki hefur gefist tækifæri til að hafa opið fjós fyrr en nú sakir aðstæðna.

Fjósið er búið eftirfarandi búnaði:

- 2 x GEA Dairy Robot R9500 mjaltaþjónar
- Innréttingar frá GEA
- Kúabursti frá GEA
- Flórsköfuþjarkur með úðakerfi frá GEA
- Wela longline legumottur frá Kraiburg
- Sjálfvirkt fóðurkerfi með 20 m³ heilfóður-blandara og gjafabandi frá GEA
- Steinbitar frá Thye-Lokenberg
- Fullkomið loftræstikerfi frá Big Dutchman

**Lífland óskar ábúendum þeim Anniku og Róbert hjartanlega til hamingju með þetta glæsilega fjós.**





GEA
Big Dutchman
thye-lokenberg Betonwerke GmbH
KRAIBURG

LÍFLAND

Sala og ráðgjöf
**Sími 540 1100**
**www.lifland.is**
lifland@lifland.is



FRÉTTIR

### Sveitarstjórn Dalabyggðar horfir í kringum sig með hugsanlega sameiningu í huga:

# Horfum á sameiningu sem uppbyggjandi sóknaraðgerð en ekki vörn

## – segir Kristján Sturluson, sveitarstjóri í Dalabyggð

**„Okkar viðleitni miðar að því að styrkja stjórnsýsluna, sjá hvaða möguleikar eru fyrir hendi í því skyni að stækka og eflast. Í okkar huga er þetta sóknaraðgerð, við horfum svo á að við séum í sókn og að byggja upp en þetta verði ekki varnaraðgerð," segir Kristján Sturluson sveitarstjóri í Dalabyggð. Sveitarstjórn Dalabyggðar lét á liðnum vetri vinna fyrir sig valkostagreiningu varðandi hugsanlega möguleika á sameiningu við önnur sveitarfélög.**


Dalabyggð liggur að Breiðafirði og nýtur einstaks umhverfis og lífríkis fjarðarins.

Markmið þess verkefnis var að greina styrk- og veikleika, tækifæri og ógnanir Dalabyggðar kæmi til sameiningar sveitarfélagsins við önnur. Valkostagreiningin á að auðvelda sveitarstjórn að meta hvort og þá við hvaða sveitarfélög hefja skuli sameiningarviðræður við. Bent var á 6 möguleika og völdu þátttakendur á rafrænum íbúafundi á milli þeirra. Fýsilegast þótti að snúa sér fyrst til nágranna í Helgafellssveit og Stykkishólmi og Húnaþingi vestra.

*Þráðurinn tekinn upp á ný í haust*

„Við höfum nú í júní átt fundi með fulltrúum í sveitarstjórnum Húnaþings vestra annars vegar og Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar hins vegar. Þeir komu til skrafs og ráðgerða við okkur hér í Búðardal og við gerum ráð fyrir að endurgjalda heimsóknina með því að fara til þeirra í haust," segir Kristján. „Það er engin niðurstaða úr þessum fundum enda var það ekki ætlunin, þetta var samtal um möguleika og næstu skref," segir hann. Niðurstaða sveitarstjórnar í vetur hafi verið sú að hefja samtalið við áðurnefnd sveitarfélög, það hafi verið gert og verði þráðurinn tekinn upp að nýju á komandi hausti.

*Margir kostir fyrir hendi*

Hugsanlegt nýtt sveitarfélag með Dalabyggð, Helgafellssveit og Stykkishólmi innanborðs yrði með 1.936 íbúa, en Dalabyggð og Húnaþing vestra hefði 1.854 íbúa. Fleiri kostir voru listaðir upp í valkostagreiningunni, einn þeirra var að horfa til Vesturlands,


Kristján Sturluson, sveitarstjóri í Dalabyggð.

þ.e. að kanna sameiningu Dalabyggðar við Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp og Skorradalshrepp en við það yrði til sveitarfélag með 4.655 íbúum. Annar kostur var að taka 6 sveitarfélög við Breiðafjörð inn í eitt hugsanlegt sveitarfélag með 3.177 íbúa, en auk Dalabyggðar væri um að ræða Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Reykhólahrepp og Stykkishólm. Þá er nefndur sá kostur að horfa til Stranda og Reykhólahrepps en við það yrði til sveitarfélag með 1.523 íbúum og samanstæði af fimm sveitarfélögum, Dalabyggð, Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Reykhólahreppi og Strandabyggð. Ef Húnaþing vestra kæmi með þessum áðurnefndum fimm sveitarfélögum yrði til sveitarfélag með 2.704 íbúa.


Dalabyggð er landfræðilega stórt sveitarfélag en fámennt, íbúarnir eru 640 talsins.

*Dalabyggð er búsældarlegt landbúnaðarhérað*

Dalabyggð varð til árið 1994 við sameiningu sex hreppa á svæðinu en síðar bættust tveir við. Kristján segir sveitarfélagið landfræðilega stórt en það sé fámennt, íbúarnir um 640 talsins. Stærstu atvinnugreinar sveitarfélagsins eru landbúnaður og matvælaframleiðsla. „Þetta er búsældarlegt landbúnaðarhérað með margvíslega möguleika, en ferðaþjónusta hefur verið vaxandi hér um slóðir og skapað ný störf í stað þeirra sem tapast hafa og þannig að hluta til bætt tapið upp. Við búum svo vel að eiga mörg sérstæð náttúrufyrirbæri innan okkar samfélags sem draga að sér gesti, hér eru þekktar laxveiðiár og lághitasvæði með hverum og laugum," segir Kristján. Landbúnaður hefur aðeins verið á undanhaldi, sama þróun í Dalabyggð og hvarvetna um landið, búum fækkar og þau stækka en þurfa að jafnaði ekki mikinn mannafla í reksturinn.


Stærstu atvinnugreinar í Dalabyggð eru landbúnaður og matvælaframleiðsla, en ferðaþjónusta sækir í sig veðrið.

Kristján nefnir einnig að samgöngur vegi þungt þegar horft sé til sameiningar, víða sé pottur brotinn þegar að þeim komi. Vegtengingar við bæði Snæfellsnes og Húnavatnssýslu gætu verið mun betri. Auk þess sé ástand héraðs- og tengivega ekki alls staðar gott. „Það er alveg ljóst að ef til sameiningar kemur, hver svo sem hún verður, þurfa samgöngur innan nýs sveitarfélags að vera eins greiðar og kostur er," segir Kristján.

*Skiptir mestu að styrkja stjórnsýsluna*

Hann segir að í hugsanlegum sameiningaviðræðum sé einkum horft til þess hvað Dalabyggð varðar að styrkja stjórnsýsluna, að tryggja þjónustu og vöxt í atvinnumálum. Fámenn sveitarfélög eigi erfitt með að sinna lögbundnum skyldum sínum og standa ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru á ýmsum sviðum. Mörg þeirra kaupi þjónustu af nágrannasveitarfélögum. „Það má alveg setja spurningarmerki við sjálfstæði sveitarfélaga sem eru í þeirri stöðu að kaupa þjónustu af næsta sveitarfélagi. Með því fyrirkomulagi höfum við fært valdið á málaflokknum yfir til annarra, þeir fulltrúar sem íbúar sveitarfélagsins hafa kosið til að annast um sín mál hafa lítil áhrif, valdið á málaflokknum hefur færst út fyrir sveitarfélagamörkin," segir Kristján. /MÞÞ



FRÉTTIR

## Húnavatnshreppur og sameiningarmálin:

# Skoðanakönnun um vilja íbúa gerð í alþingiskosningum

**Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur tekið jákvætt í ósk forsvarsmanna Blönduósbæjar um að hefja formlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna tveggja.** Sameining var samþykkt í báðum þessum sveitarfélögum í íbúakosningu í byrjun sumars. Tvö sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu, Skagaströnd og Skagabyggð felldu þá sameiningu.

Fram kemur í fundargerð sveitarstjórnar Húnavatnshrepps að áður en lagt verði í þá vegferð sem sameiningarviðræður eru telji hún rétt að leggja fyrir skoðanakönnun samhliða alþingiskosningum í lok september.

„Ástæða þess er að tryggja umboð sveitarstjórnar frá íbúum sveitarfélagsins til að fara í slíkar sameiningarviðræður," segir í bókun frá fundinum.

Samþykkt var á fundinum að leggja skoðanakönnun fram í þeim kosningum og mun verða lögð fram spurningin; Vilt þú að Húnavatnshreppur fari í sameiningarviðræður við Blönduósbæ?

*Viðræðum verði lokið í síðasta lagi í janúar á næsta ári*

Mikil undirbúningsvinna hefur þegar farið fram en sveitarstjórn segir þó að grundvallarmunur sé á þessari sameiningu en þeirri sem felld var í júní síðastliðnum. Verði niðurstöður skoðanakönnunar þær að meirihluti íbúa sveitarfélagsins vilji fara í formlegar sameiningarviðræður ætli sveitarstjórn að leggja allt kapp á að ljúka sameiningarviðræðum og kosningu eins hratt og hægt er og eigi síðar en í janúar árið 2022. Þá segir í bókun sveitarstjórnar að enn standi þeir fjármunir til boða sem lagt var upp með í fyrri viðræðum og það brátt fyrir að formlegar viðræður hefjist ekki fyrr en í október. „Mikill og góður grunnur hefur verið lagður fyrir þessar sameiningarviðræður en þó er ljóst að nokkra vinnu þarf að leggja í nýjar viðræður," segir enn fremur.

*Brunavarnir í þjónustusamning?*

Bent er á vegna bókunar frá Blönduósbæ um undirbúning að uppsögn vegna byggðasamlaga að gerðar séu í bréfi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu athugasemdir við samþykktir byggðasamlags um Brunavarnir Austur-Húnvetninga.

„Vegna þess ágreinings sem uppi hefur verið um rekstur byggðasamlags um brunavarnir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að kanna hvort rekstur brunavarna hjá sveitarfélaginu sé betur kominn í þjónustusamningi milli sveitarfélaganna í stað byggðasamlags." /MÞÞ



Viðbygging er að hefjast við leikskólann á Stykkishólmi.

## Stykkishólmur:
## Viðbygging við Leikskóla Stykkishólms

**Framkvæmdir eru hafnar við viðbyggingu við Leikskólann í Stykkishólmi. Fyrsta skóflustungan var tekin nýverið við hátíðlega athöfn og því ekkert að vanbúnaði að hefja byggingaframkvæmdir.**

Núverandi leikskóli er með þremur deildum og er nú verið að bæta þeirri fjórðu við til að mæta auknum nemendafjölda við skólann. Laus kennslustofa hefur verið nýtt til að bera fjórðu deildina frá árinu 2017, sem þá var orðinn fullsetinn, en í frumhönnun leikskólans var gert ráð fyrir að hægt væri að fjölga deildum skólans um eina. Þá var einnig gert ráð fyrir því í deiliskipulagi hvað varðar nýtingarhlutfall og stærð byggingarreits að því er fram kemur í frétt á vefsíðu Stykkishólms.

*Verklok í febrúar á næsta ári*

Verkefnið felst í því að fullbyggja nýju deildina að innan sem utan með innréttingum, og öllum tilheyrandi frágangi og skila tilbúnu til notkunar. Verklegar framkvæmdir voru boðnar út í heild sinni í maí 2021. Tvö tilboð bárust í verkefnið og var því lægra tekið, frá Þ.B.Borg upp á ríflega 57 milljónir króna. Stefnt er að verklokum í lok febrúar 2022. /MÞÞ

## Flúðir:
## Starfsmenn hætta

**Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps, vekur athygli á Facbook-síðu íbúa sveitarfélagsins að þegar leikskólinn Undraland á Flúðum verði opnaður eftir sumarfrí verði átta starfsmenn hættir.**

Fjórir af þeim eru að færa sig upp um skólastig og fara þrír af þeim til starfa í Flúðaskóla. Hinir eru að hverfa til annarra starfa og að fara í nám. „Það er óneitanlega slæmt þegar svo stór hluti starfsmannahópsins hættir á sama tíma og er það krefjandi verkefni að ráða inn í þær stöður.

Við horfum þó bjartsýn á framtíðina og vonum að þetta fari á besta veg," segir Halldóra meðal annars og bætir við: „Ljóst er eins og staðan er núna að ekki verður hægt að taka inn ný börn eftir sumarfrí ef ekki bætast fleiri starfsmenn við. Nú er því um að gera fyrir alla að ýta við efnilegum starfsmönnum og hvetja þá til að sækja um starf í leikskólanum okkar." /MHH



# STEKKUR
## Skrautrunnar

**Margir þeirra blómstra litfögrum blómum og bera skrautleg ber. Hægt er að fá þá vind- og seltuþolna eða sólelska og viðkvæma. Skortur á úrvali er ekki vandamálið heldur mun frekar valkvíði.**

Til að gefa hugmynd um úrvalið eru hér taldar til nokkrar ættkvíslir sem innihalda skrautrunna sem hafa reynst vel hér á landi. Innan hverrar ættkvíslar er fjöldi tegunda sem hægt er að velja úr þegar finna þarf rétta runnann í garðinn.

Broddur/roðaber *(Berberis)*. Ættkvísl með tæplega 400 tegundum, undirtegundum og blendingum sem vaxa sem runnar eða tré. Ná 5 metra hæð og eru annaðhvort lauffellandi eða sígrænir. Finnast í Evrópu, Mið- og Austur-Asíu, Norður- og Suður-Ameríku og Norður-Afríku. Allar tegundir eru með þyrnum sem yfirleitt eru þrískiptir. Blómin gul eða appelsínugul. Þrífast best í sól eða hálfskugga og vel framræstum jarðvegi.

Kvistir *(Spiraea)*. Ættkvísl með hátt í 100 tegundum og fjölda undirtegunda, blendinga og afbrigða sem vaxa í N-Ameríku, Evrópu og Asíu þar sem fjölbreytnin er mest. Lauffellandi runnar sem geta náð 5 metra hæð en eru yfirleitt lágvaxnari. Blómin hvít, bleik eða rauð í skúf eða klasa. Hvítblómstrandi tegundir blómstra fyrr á sumrin, í júní og júlí, og á annars árs greinum. Þola því ekki klippingu á vorin og best er að klippa fljótlega eftir blómgun. Rauð- eða bleikblómstrandi kvistir blómstra aftur á móti á nýjum greinum sem vaxa yfir sumarið og þegar fer að líða á sumarið í byrjun ágúst. Tegundir með rauðum og bleikum blómum þola að vera klipptar á vorin. Flestir kvistir þrífast best á sólríkum stað. Hvítblómstrandi þola meiri skugga og sandblendinn jarðveg.

Mispill *(Cotoneaster)*. Ættkvísl með flókin ættartengsl 50 til 300 tegunda, eftir því hversu nákvæm flokkunin er. Lauffellandi eða sígrænir runnar sem geta náð fimm metra hæð og vaxa villtir í Asíu, Evrópu og N-Afríku. Gera litlar kröfur til jarðvegs, svo lengi sem hann er ekki blautur. Skriðulutegundirnar þrífast best í myldnum en mögrum og vel framræstum malarjarðvegi. Vindþolinn og þolir vel klippingu. Berin rauð, bleik og svört. Misplar blómgast á fyrraársgreinum. Margir laufgast snemma og laufið fær fallega rauða haustliti.

Toppar/geitblöðungar *(Lonicera)*. Ættkvísl með um tæplega 200 tegundum uppréttra og klifrandi runna sem vaxa flestir í Asíu en einnig í Evrópu og N-Ameríku. Blöðin gagnstæð. Börkurinn dökkur. Harðgerðar plöntur sem gera ekki miklar kröfur til jarðvegs en dafna best í rakri jörð. Blómstra um mitt sumar.

Sópur *(Cytisus)*. Ættkvísl með tæplega sextíu tegundum sígrænna og lauffellandi runna sem vaxa villtir í Mið-Evrópu, við Miðjarðarhafið og í Suðvestur-Asíu. Geta náð ríflega þriggja metra hæð. Greinarnar grænar, marggreindar og fínlegar. Blöðin lítil og vantar stundum alveg. Blómin áberandi, yfirleitt gul en einnig hvít og rauð. Fræbelgurinn flatur og líkist litlum baunabelg. Blómstrar snemma og sætur ilmur af blómunum. Auðveld í ræktun en þrífst best á sólríkum stað, í sendnum og kalkríkum jarðvegi. Þolir illa mikinn áburð, flutning og klippingu. Fjölgað með sumargræðlingum. Allar tegundir í ræktun hér á landi eru sígrænar.

/VH

NYTJAR HAFSINS

# Að nefna snöru í hengds manns húsi



Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda.



Drónaeftirlit Fiskistofu mun litlu sem engu breyta. Mynd /Alfons Finnsson.

**Þetta gamla máltæki hefur aldrei átt betur við en í dag varðandi fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga. Svo er komið í umræðunni um fiskveiðikerfið að telja má á fingrum annarrar handar þá sem dirfast að gagnrýna það – nefna snöruna.**

Til langs tíma hafa hagsmunasamtök stórútgerðarinnar, í samvinnu við opinbera stjórnsýslu og fleiri, breitt þann boðskap út um heimsbyggðina að Íslendingar hafi fundið upp og sett á fót fiskveiðikerfi sem sé í senn rekið af ábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi og því öllum til eftirbreytni. Til að gera langa sögu stutta: „Besta fiskveiðikerfi í heimi“. Settar eru á fót sykurhúðaðar ráðstefnur þar sem fræðimenn mæra og dásama kvótakerfið.

### *Andstyggilegur blekkingarleikur*

Í mínum huga er þetta ófyrirgefanlegur og andstyggilegur blekkingarleikur. Hvernig væri að þessir sömu aðilar upplýsi um „árangurinn“ frá 1984 varðandi uppbyggingu þorskstofnsins? Ástand humarstofnsins? Ástand loðnustofnsins? – svo fátt eitt sé talið.

Árið 1984 ráðlagði Hafrannsóknastofnun 220 þúsund tonna veiði af óslægðum þorski.

37 árum síðar leggur stofnunin til 222 þúsund tonna veiði, en ætti í raun að leggja til 188 þúsund tonn. Hvers vegna? Jú, vegna fáránlegs ákvæðis um „sveiflujöfnun“ sem kemur reiknimódeili Hafró í sjálfu sér ekkert við.

Staðreyndin er sú að Hafró hefur rekið nýtingarstefnu sem er löngu kolfallin á prófinu. Þessi þrákelni hefur að öllum líkindum haft af þjóðinni hundruð milljarða í gjaldeyristekjum frá árinu 1984.

### *Messað um árangur*

Til landsins er á hverju ári boðið velmeinandi og fróðleiksþyrstu fólki um velferð veiðimanna og fiskverkafólks á eigin heimasvæðum (t.d. Afríku) sem við hér í norðrinu tölum hiklaust niður til með því að kalla „vanþróuð“ ríki (og þá væntanlega „vanþróað fólk“). Yfir þeim er messað um stórkostlegan árangur Íslendinga í fiskveiðistjórnun og þeim ráðlagt að yfirfæra dásemdina heim til sín.

Í þessu sambandi rifja ég upp sögu sem mér var sögð fyrir löngu:

*Í einu ríkjanna við Vesturströnd Afríku var ákveðið að setja á framseljanlegt kvótakerfi í humarveiðum. Veiðarnar fóru og fara væntanlega enn þannig fram að menn vaða út frá ströndinni og kafa eftir bráðinni.*

*Einn stærsti kvótinn lenti í fangi rakara inni í Mið-Afríku sem aldrei hafði séð sjó. Sjálfsagt var það tilviljun að rakarinn var náfrændi sjávarútvegsráðherrans.*

Að ráðleggja fólki frá slíkum ríkjum/svæðum að taka upp framseljanlegt, einstaklingsbundið kvótakerfi, þar sem spillingin er botnlaus í stjórnsýslunni, er ótrúleg ósvífni. Þeir Íslendingar sem þar eiga hlut að máli ættu að skammast sín. Þeir vita mætavel og jafnvel betur en margur hvert framhaldið er.

Staðreyndin er sú að við Íslendingar höfum ekki fundið upp neinar töfralausnir varðandi nýtingu og umgengni fiskimiða. Ekkert af því sem Hafró lofaði í upphafi varðandi „uppbyggingu“ þorskstofnsins, hvað þá annarra stofna, hefur staðist. Frá því Hafró var fært alræðisvald hvað þetta varðar er ekki hægt að benda á eitt einasta dæmi um „uppbyggingu“ eins einasta fiskistofns við landið sem heyrir undir aflamark.



Til langs tíma hafa hagsmunasamtök stórútgerðarinnar, í samvinnu við opinbera stjórnsýslu og fleiri, breitt þann boðskap út um heimsbyggðina að Íslendingar hafi fundið upp og sett á fót fiskveiðikerfi sem sé í senn rekið af ábyrgð með sjálfbærni að leiðarljósi og því öllum til eftirbreytni.

Kaldhæðnin ríður ekki við einteyming. Sá stofn sem „stækkaði“ mest á milli áranna 2020/2021 var hrognkelsastofninn – grásleppan. Hún er í sóknarmarki.

### *Snaran sem nefnd er aflamarkskerfi*

Snaran sem nefnd er hér í upphafi heitir **aflamarkskerfi.** Með því að úthluta veiðiheimildum í magni (kg) gerist það óhjákvæmilega. Stór hluti þeirra sem sækja miðin velja þau kíló úr sjó sem skila mestum verðmætum. Lái þeim hver sem vill. Þetta liggur í hlutarins eðli.

Hér er smá myndlíking: ef X fjölda einstaklinga yrði hleypt inn í stórmarkað eftir matvælum þeim að kostnaðarlausu og viðkomandi gefið fyrirfram að hann mætti tína saman ákveðið magn (kg), er líklegt að viðkomandi kæmi til baka með kartöflur og lauk á tilboði til að uppfylla „kvótann“?

Þetta vandamál endurspeglast í ákæru Fiskistofu gagnvart Bergvík GK 22, sem var staðinn að grófu og óafsakanlegu brottkasti á fiski fyrir örfáum dögum.

Í ljósi þeirrar kæru Fiskistofu ætla ég að leyfa mér að giska: Fiskistofa hefur undir höndum upplýsingar um brottkast á miðunum sem dregur upp gjörólíka mynd af því sem við viljum telja þjóðum heims – og sjálfum okkur – trú um.

Brottkast á Íslandsmiðum hefur viðgengist löngu fyrir vélvæðingu fiskiskipaflotans. Eftir vélvæðinguna jókst þetta stórkostlega.

Brottkast hefur alla tíð verið stundað í fiskveiðum. Ekki bara hérlendis – þetta er vandamál alls staðar í heiminum. Árlega eru veidd u.þ.b. 100 milljón tonn af villtum fiski. Segjum sem svo að „einungis“ 5% sé kastað í hafið. Það þýðir 5 milljónir tonna, eða ríflega fimmfalt það sem íslenski fiskiskipaflotinn dregur að landi árlega er fargað.

Á árunum þegar togarar Breta, Þjóðverja og annarra skröpuðu hér allt upp í fjörur var veiðin miklu meiri en hinar skráðu tölur segja til um. Brottkastið var lygilegt. Sjálfur var ég á togurum Útgerðarfélags Akureyrar til margra ára og það var ekkert smotterí sem fór út um lensportin. Sá „afli“ fór, eftir því sem ég best veit, ekki í skipsbækurnar. Það kann þó að vera verðugt rannsóknarefni hvort í þeim leynast upplýsingar í þessum efnum.

### *Býður upp á sóðaskap*

Aflamarkskerfið býður upp á sóðaskap. Það er með innbyggðum hvata til brottkasts – þ.e. að hirða það sem er verðmætast og kasta hinu.

Ég viðurkenni fúslega að ég hafði í gegnum árin talið mér trú um að brottkastið hefði að mestu horfið með tímanum, væri að sjálfsögðu eitthvað – en hverfandi. Ég vildi trúa því að öll þessi „umhverfisvakning“ og sjálfbærnihjalið væri meira en orðin tóm. Ég er kominn á þá skoðun að ég hafi haft rangt fyrir mér.

Það er kominn tími til að gera upp við núverandi fyrirkomulag, aflamarkskerfið.

Það er tími til kominn að horfast í augu við þá staðreynd að „besta fiskveiðikerfi í heimi“ er kerfi sóunar og spillingar. Það er spilling að henda fiski – svo það sé sagt.

Kerfi sem ber í sér hvata til brottkasts á fiski, framhjálöndunar, svindli á íssprósentu, tegundasvindls og ýmsu fleiru.

Drónaeftirlit Fiskistofu mun litlu sem engu breyta í þessum efnum.

Ég er í ágætu sambandi við fjölmarga erlenda aðila í „fiskibransanum“. Flestir þeirra hafa þá ímynd af íslenskum fiskveiðum að hér hafi veri fundin upp töfralausn varðandi nýtingu fiskistofna og umgengni um fiskimið.

Gerum þeim grein fyrir staðreyndum. Hættum blekkingarleiknum. Það er mun betra að við gerum það áður en þeir átta sig á því hver sannleikurinn er í málinu því það mun óhjákvæmilega gerast, fyrr eða síðar.

*Höfundur er formaður Landssambands smábátaeigenda.*



Hnúfubakurinn í Faxaflóa. Mynd / Special Tours

## Hafrannsóknastofnun:

# Víðförlir hnúfubakar

**Fyrir skömmu sást til hnúfubaks í Faxaflóa. Vegna alþjóðlegs samstarf um skráningu hnúfubaka var hægt að sjá að sami hvalur hafði verið myndaður við Grænhöfðaeyjar, aðeins þremur mánuðum áður en hann var myndaður í Faxaflóa.**



Staðsetning Grænhöfðaeyja.

Greining hnúfubaksins sýnir svo ekki verður um villst hversu nauðsynlegt samstarf er þegar far dýra er rannsakað og sýnir að hnúfubakar ferðast langar vegalengdir enda eru 5.400 kílómetrar á milli staðanna þar sem myndirnar voru teknar.

Í tilkynningu á vef Hafrannsóknastofnunar segir að Hnúfubakar í Atlantshafi eyði yfirleitt sumrum sínum á fæðuslóð í norðri, til dæmis við strendur Íslands og Noregs, en að á veturna haldi þeir sig við miðbaug, frá Karíbahafi til Grænhöfðaeyja. Áður hefur Hafrannsóknastofnun fjallað um hnúfubak sem sást í Cape Samana við Dóminíska lýðveldið í Karíbahafi í janúar 2020 en hafði áður verið ljósmyndaður og skráður við Ísland. Íslenska hnúfubakaskráin ISMN (IS Megaptera Novaeangliae Catalog), sem er að finna á Hafrannsóknastofnun, geymir skráningar á yfir 1.500 hnúfubökum frá 1980 til dagsins í dag. Þeim hefur verið safnað í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunar og af ýmsum samstarfsaðilum sem sent hafa inn myndir af hnúfubökum ásamt upplýsingum um staðsetningu.

Hægt er að senda inn upplýsingar og myndir á vefslóðina Submit-photo. /VH











Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



LANDSJÁ

## Landsjá:
# Bændur standa frammi fyrir tvöfaldri vá

**„Ég borga aldrei“, sagði bóndinn fyrir austan á hverju hausti þegar kaupfélagsstjórinn var búinn að útlista fyrir honum hvernig hann gæti gert upp við kaupfélagið.**

Ekki kunni þessi afstaða góðri lukku að stýra, hvorki fyrir bóndann né kaupfélagið. Bændur standa nú frammi fyrir tvöfaldri vá, annars vegar ógn loftslagsbreytinganna sjálfra og svo hins vegar hugsanlegri ógn vegna vanhugsaðra ákvarðana stjórnvalda í loftslagsmálum. Þess vegna kann að vera ráð að borga stax, grípa til kostnaðarsamra ákvarðana og aðgerða þegar í stað, að því gefnu að það fáist metið í formi sanngjarnra mótvægisaðgerða.


Kári Gautason.

*Bændur í Danmörku óttaslegnir*

Fyrirheit um að kolefnisjafna íslenskan landbúnað á næstu nítján árum er tröllaukið verkefni sem mun kosta mikið fé. Það fé mun bætast ofan á framleiðslukostnað íslenskra búvara svo að samkeppnishæfni þeirra mun minnka komi ekkert annað til. Íslenskir bændur gætu framleitt kolefnishlutlaust kjöt en það yrði svo dýrt að neytendur myndu í hrönnum kaupa ódýrara innflutt kjöt sem ekki væri framleitt með jafn ströngum kröfum.

Niðurstaða þeirrar jöfnu yrði hin versta fyrir þjóðarbúið, kolefnisútblástur minnkaði ekki neitt en afkomu íslensks landbúnaðar hefði verið kollvarpað. Íslenskir bændur eru ekki einir um að óttast slíka tvöfalda vá. Bændur í Danmörku horfa upp á það að ríkisstjórn krata hyggst leggja gríðarmiklar álögur á þarlendan landbúnað sem miða að því að draga úr kolefnisspori hans. Álögurnar eru með þeim hætti að ólíklegt verður að teljast að landbúnaðurinn í Danmörku þoli þær öðruvísi en að draga verulega úr framleiðslu og umfangi.

*Grænir tollar til að vernda lífsviðurværi*

Landbúnaðarráðherra Þýskalands lýsti því á hinn bóginn yfir síðastliðinn vetur að nauðsynlegt yrði að setja græna tolla á innflutt matvæli til þess að verja lífsviðurværi bænda í Evrópu. Hið sama er upp á teningnum þar ytra og hér. Kolefnisjafna á þýskan landbúnað eigi síðar en 2050 – á meðan Íslendingar stefna að árinu 2040. Þjóðverjar gefa sér semsagt 10 árum lengri tíma en við Íslendingar.

Leiðin sem þýski ráðherrann og fleiri hafa velt upp er að leggja vörugjöld á landamærum sem miða að því að jafna samkeppnisgrundvöll þýskra bænda og afurðastöðva, sem þurfa að standa straum af ákveðnum kostnaði við kolefnisjöfnun, og erlendra aðila sem þurfa þess ekki. Sé slík gjaldheimta rétt sett upp er talið að hún komist í gegnum nálarauga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

*ESB-kaupfélagið*

Í vikunni sem leið kynnti svo Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, aðgerðaáætlun ESB-kaupfélagsins í loftslagsmálum, „Í formi fyrir 55“, sem miðar að 55% samdrætti í útblæstri gróðurhúsalofttegunda 2030. Ein aðgerðanna er sú að setja upp slík vörugjöld á innflutt stál, sement, ál og raforku. Innflytjendum yrði gert að greiða andvirði kolefniseininga fyrir hvert tonn af stáli sem framleitt er með lakari umhverfisaðferðum heldur en tíðkast í ESB. Það kaupfélag hræðist ekki tolla og gjöld til að jafna metin og Íslendingar eru á félagssvæði þess gegnum Evrópska efnahagssvæðið, EES.

Samhliða vörugjöldunum á að flýta fyrir því að fækka kolefniseiningunum sem í umferð eru innan ESB hverju sinni. Það mun hækka á þeim verðið (verðið á einingu, tonni af $CO_2$ er rúmar 50 evrur í dag). Gjald á kolefnisútblástur er þegar til staðar hvað iðnað varðar í Evrópu. Það er hins vegar ekki fyrir hendi í landbúnaði. Til þess að leggja kolefnisgjald á landbúnað þarf að leggja mat á kolefnisspor búvöru. Þar er um að ræða mikinn frumskóg.

Og sitt sýnist hverjum um það hvar eigi að draga mörkin utan um rammann sem reiknaður er. Hér á landi hefur til að mynda munað býsna miklu í útreikningum sama fyrirtækis á kolefnisspori nautakjöts.

*Sömu kröfur til erlendra sem innlendra matvæla*

Að mínu viti er eina leiðin til þess að koma í veg fyrir að kostnaður við að kolefnisjafna búvörur hefti íslenskan landbúnað sú, að drífa í boðuðum verkefnum og ná árangri sem fyrst. Jafnframt þyrfti að setja fram það eðlilega og ófrávíkjanlega skilyrði gagnvart íslenskum stjórnvöldum að sömu kröfur séu gerðar til innfluttra matvæla og þeirra sem framleidd eru hérlendis.

Eitt ber þó að hafa í huga, að verði íslenskur landbúnaður ekki loftslagsvænni en sá sem við keppum við – þá mun þessi aðferð ekki virka. Því þarf að kappkosta að ná forskoti í loftslagsmálum, það er einfaldlega lífsspursmál fyrir innlendan landbúnað. Sé ekki hugsað stórt og af framsýni í þessum efnum með því til dæmis að auka framleiðni og afurðasemi gripa, koma á fót kolefnissamlagi, tryggja orkuskipti, innleiða græna tækni og gervigreind munu margar sveitir verða eins og býli bóndans sem nefndur var í byrjun, eyðibýli.

FRÉTTIR




Þó tengslamyndun gangi misjafnlega virðast keppendur þó njóta sín vel.

## Raunveruleikaþáttur fyrir allan peninginn:
# „Bauer sucht Frau“

**Þýska sjónvarpsstöðin RTL heldur um taumana á einum ástsælasta raunveruleikaþætti landsins, „Bauer sucht Frau“ – eða Bændur í bónorðsför.**

Hefur þetta augnakonfekt kætt og kitlað þýskan almenning síðan árið 2005, en um ræðir bændur, þá bæði konur og menn, sem leita eftir lífsförunauti. Efnistökin eru án efa mörgum hjartans mál, enda má finna sömu þáttaraðir í um þrjátíu löndum auk Þýskalands.

Í Þýskalandi hefur þó örlítil breyting verið á síðastliðin misseri, en nú leita bændur utan landsteinanna eftir maka og koma því þættirnir út undir nafninu „Bauer sucht Frau International“. Nýjasta þáttaröðin hefur göngu sína nú í haust og er, sem stendur, leitað logandi ljósi að einhleypu fólki sem til er í tuskið. Viðkomandi þarf að vera einhleypur, þýskumælandi, og/eða með þýskan, austurrískan eða svissneskan uppruna auk þess að starfa við landbúnað á einhvern hátt. Starfssvið þátttakenda er vítt, allir frá kúrekum til kaffiræktenda mega óska eftir þátttöku – í raun eru sem flestir hvattir til að gefa kost á sér. Þeir sem valdir eru munu svo kynnast innbyrðis eftir kúnstarinnar reglum.

Samkvæmt þáttunum kemur í ljós að alls hafa tuttugu og tveir bændur frá fjórtán mismunandi löndum nú þegar verið í sviðsljósinu. Bændurnir hafa komið frá Ungverjalandi, Paragvæ, Mexíkó, Kosta Ríka og Suður-Afríku svo eitthvað sé nefnt og afar spennandi væri nú að fá íslenska landvætti með í þann litríka hóp keppinauta.

Þótt misvel gangi að mynda tengsl meðal þeirra sem vilja kynnast, virðast ástarörvar Amors allrahanda loða við þáttinn. Til gamans má geta þess að í eitt skiptið fóru tveir kvenkyns umsækjendur vongóðar til Austurríkis til að kynnast þarlenskum bónda. Bóndinn heitir Emanuel og á í Austurríki stóran búgarð sem hann nýtir undir dýraathvarf. Emanuel þessi hafði þó ekki heppnina með sér hvað varðaði konurnar, enda ekki alltaf sem slík tenging verður. Hins vegar leist konunum óskaplega vel hvor á aðra – með þeim tókust ástir og fylgjast þær nú að í lífinu svona stormandi lukkulegar.

Það má a.m.k. með sanni segja að átök og ástir séu á skjánum fyrir allan peninginn, heimshorna á milli.

/SP





## Borg:
# Sveitahátíðin Grímsævintýri 7. ágúst

**Sveitahátíðin Grímsævintýri í umsjón Kvenfélags Grímsness verður haldinn laugardaginn 7. ágúst á Borg.**

Á hátíðinni fer meðal annars fram ein elsta tombóla landsins, sem hefur hefur verið árlega frá árinu 1926. Dagskrá hátíðarinnar hefst klukkan 13.00 og stendur til klukkan 16.30. Hoppukastalar verða á staðnum, klifurveggur, blúndukaffi, markaður, popp og candyfloss, auk þess sem BMX brós sýna listir sínar á hjólum. Frítt verður í sundlaugina á Borg á meðan hátíðin stendur. Reiknað er með fjölmenni og mikilli stemningu á Grímsævintýri á Borg í Grímsnesi laugardaginn 7. ágúst enda löngu búið að leggja inn pöntun fyrir góðu veðri.

/MHH



Mynd / MHH

## Sumarblóm:

# Lengdu sumarið í garðinum

**Öllum finnst okkur sumarið á Íslandi vera helst til of stutt fyrir okkar smekk. Gjarnan vildum við hafa sól og sumaryl lengi fram eftir haustinu en það er víst ekki eitthvað sem við getum stjórnað.**

En eitt sem við getum hins vegar gert er að gera sumarlegt í kringum okkur og ýmist valið blóm sem blómstra seint eða standa lengi fram eftir haustinu.

Þrenningarfjólan er íslensk tegund sem er bæði harðgerð og svo er hún lengi að koma með blóm eftir að hún byrjar að blómstra í júní. Hægt er að smella þeim út í garð og þær lifa frekar lengi fram eftir haustinu með sínum fallega fjólubláa, gula og hvíta lit. Hún er falleg og mikil garðaprýði ásamt því að vera tákn Garðyrkjuskólans á Reykjum.

Skrautkál getur verið virkilega skemmtilegt og litríkt í garðinum. Það er harðgert og þolir vel frost fram eftir ári og getur jafnvel staðið af sér veturinn á skjólgóðum stöðum sunnanlands eða í þau skipti sem við Íslendingar fáum mildan vetur.

Stjúpur eru löngu orðnar að hálfgerðri klassík í íslenskum görðum. Þær eru til í ótal litum og litasamsetningum og eru þær ekki bara fallegar heldur virkilega duglegar að halda sér lengi fram eftir hausti með blómin sín stór og falleg. Stjúpurnar eru tvíærar og mynda fræbelgi að blómstrun lokinni og sá sér fyrir komandi sumar. Þá er ómögulegt að spá fyrir um hvaða litir koma upp og getur það verið virkilega spennandi að fylgjast með því um komandi sumar.

Snædrífa er lágvaxin og fíngerð en virkilega harðgerð og falleg planta sem blómstrar hvítum, fölbleikum eða fjólubláum blómum. Hún stendur í blóma allt sumarið, þekur vel þar sem hún er gróðursett og vill helst fá góðan og bjartan stað. Þessi fallega planta stendur vel og er mikið prýði alveg inn í haustið en þolir þó ekki frost.

Ljónsmunni er tignarlegt fjölært sumarblóm sem vex helst á skjólgóðum og sólríkum vaxtarstað en er einnig harðgert og duglegt. Það getur orðið allt að 90 sentímetrar á hæð en algengast í görðum er um 40 sentímetrar háar plöntur. Blómin eru í klasa upp eftir blómstönglinum, fremur óregluleg með blóm sem eru oftast einlit og er um virkilega fallega liti að velja.

*Guðrún Birna Brynjarsdóttir, garðyrkjunemi.*


Ljónsmunni.


Silfurkambur.


Skrautkál.













FRÉTTASKÝRING

Sigurður Sigurðarson dýralæknir hefur verið óbilandi við að merkja stórhættulegar miltisbrunagrafir á Íslandi:

# Vitað er um 160 miltisbrunagrafir á 130 bæjum á landinu

## – Sjúkdómurinn er hættulegur fyrir grasbíta og líka menn og dæmi eru erlendis um að smitefni hafi lifað í jörðu í 550 ár



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

**Sigurður Sigurðarson dýralæknir hefur um árabil safnað saman upplýsingum um miltisbrunagrafir á Íslandi. Sumarið 2017 hóf Sigurður ásamt konu sinni, Ólöfu Erlu Haraldsdóttur, að merkja allar miltisbrunagrafir sem hann vissi um á landi. Allar götur síðan hafa verið að koma fram upplýsingar um áður óþekktar grafir og eru þær nú alls orðnar 160 á um 130 bæjum víðs vegar um land.**

Í júnímánuði síðastliðnum fór Sigurður enn af stað ásamt Ólöfu Erlu til að merkja miltisbrunagrafir. Er þetta gert með númeruðum málmstautum sem Sigurður lét útbúa og reknir eru niður þar sem grafirnar eru. Þetta gerir hann til að þeir sem á eftir koma geti forðast að róta í jarðvegi á þeim stöðum með hættu á að dreifa úr gróum sýkilsins sem þar leynast.



Sigurður Sigurðarson dýralæknir kemur fyrir einni af mörgum merkingum sínum á miltisbrunagröf 2017.
Mynd / Ólöf Erla Halldórsdóttir.



Sár og vefjadrep á húð eftir miltisbrand.

### *Baktería sem hefur verið á áhugasviði hernaðarsérfræðinga*

Sjúkdómurinn miltisbruni, miltisbrandur eða anthrax, stafar af eitri sem bakterían „Bacillus anthracis“ myndar. Getur hann verið bráðdrepandi og hafa hernaðaryfirvöld ýmissa landa því sýnt þessari bakteríu sérstakan áhuga í gegnum tíðina. Gallinn við notkun hennar er þó að hún fer ekki í pólitískt manngreinarálit og virðir heldur engin landamæri. Dánarlíkur eru taldar allt að 50 til 80%, ef um smit í öndunarfærum er að ræða, jafnvel þótt sýklalyfjum sé beitt. Húðsýking er þó algengust, eða í 95% tilvika, og er ekki talin eins hættuleg, Þar er dánarlíkurnar sagðar um 24%.

Sjúkdómurinn er oftast bundinn við grasbíta, en ef hann kemst í menn er hann m.a. sagður valda óvenjumiklum verkjum, þar á meðal brjóstverkjum, öndunarörðugleikum, háum hita, ógleði, sljóleika, niðurgangi og ljótum útbrotum sem orsaka drep í vefjum. Talið er að um 2.000 menn smitist árlega í heiminum af völdum miltisbrands. Smit eru algengust í Afríku, en einnig þekkt í Suður-Evrópu og í Bandaríkjunum.

### *Fékk nýjar fregnir af gröfum á Tjörnesi*

Sigurður segir að þau hafi nýlega frétt af miltisbrunagröfum á Tjörnesi og við Þistilfjörð.

„Ég vona að þá fari fækkandi ómerktum sýktum stöðum. Skýrslur um miltisbrunagrafir eru tilbúnar og hafa verið sýndar ráðuneyti landbúnaðar og Matvælastofnun.“

### *Hefur oft talað fyrir daufum pólitískum eyrum*

Sigurði er mjög umhugað um að Íslendingar framtíðarinnar hafi vitneskju um þessar hættulegu miltisbrandsgrafir. Af óbilandi eljusemi hefur hann gengið milli ráðamanna þjóðarinnar á liðnum árum til að tryggja að þessar upplýsingar falli ekki í gleymsku. Stjórnmálamenn og ráðherrar koma og fara og ekki hafa undirtektir alltaf verið í takt við alvarleika málsins. Enda er umræða um einhverjar grafir dýra og manna þó hættulegar séu, ekki líklegar til að skora hátt á pólitískum vinsældalistum. Samt hefur Sigurður ekki gefist upp og heldur enn áfram.

## Miltisbrunagrafir á Íslandi 1866–2004

*=Stjörnumerkt, óvíst eða ekki merkt

**Rangárvallasýsla:**
(A490-500-1, A01, A1-5) Yztabæli (**2 staðir: Sitjandi og Torflækur, *Önundarhorn ?), *Skúmsstaðir, Meiritunga (2 st), Kaldakinn (2 st), Lýtingsstað

**Vestmannaeyjar:**
(A10) *1 maður

**Árnessýsla (austan Ölfusár)**:
(A11-24) Hamrar, Úthlíð, Hjálmsstaðir(2st), Ketilvellir, *Eyvindartunga, *Lækur, S-Sýrlækur, Krókur, Tunga/Hólar, V-Íragerði, Eyrarb(2st).

**Árnessýsla (vestan Ölfusár):**
A31-40) Hagavík, Þórustaðir (3st), Stóri-Háls, Gljúfurárholt, Hvammur, Arnarbæli, Þorkelsgerði.

**Gullbringusýsla:**
(A41-50) Suðurkot, Sjónarhóll, Ás, Jófríðarstaðir, Urriðakot (2st), *Hraunsholt (2st),

**Reykjavík og Kjós:**
(A51-80) Reykjavík (*?staðir), Breiðholt, Sunnuhvoll, Klambrar, *Hlemmur, Miðdalur(2st), Hraðastaðir, Sólvellir.

**Borgarfjarðarsýsla:**
(A101-110) Skáneyjarkot, Skáney (*5 staðir a.m.k.), Laugavellir, Giljar, Grímsstaðir, Árdalur.

**Mýrarsýsla:**
A121-130) Síðumúli, Fróðastaðir, Hallkelsstaðir, Galtarholt

**Dalasýsla:**
(A141-160) Háafell, Hamraendar, Skriðukot, Hólar, Stóri-Galtardalur, Kjallaksstaðir, Harastaðir, Skarðsstöð

**Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur:**
(A170-180) Gillastaðir, Barmar, Reykhólar, Saurbær, Minni-Hattardalur, Birnustaðir, Lágidalur.

**Strandasýsla:**
(A191-200) *Ófeigsfjörður, Grund (á Drangsnesi), Gautshamar, Smiðjuhús í Húsadal, Brunngil í Bitru.

**Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur:**
(A201-210) Ánastaðir (2 staðir), Höskuldsstaðir, Þórormstunga, Guðrúnarstaðir, *Grímstunguheiði.

**Skagafjörður:**
(A221-230) Skarðsá, Lækur (Viðvíkurhr), Hólakot (í Fljótum).

**Eyjafjörður:**
(A231-240) Háls, Gata, Krossanes (2 staðir), Ytragil, Hólsgerði, Svertingsstaðir (2 staðir).

**Suður-Þingeyjarsýsla:**
(A241-250) Grænavatn (2 staðir), Grundartóft, Kálfaströnd, Hallbjarnarstaðir Tjörnesi.

**Norður Þingeyjarsýsla og Norður-Múlasýsla:**
(A301-330) Jaðar, Engihlíð, Svínabakkar, *Fáskrúðsbakki, Hauksstaðir, Hof, Hrappsstaðir, Heiðarsel, Sleðbrjótssel, Hofteigur, Vellir v.Þistilfjörð

**Hérað:**
(A331-350) Hafrafell, Staff., Ekkjuf., Kross, Ormarsst., Refsmýri, Hlíðasel, Skeggjast., Meðalnes, Skriðuklaustur.

**Vellir:**
(A351-351) Víkingsstaðir, Jaðar, Ketilsstaðir(3), Keldhólar, Mjóanes

**Austfirðir:**
(A361-365) Brekka, Norðfjörður (Júdasarbali), Hólmaháls, Hólmar, Slétta

**Suðurfirðir Austfjarða:**
(A370-390) Skálavík, Berunes, Dalir (3 staðir), Hólagerði, Berufjörður, Teigarhorn, Búlandsnes, Djúpivogur.

**Austur-Skaftafellssýsla (austan fljóta):**
(A391-400) Bær í Lóni, Brekkubær í Nesjum, Bjarnanes (*ómerkt)

**Austur-Skaftafellssýsla (vestan fljóta):**
(A401-404 Stóraból, Einholt (2st.), Fell.

### *Miltisbrunagrunur á fyrri öldum:*

**Ár 1203, Skúmstaðir (í Landeyjum).** „...7 menn fallnir, auk þess bæði naut og hross. Guðmundur góði var tilkvaddur og allt fall hætti með vígðu vatni, sem Guðmundur stökkti á fólk, fénað og umhverfi.“

**Ár 1430, Skálholt.** „Nautadauði mikill (óvíst hvort ástæðan var fóðurskortur, harðæri eða miltisbrandur).“

**Ár 1545, Hamrar.** „Naut 14 á Hömrum – Sakaði hvorki blóð né gor nema kæmi við andlitið 1 maður bar heim slátur, sem hann keypti, fékk mein af því á hálsi og dó. Naut og hundar urðu bráðdauðir, ef lyktuðu af því dauða hræi.“

**Ár 1552-3, Hamrar.** „...12 kýr og 6 naut dóu. Menn skaðaði hvorki blóð né gor, þótt það kæmi við hendurnar, en ef það kom við andlitið, þá varð strax mein og margir misstu sýnina af því

**Ár 1564, Hamrar.** „...13 naut á Hömrum og víða naut á bæjum í Grímsnesi, Eyvík, Fjall á Skeiðum.“

**Ár 1566, Austurhlíð.** „Nautadauði. Þar dóu 16 naut.“

**Ár 1567, Miðdalur.** „Þar dóu fyrst 2 hestar og eftir það 13 naut.“

**Ár 1568, Kálfhóll.** „...Sá 2 nautadauði 1568.“

**Ár 1580.** „...var sá 3. nautadauði á Kálfhóli þar dóu 13 naut. Þaðan bar maður nokkuð á hesti upp til Ása og dó hesturinn af því þar en nautin síðan. Maður einn bar þaðan nokkuð af þessu til síns heimilis. Þar af fékk hann mein aptan á hálsinn og bólgu um allar kverkarnar, svo var hann dauður eftir fáa daga.“

**Ár 1635-6 Fjall á Skeiðum.** „Nautadauði á Skálholtsbúinu Fjalli og nokkrum bæjum í kring.”

**Ár 1660 Hamrar.** „Þá andaðist Jón Jónsson lögréttumaður. Strax eftir hans dauða skeði sérkennilegur nautadauði á Hömrum og bæjum þar í kring. Líka dóu hestar og sumir misstu mikið. Kom faraldur þetta á aðra bæi, ef hestar þeirra átu áfóður eða moð á Hömrum, eður ef nokkuð af þessu slátri kom á aðra bæi. Þessir gripir dóu skyndilega... helst var það í kringum Fjall, sem það slæma kjöt var keypt. Naut sem komust að því og lyktuðu dóu öll og hestar, sem það hráa kjöt báru heim. Þeir dóu.“

**Nokkrar heimildir:**
Biskupsannálar Jóns Egilssonar (Safn til sögu Íslands) Árbækur Espólins, Fitjaannáll, anno 1660, bls 187, Kjósarannáll bls 439 11 5 1660 Ingibjörg Tönsberg, Glæsibæ 13, Reykjavík , Auður Gunnarsdóttir Hömrum, s. 486 Hermann Tönsberg, Háaleitisbraut 17, s: 553 1396, 699 1396 Guðmundur Arason, Prestssaga (Sturlunga 1)

1. Útdráttur úr miltisbrunaskýrslu. Miltisbrunastaðir á Íslandi, (frá . 1866-2004 og frá fyrri öldum), lýsing og hnit.

2. Sauðburðarkver, endurútgefið í endurbættu formi, Sauðburðarkver, endurútgefið gormabók, plasthlíf að framan.

3. Geita- og kindakver, 80 bls. 90 myndir. Heilsufar og sjúkdómar í geitum og kindum.

4. Barátta gegn smitandi sauðfjársjúkdómum. Karakúlpestir, kláði, riða og miltisbruni, 60 bls. 20 myndir.

*Skýrsla um miltisbrunagrafir*

Sigurður lét Bændablaðinu í té lista sem hér er birtur yfir staði sem hann hefur merkt þar sem ýmist er full vitneskja um miltisbrunagrafir, eða taldir líklegir greftrunarstaðir. Hann óskar samt enn eftir ábendingum frá þeim sem vita um staði, sem vantar inn í fyrirliggjandi upplýsingar og líka staði sem óvissa er um.

Í grein í Bændablaðinu sem Sigurður ritaði í ágúst 2017 sagði hann m.a.:

„Miltisbruni er bráður smitsjúkdómur, sem er hættulegur fólki og skepnum. Smitefnið er baktería „Bacillus anthracis“. Smitkrafturinn á jörðinni dofnar á fáum mánuðum, líklega fyrir áhrif sólarljóssins. Enginn veit nákvæmlega hve lengi smithættan varir í yfirborði en niðri í jörðinni virðist smitefnið lifa með fullum krafti í dvalargróum nær endalaust. Dæmi eru um erlendis að smitefni hafi lifað í 550 ár. Þess vegna skiptir svo miklu máli að vita, hvar grafnar hafa verið skepnur, sem drápust úr sjúkdóminum til að afstýra jarðraski og tryggja sem best friðun hættulegra svæða og bletta til framtíðar.“

*Miltisbrandur – Bacillus anthracis*

Miltisbrandur, eða „antrax“ eins og það heitir á erlendu máli, er lífshættulegur sjúkdómur sem stafar af eitri sem sýkill að nafni Bacillus anthracis myndar. Sjúkdómurinn hefur gengið undir ýmsum nöfnum, eins og miltisdrep, miltisbráðadauði og skinnapest, en Páll Pálsson nefnir hann miltisbruna í Bók Davíðs sem Háskólaútgáfan gaf út árið 1966.

*Barst til landsins með ósútuðum hertum húðum frá Afríku*

Talið er að miltisbrands hafi fyrst orðið vart á Íslandi árið 1865 eða 1866, en árið áður hófst innflutningur á ósútuðum, hertum húðum sem áttu uppruna í Afríku. Sjúkdómsins varð síðar vart af og til og olli hann talsverðum búsifjum og einnig manntjóni á Suður- og Vesturlandi.

Það eru einkum grasbítandi dýr sem taka þennan sjúkdóm en menn geta þó af og til sýkst af honum. Sjúkdómar sem finnast í dýrum en geta jafnframt lagst á menn eru nefndir súnur (zoonosis), að því er fram kemur í grein eftir dr. Harald Briem sem finna má á Vísindavefnum.

Sýkillinn getur myndað dvalagró eða spora. Sporarnir geta lifað áratugum saman í jarðvegi og jafnvel í aldir, einkum í rökum og súrum jarðvegi. Af þessum ástæðum getur miltisbrandur verið alvarlegt vandamál í búfjárrækt.

Stærð sporanna, sem eru 2-6 míkron (míkrómetrar, milljónustu partar úr metra) í þvermáli, gerir þá kjörna til að setjast á slímhúð í öndunarvegum manna og dýra. Sporarnir loða hins vegar við jarðveginn en það dregur úr líkum á því að menn smitist með beinum hætti frá jarðvegi. Þegar sporar komast í hýsil þar sem skilyrði eru hagstæð breytast þeir í það form sem sýkillinn hefur þegar hann er að vaxa. Sýkillinn ber með sér eiturefni eða toxín sem er afar skaðlegt og veldur drepi.

Einkenni miltisbrands ráðast að nokkru af því hvernig dýr og menn smitast. Þegar sýkilsins er neytt með mengaðri fæðu berst hann í blóðrásina og sogæðakerfið um meltingarveginn. Milti dýra bólgnar upp og verður svart vegna dreps. Af þessu er nafnið miltisbrandur dregið. Þá getur sýkillinn komist gegnum húð sem er rofin. Þetta er algengasta smitleið til manna.

Þeir sem meðhöndla sýkt dýr eða afurðir dýra sem hafa drepist af völdum sjúkdómsins, svo sem húðkeipi, ull eða kjöt, eru í mestri hættu. Veldur sýkillinn þá kýli sem rofnar síðar og er þá með svörtum sárbotni vegna dreps (af því er væntanlega nafnið anthrax dregið en það merkir kol). Að lokum geta sporar sýkilsins borist í öndunarveg og þaðan í eitilvef og valdið þar sýkingu, drepi og blóðsýkingu. Þeir sem eru í mestri hættu að smitast á þann veg eru starfsmenn í ullariðnaði og sláturhúsum.

## Þjórsárdalur:

# Björgun birkiskóganna í Áslákstungu

**Í Áslákstungum í Þjórsárdal má enn finna allstórar birkitorfur. Talið er að það birkiafbrigði sem þar vex sé það sem óx í dalnum við landnám. Birkið hefur í langan tíma hörfað undan náttúruöflunum, skógarhöggi og beit.**

Það ferli heldur áfram og nokkuð víst að torfurnar munu eyðast algjörlega með tímanum nema gripið sé til aðgerða.

Sigþrúður Jónsdóttir beitarsérfræðingur og Bryndís Marteinsdóttir, verkefnastjóri GróLindar, gerðu nýlega úttekt á Áslákstungum. Í framhaldi af úttektinni verður gerð áætlun um hvernig hentugast er að bjarga birkiskóginum frá frekari eyðingu og hvaða aðferðum megi beita.



Sigþrúður Jónsdóttir beitarsérfræðingur og Bryndís Marteinsdóttir, verkefnastjóri GróLindar.
Myndir/ Landgræðslan/Dúi J. Landmark

*Flókið verkefni*

Við úttekt kom í ljós að verkið er mikið og flókið. Loka þarf rofjöðrum, græða upp rofsvæði í kring og búa í haginn fyrir nýliðun og útbreiðslu birkis á svæðinu. Með því hefst endurheimt og verndun gróðurs, jarðvegs og líffræðilegrar fjölbreytni. Mikilvægur fræbanki, bæði af birki og öðrum plöntutegundum, er á svæðinu.

Talsvert er einnig af ungum birkiplöntum á svæðinu sem hafa náð að vaxa upp við erfiðar aðstæður. Ekki hefur verið plantað né sáð í Áslákstungum eins og víða í Þjórsárdal og því bendir allt til þess að það afbrigði birkis sem þarna vex sé upprunalegt staðarbirki, aðlagað umhverfisaðstæðum.

Birkitorfurnar eru enn þykkar og háar og þar er lagskiptur jarðvegur sem inniheldur mold og vikurlög.

*Mörg örnefni tengjast skógum*

Þegar horft er til þess hversu mörg örnefni í dalnum tengjast skógi á nú skóglausum svæðum er ljóst að skógurinn hefur verið útbreiddur. Eyðingin var firnamikil en með landgræðslu og skógrækt hefur þróuninni verið snúið við. Þó eru enn þá svæði sem þarfnast aðhlynningar þar sem virkt rof er enn þá í gangi.

Þar á meðal Áslákstungur sem hafa lifað af svo stórfellda eyðingu. Svæðið er í senn vitnisburður um fyrri landkosti og inniheldur dýrmætan fræbanka. Þar þarf því að koma í veg fyrir frekari eyðingu og hefja aðgerðir sem hjálpa vistkerfinu að ná viðsnúningi sem er ákveðið grunnstef í starfsemi Landgræðslunnar eða að hjálpa náttúrunni að hjálpa sér sjálf.

*Beitarfriðun vænlegasti kosturinn*

Beitarfriðun Áslákstungna er vænlegasti kosturinn til endurheimtar. Án hennar er besti kosturinn sá að dreifa heyrúllum á þá jaðra svæðisins þar sem uppblásturinn er hvað mestur til að stöðva frekari uppblástur.



**Birkið er harðger planta. Hér má sjá örsmáan græðling sem reynir að komast af í vikurjarðvegi.**



**Úr lofti sést hvernig birkitorfurnar hafa einangrast.**

Það er hægar sagt en gert, því ómögulegt er að koma rúllunum með tækjum á svæðið og því þarf að flytja þær með þyrlu. Landhelgisgæslan mun sjá um þá framkvæmd en hún er mikilsverður samstarfsaðili Landgræðslunnar og verkið í raun óframkvæmanlegt án slíkrar samvinnu. Verkið verður jafnframt unnið í góðu samstarfi við Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Fyrstu aðgerðir hefjast á þessu ári. Þeim verður haldið áfram á komandi árum og reglulegt endurmat gert í framhaldinu. /VH


Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Lely Center Ísland



STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

# Lífsstílslitaðar tískubylgjur eða fordæmi komandi kynslóða?

– Kitty Von-Sometime grænmetisfrömuður



Vilmundur Hansen grænmetisgæðingur hreifst af ræktunarhæfileikum Kittyar og heimsótti hana fullur eftirvæntingar í gróðurhúsið. Má segja að með þeirri heimsókn hafi blómgast vináttubönd.



Þrýstnir og þéttir vínberjaklasar.



Tómatar af öllum stærðum og gerðum.



Lilja Constance, dóttir Kittyar, er meðvituð um nýtingu náttúrunnar og gæði – meðal annars það að djúpsteikt fíflahöfuð eru herramannsmatur.

**Í gegnum tíðina hefur sjálfbærni matvælaframleiðslu jafnan þótt umræðuvert efni. Grenndargarðar Reykjavíkurborgar, kartöflugarðar í Skammadal, matjurtagarðar kennara í Katlagili svo eitthvað megi nefna, hafa yfir árin verið sjálfsagðir staðir að heimsækja reglulega. Þó ekki alltaf.**

En hvernig er staðan í dag? Með flokkun, moltugerð og almennri meðvitund þegar kemur að því að bjarga heiminum – eru hetjur daglegs lífs farnar að sá í moldarbeðin að vori með von um uppskeru að hausti? Eru gróðurhús komin í tísku? Kartöflubeð? Tómatarækt? Eplarækt? Vínber? Ræktar einhver gras? Með þessar brennandi spurningar á vörunum þurfti svör. Hver er framtíðarsýn þeirra sem standa í fæturna?

Viðmælandi minn er ung kona, móðir stúlku á tólfta ári og íbúi í Vesturbænum. Hún hefur í nokkurn tíma haldið úti hóp kölluðum „Adopt a vegetable plant“, á Facebook auk síðunnar #kittysfoodwastetips á instagram og verið iðin við að pósta þar dýrindis réttum úr heimasprottnu góðgæti í bland við grænmeti sem hún verslar á 99 kr. í Krónunni.

Kitty hefur til umráða garðskika bak við heimili sitt, auk stórfenglegs gróðurhúss áföstu við húsið. Þar stígur maður inn í nytjarækt og núvitund eins og hún gerist best. Þegar liðið er á sumarið má sjá vínberjaklasa þekja loftið, kál, kryddjurtir og tómata í hinum fegurstu litum. Má segja að hún sé bæði með nytjahyggju og útsjónarsemi í blóðinu enda fædd og uppalin í sveitinni í Devon á Englandi. Meðal þeirra sem mótuðu lífsviðhorf hennar var fjölskyldan, afi hennar ræktaði mikið af sínu eigin grænmeti á meðan móðir hennar hafði og hefur þá afstöðu að versla einungis beint við slátrara og vörur „beint frá býli“. Kitty minnist ökuferða sem barn til að sækja egg á næstu bæi auk þess að eyða stórum hluta vasapeninga sinna í grænmeti, hvort sem var á nærliggjandi býlum eða við vegkantinn. Þar stunduðu bændur það að setja afgangsvörur í kassa við veginn og máttu gestir og gangandi setja þar framlag og fá sér grænmeti í staðinn.



Kál í fullum skrúða.

En fáum nú þessa frábæru konu til að ræða við okkur.

### *Grænir fingur, grænt hjarta*

*–Að nýta það sem er til, auk þess að rækta sitt eigið verður eitt þeirra grundvallaratriða sem næstu kynslóðir taka sér fyrir hendur. Á hvað hefur þú sem foreldri lagt áherslu , ef eitthvað, í þeim efnum?*

„Lilja dóttir mín er mjög meðvituð um nytjahyggju og finnst ekkert eðlilegra en að rækta sér til matar – enda alist upp við að geta gengið í það grænmeti sem ég kem á legg. Þegar hún var yngri rölti hún oft um húsið og tíndi í sig kál, tómata og annað sem ég var að rækta og neytti því mun meira en þeirra fimm skammta á dag sem ráðlagt er. Eftir því sem hún eltist hefur hún oftar en ekki boðið vinum sínum í gróðurhúsið til að smakka (þar sem hún veit að það er bæði betra og ferskara á bragðið) og er ófeimin við að tilkynna að kvöldverðurinn sem var að klárast sé mestmegnis keyptur á 99 kr. í boði Krónunnar. Lilja hlustar á og nemur það sem ég fræði hana um, en við eigum góðar stundir saman bæði við garðyrkju og spjall. Um daginn settu hún og vinkona hennar niður kartöflur sem voru farnar að spíra hjá mér, enda tel ég mikilvægt að börn hafi skilning á hvaðan matvæli koma, kunni undirstöðuatriði í ræktun auk þess að fá að upplifa stoltið þegar plönturnar vaxa og dafna.

Allt of oft er einblínt á hve meira spennandi það er að eiga eitthvað tölvutengt, eitthvað nógu dýrt og fínt sem kostar nógu mikla peninga – á þessum aldri þegar manneskjan er hvað móttækilegust. Ég tel hins vegar mun mikilvægara að finna gleði yfir öðrum hlutum, virkja meðvitund og áhuga barna þegar kemur að sjálfbærni, vita að hægt sé að rækta mat og kunna það. Neysluhyggja er nefnilega ekki sjálfbær. – Þetta skiptir máli! Einnig hvetur þetta börn til að smakka á grænmeti sem þau eru ef til vill hikandi við að vilja prófa, en er meira spennandi tilhugsun ef þau rækta það sjálf.

Sama á við um fullorðna. Síðan ég stofnaði hópinn „Adopt a vegetable plant“ á Facebook hef ég fengið endalaust af myndum, myndböndum og orðsendingum frá ókunnu fólki – hve stolt og glöð þau eru þegar vel hefur gengið með ræktun. Í gegnum Covid-tímabilið má segja að fólk hafi tvíeflst, fólk sem hafði aldrei ræktað neitt í lífinu var allt í einu komið með nýjan tilgang. Með því að gefa ræktuninni athygli, áhuga og tíma fór eitthvað að vaxa. Bæði bókstaflega og svo innra með þeim – sem er bráðnauðsynlegt öllum. Andlegur ávinningur, fjárhagslegur og nærandi – þessi reynsla er jákvæð á svo margan hátt.“



Ferskt grænmeti í regnbogans litum enda beint úr gróðurhúsinu.



Nýtíndar kryddjurtir.



Girnilegar gulrætur .



Jarðarber með náttúrulegan sjarma.



Kúrbítur af kringlóttri tegund.



Skrautblómin í gróðurhúsi Kittyar eru ma. fingurbjargarblóm og liljur.

***Trimmað að tómötunum***

*– Nú ert þú ófeimin við að versla matvæli sem sett eru á lægra verð (99 kr.) í verslunum á meðan almenningur hefur gjarnan veigrað sér við því. Þó er þetta að breytast. Viltu meina að fólk sé meðvitaðra en áður?*

„Það er áhugavert – fyrst þegar Krónan og aðrar verslanir fóru að bjóða upp á vörur með afslætti þá þótti fólki ekki við hæfi að láta sjá sig nálægt slíku – líkt og þeim þætti það vera að taka niður fyrir sig með því að versla ódýrari vörur. Nú í dag hins vegar liggur við kapphlaupum að 99 kr. tómataboxum og þess háttar varningi. Þannig ég tel að hugsunarhátturinn sé að breytast til hins betra auk þess sem fólk tekur eftir að þetta borgar sig fjárhagslega. Þó er líka áhugavert að Íslendingar hafa í áravís talið fullkomlega í lagi að versla annars flokks ávexti og grænmeti sem send eru til landsins – hálfskemmdu og varla ætluðu til manneldis. Annars þekki ég til fólks sem stundar það sem er kallað „dumpster diving“ (gámagrams á ísl.) en sjálf kýs ég frekar að kaupa vörurnar ef það hvetur verslanir til að bjóða almenningi upp á slíkt – en þannig minnkar einnig kolefnissporið þeirra.“

***Urðun óseldrar tísku***

*– Varðandi tískubylgjur almennt. Fyrir nokkrum árum voru varla til nytjaverslanir sem finnast nú víða, vel sóttar af bæði áhrifavöldum jafnt sem hinum almenna borgara sem versla þar og selja grimmt, og má jafnvel við slagsmálum í Barnaloppunni þegar vel lætur! Telur þú að fólk geri sér grein fyrir hver ávinningurinn af endurvinnslu fatnaðar er – eða er þetta einungis móðins akkúrat núna?*

„Sem unglingur verslaði ég fötin nær eingöngu í nytjaverslunum, meira til að skapa minn eigin stíl, og það á sjálfsagt einnig við um hluta þeirra sem versla í slíkum búðum. Hvað varðar barnaföt finnst mér eðlileg skynsemi að nýta þau sem mest því börn vaxa mjög hratt upp úr fötum. Verðlag nytjaverslana á Íslandi er því miður enn þá í hærri kantinum og vegna þess þurfa neytendur oft að gera upp við sig hvort þeir kaupi tíu stuttermaboli í HM eða leyfi sér að kaupa flotta 80‘s hettupeysu í búð sem selur notuð föt.

Há verðlagning hvetur því miður til „fast fashion“ (skynditíska á ísl.) sem er hugtak yfir fatnað, framleiddan eins fljótt og hægt er, í þeim tilgangi að neytendur geti sem fyrst klætt sig í afurðir tískupallanna. Hugmyndin á bakvið „fast fashion“ er einnig að gera stórum hópi neytenda kleift að klæðast nýjustu tísku á sem lægstu verði – en þeir sem gjalda fyrir slíkt er stór hópur jarðarbúa sem vinnur við að framleiða fötin við ómannúðlegar aðstæður – auk þess sem óseldan fatnað má finna í miklum mæli á urðunarstöðum úti um allan heim. Þetta er ekki sú framtíðarsýn sem ég tel æskilega og eitthvað sem fólk mætti vera meðvitaðra um.“

***Leggjum hönd á plóg***

*– Hver er þín framtíðarsýn? Stutt og laggott?*

„Ég held að það sé mjög mikilvægt að forsvarsmenn sérhvers iðnaðar, og hver einstaklingur, geri sér raunverulega grein fyrir þeirri staðreynd að fyrirbyggjandi breytinga er þörf. Allir ættu að geta gert minni háttar breytingar sem svo saman hafa áhrif.

Það er sorglegt hvað peningar koma mikið við sögu í þessum málefnum. Þeim mun meiri peningum sem fólk eyðir í verslunum sem eru að standa sig í meðvituðum stjórnarháttum, hefur opin augun þegar kemur að matarsóun eða passar upp á að tryggja rétta framkvæmd framleiðsluferlis yfir höfuð ... þarna er framtíðin, þetta eru fyrirtækin sem fólk á að hafa viðskipti við. Ekkert okkar fer í gegnum lífið alveg á fullkominn hátt, en öll ættum við þó að geta lagt hönd á plóg. Og það er mín framtíðarsýn!“ */SP*


Lely Center Ísland



EURO - TRIMA - ALÖ
Ásuðufestingar
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

HAGKVÆM DEKK FYRIR
ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur -** hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.




**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

## Hestamannafélagið Sprettur:

# Fjölbreytt sambland af dýraumhirðu og kennslu ólíkra listforma

**Sóldís Einarsdóttir, myndlistarkennari, hestakona, hundaþjálfari og hundasnyrtir, stendur nú fyrir námskeiðunum Dýr og list í annað sinn í hesthúsi sínu hjá Hestamannafélaginu Spretti í Garðabæ/Kópavogi.**

Þar stendur börnum á aldrinum 5-11 ára til boða að koma á námskeið sem er sambland af myndlistarnámskeiði og kennslu í umhirðu dýra sem hefur svo sannarlega verið vel tekið af borgarbörnunum.

Þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði á dögunum var mikið líf og fjör í hesthúsinu hjá Sóldísi þegar börnin komu hvert af öðru kampakát úr göngutúr í skóginum með nokkra hunda í eftirdragi og fangið fullt af alls kyns blómum og laufblöðum. Eitt af verkefnum dagsins var síðan að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn eftir gönguna og skapa dýr á blað úr náttúrulegum efnum sem fundust á göngunni.

„Ég byrjaði á þessum námskeiðum í fyrrasumar með vinkonu minni, Höllu Maríu, sem rekur reiðskólann Eðalhesta, sem síðan flutti á Skagaströnd en ég ákvað að halda þessu áfram með dóttur minni, Þórunni Rebekku. Aðsóknin hefur aukist um helming í sumar þrátt fyrir að við höfum sáralítið auglýst, svo það er greinilega þörf fyrir þessa tegund af námskeiði fyrir börn,“ segir Sóldís, sem er myndlistarkennari við Myndlistarskólann í Kópavogi og málar myndir, aðallega af dýrum.



Sunna Dís og Gabríela sýna blaðamanni Kalla kanínu, sem er þriggja ára og ansi kröftuglegur.



Mæðgurnar Sóldís og Sunna Dís sýna hér hluta af þeim kanínum sem eiga heima í hesthúsinu.

### *Dýrakona frá blautu barnsbeini*

Það er óhætt að segja að fjölbreytni sé í dýrategundum í hesthúsinu hjá Sóldísi en fyrir utan hestana hafa, hænuungar, kettlingar, naggrísir, kanínur og hamstrar aðstöðu að ógleymdum íslensku fjárhundunum, þeim Mána og Skorra, sem fylgja þátttakendum á námskeiðinu hvert fótmál.

„Ég hef verið mikil dýrakona frá blautu barnsbeini og langaði alltaf að eiga alls konar dýr en fékk það nú kannski ekki alveg eins mikið og ég vildi. Ég og dætur mínar, Þórunn Rebekka og Sunna Dís, höfum lengi verið í hestum og átt alls konar dýr og því var ekki erfitt að bjóða upp á dýra- og listnámskeið hér í hesthúsinu. Við ákváðum strax að hafa hópana fámenna til að geta sinnt bæði börnum og dýrum vel. Það eru 10 til 15 börn á aldrinum 5–11 ára á hverju námskeiði sem eru ýmist fyrir eða eftir hádegi,“ segir Sóldís og bætir við:

„Uppleggið er að börnin komist í tæri við náttúruna og listsköpun auk þess að fá að umgangast dýr og læra að hugsa um þau. Börnin eru tvö til þrjú saman að sjá um dýrin og skiptist það á milli hópa hvaða dýr þau sjá um þann og þann daginn. Þá sjá þau um almenna umhirðu, að þrífa og læra hvað dýrin borða ásamt því að þau fá líka knússtund með þeim.

Síðan eru alltaf tvö börn á dag sem fá að prófa að fara á hestbak og þess á milli vinnum við með listina og mismunandi listform, svo allir hafa mismunandi hlutverk á hverjum degi alla vikuna á námskeiðinu. Það sem er líka mikill plús í þessu er að við erum á svo yndislegum stað alveg ofan í náttúruperlunni Heiðmörk, en við förum mikið upp í Guðmundarlund til að sækja okkur efniviðinn í listsköpunina, auk þess sem við sitjum oft úti og teiknum.

Við mæðgurnar erum allar miklar dýra- og listakonur svo þetta er sannarlega draumur að rætast hjá okkur að geta boðið upp á þessi námskeið. Börn á höfuðborgarsvæðinu komast oft ekki í tæri við dýr en hér hafa þau möguleika á því og kunna virkilega að meta það.“

*/ehg*



Krakkarnir voru einbeitt að skapa dýr úr listaverkum eftir göngutúr dagsins í skóginum.









Sóldís er myndlistarkona og teiknar fallegar myndir af húsdýrum, hægt er að sjá verkin hennar á Instagram undir artwork_by_soldis og á Facebook undir Artwork by Soldis.


Dýrindis saltkjöt var á boðstólum auk gúllassúpu sem rann ljúft ofan í mannskapinn.

## Króksstaðabændur:

# Buðu hestamönnum í saltkjötveislu



**Um hundrað manns mættu til veisluhalda á Króksstöðum í Eyjafjarðarsveit á dögunum. Króksstaðabændur, hjónin Helga Árnadóttir og Guðmundur Karl Tryggvason, eigendur jarðarinnar ásamt Stefáni Erlingssyni sem á þar hús, buðu hestamönnum að koma við og gera sér glaðan dag yfir saltkjöti og gúllassúpu.**

„Það var greinilegt að fólk þyrstir í skemmtilegar samverustundir, eftir langan vetur án mikils samkomuhalds,“ segir Guðmundur. Hann og Helga hafa hross sín í haga á Króksstöðum, halda þar hænur og eru með matjurtagarð, en búa á Akureyri.

### *Söltuðu of mikið eða borðuðu of lítið?*

Guðmundur og Stefán hafa lengi verið samtíða í hestamennsku og brallað eitt og annað saman í áranna rás. Þeir til að mynda salta hrossakjöt í tunnur á haustin og sáu þegar á leið vorið að annaðhvort hafi verið ríflega sett í tunnurnar eða matarlystin með lakara móti, því mikið var til.

Þeim datt því í hug að blása til veislu og bjóða Léttisfélögum að koma yfir, en hægur vandi er úr hesthúsahverfum Akureyrar yfir á Króksstaði einhesta.

### *Slegið á létta strengi*

„Það var nóg til fyrir alla, við vorum undir það búnir að taka á móti svo stórum hóp,“ segir Guðmundur sem er matreiðslumaður og starfaði og rak Bautann um árabil. Um 60 manns höfðu boðað þátttöku og þá mátti alltaf eiga von á slatta af fólki sem ekki hefði hirt um að skrá sig.

Auk saltkjötsins var elduð gúllassúpa og fengu allir vel að borða, það var slegið á létta strengi, mikið hlegið og vitanlega tóku hestamenn lagið og sungu við raust.

/MÞÞ












# Uppagarðyrkja



Helsta ráð Elísabetar Bretlands drottningar við illgresi mun vera að kæfa það með þekju.

**Garðyrkja felst ekki eingöngu í að reyta arfa, grafa holur, blanda jarðveginn með skít, þurrum fingrum, sorgarröndum og brotnum nöglum. Garðyrkja snýst ekki síður um lúkkið sem skiptir máli, réttur klæðnaður, rétt verkfæri, réttur gróður og að kunna rétta língóið.**

Réttur klæðaburður og snyrtimennska er það sem skiptir mestu máli fyrir tískumeðvitað garðyrkjufólk og að sjálfsögðu veit það að klassískur garðyrkjuklæðnaður fer aldrei úr tísku. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að fyrr á öldum voru yfirgarðyrkjumenn í görðum aðalsins almennt klæddir í kjólföt.

### *Stíliseraður í garðinum*

Vel stíliseraður garðyrkjumaður gengur í síðbuxum og grænum Wellington gúmmístígvélum eða hugsanlega tékkneskum landbúnaðargúmmítúttum. Yfir skyrtunni er hann í peysu með olnbogabótum úr brúnu leðri og með Barbour-úlpu sem yfirhöfn og berhöfðaður. Alvöru-uppar nota ekki hanska, ekki einu sinni þegar þeir klippa rósir og vita að stuttbuxur eiga ekki heima í garðinum. Slíkur klæðnaður flokkast sem siðleysi hinna ófáguðu.

Fyrir dömur og heldri konur er við hæfi að klæðast sokkabuxum, hnésíðum kjól úr vönduðu efni og í látlausum lit og grænum og léttum Wellington-stígvélum. Sítt hár skal bundið í frjálslegan en snyrtilegan hnút ofan á höfðinu. Blússan skal vera úr þverröndóttribómull en sé um skyrtu að ræða skal hún vera langröndótt. Um hálsinn skal vera slæða sem hægt er að bregða um höfuðið fari að blása eða þá að konan hafi á höfðinu stráhatt og að sjálfsögðu er Barbour-úlpan ekki langt undan. Garðyrkjukonur nota ekki hanska við garðvinnu enda ekki ætlast til að þær vinni erfiðisstörf og þær vita að það er ekki til siðs að vera berleggjuð í garðinum.

### *Ræktunarstíll*

Þegar kemur að garðinum er gott að kunna skil á hinum ýmsu garðstílum og getað slegið um sig með almennum lýsingum að japönskum, skandinavískum og breskum garðstíl.

Japanskir garðar eru formfastir og einfaldir og henta þeim sem vilja virðast andlega þenkjandi og djúpir í hugsun. Skandinavískir garðar líkjast Ikea-stíl með beinum línum og allt of mikið um þá hér á landi, einfaldir, hugmyndasnauðir og litlausir. Breskur garðstíll reynir eftir megni að virðast náttúrulegur og hentar prýðilega fyrir fólk sem nennir ekki að vinna í garðinum og segist vilja hafa hann villtan.

Í dag er mat-, kryddjurta- og ræktun ávaxtatrjáa í tísku og því nauðsynlegt að hafa lítinn matjurtagarð, svona fyrir eldhúsið, og muna að nota eingöngu lífrænan áburð, það er allt svo mikið bragðbetra ef það er lífrænt ræktað. Það verða að vera að minnsta kosti tvö ávaxtatré í garðinum, berjarunnar og beð með hvítlauk, sem er það heitasta í ræktun í dag.

Allt garðyrkjufólk sem vill sýnast alvöru verður að eiga tágakörfu með rósóttuklæði að innan. Karfan er notuð til að geyma í ný og dýr handverkfæri, eins og klippur, klórur og handskóflur og helst nokkur fræbréf sem „gleymdist“ að sá og á að geyma til næsta árs.

Ekki má gleyma að í garðinum sjáist opinn poki sem er hálffullur af mold eða með lífrænum áburði til að leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl garðeigandans.

Réttar pottaplöntur skipta öllu máli innandyra. Rifblaðka með hvítu, fiðlufíkus, mánagull og orkideur eru í tísku í dag enda viðurkenndar sem plöntur sem hreinsa andrúmsloftið og gefa frá sér mínushlaðnar jónir sem bæta lífsgæði að sögn NASA, geimvísindastofnun Bandaríkjanna. Minna fer aftur á móti fyrir kaktusum og þykkblöðungum um þessar mundir enda hvoru tveggja fremur gróteskt og smáborgaralegt.

Góðir garðyrkjuuppar vita að tískuplönturnar í dag vilja láta úða í kringum sig reglulega og helst einu sinni á dag og til að gera það eiga þeir úðabrúsa úr málmi eða gleri og vökvunarkönnu í stíl en ekki plastkönnu eða ódýran plastúðabrúsa eins og notaðir eru undir gluggaúða eða ofnahreinsir.

Í eldhúsglugganum á að hafa nokkrar lífrænt ræktaðar kryddjurtir, basilíku eða óreganó, sem gott er að grípa til við matreisluna enda allt heimaræktað og lífrænt svo gott.



Karli Bretaprins þykir gaman að planta trjám og er sagt að hann njóti sín best í garðinum þegar hann kennir barnabörnunum handbragðið. Gaman að sjá hvað klæðaburður prinsins er til fyrirmyndar í garðinum.



Margrét Þórhildur Danadrottning í rósagarðinum við Marselisborg-Höll. Mynd / Jacob Jørgensen

### *Jarðgerð og fuglahús*

Allir uppar með sjálfsvirðingu leggja stund á jarðgerð og þekkja muninn á heitri og kaldri jarðgerð og vita að safnhaugamold er besta mold í heimi.

Fuglahús, en aðeins eitt, er í lagi í uppagarðinum enda uppar upp til hópa dýravinir. Uppar vita líka að heimiliskötturinn á að vera innanhúss yfir varptímann og á meðan ungarnir komast á legg. Slíkt er þó sjaldan vandamál þar sem uppar halda oftar kjölturakka frekar en ketti.

### *Heimasáð*

Í dag er mikið í tísku að rækta sínar matjurtir af fræi. Til þess að ræktunin líti vel út þarf að velja sáðbakka og annað sem til þarf af natni og smekkvísi. Garðyrkjuuppinn sáir ekki fyrir mat- og kryddjurtum eða sumarblómum í jógúrtdollur eða afskornar mjólkurfernur. Uppinn veit að ungplöntunum líður betur í smekklegum sáðbökkum og þá helst þeim sem líkjast litlum gróðurhúsum. Hægt er að fá fallega merkipinna til að vita hvaða plöntum er sáð hvar.

### *Góð verkfæri lýsa fágun*

Vönduð og góð verkfæri í garðinum lýsa fágum og vandaðri staðfestu í skapgerð eigandans. Nýjar skóflur, gafflar og hrífur eru fallegar en velmeðfarin eldri verkfæri sýna að ekki sé bruðlað með neitt að óþörfu.

Handklippur eins konar framhald af höndum garðyrkjumannsins og því skyldi aldrei spara við kaup á



Garðyrkjuuppar eiga úðabrúsa úr málmi eða gleri og vökvunarkönnu í stíl.



Hangandi mánagull er ómissandi á uppaheimilinu enda „vísindalega sannað“ að plantan hreinsi loftið og auki lífsgleði á heimilum.

þeim. Uppar vita að dýr verkfæri af rétta merkinu eru góð verkfæri.

*Kóngafólkið*

Góðir uppar eru að sjálfsögðu konungssinnar og vita að Elísabet Bretlandsdrottning og Karl, sonur hennar og prinsinn af Wales, eru áhugafólk um garðyrkju og hafa verið ósínk við að veita almúganum góð garðyrkjuráð. Elísabet er sögð hafa fjölda plöntunafna á hraðbergi, bæði á móðurmáli sínu og latínu, eitthvað sem uppagarðeigendur ættu að tileinka sér og nota sem oftast.

Helsta ráð drottningarinnar við illgresi mun vera að kæfa það með þekju og að hennar söng eru bestu plöturnar í skugga fjólur og bergflétta. Karli Bretaprins þykir gaman að planta trjám og er sagt að hann njóti sín best í garðinum þegar hann kennir barnabörnunum handbragðið. Auk þess sem hann er hrifinn af sterkum blómlitum og því með mikið af litríkum blómum við sumarhöll sína. Margrét Þórhildur Dana- drottning er ekki síðri áhuga- manneskja um garðinn en stalla hennar á Bretlandseyjum. Í tilefni af 75 ára afmæli Margrétar árið 2016 var búin til fjögurra þátta sería með drottningunni sem fjallaði um árstíðirnar í Fredensborg-hallargarðinum á Norður-Sjálandi.



Þægilegt, látlaust og smekklegt.



Rifblaðka með hvítum skellum er í tísku.





Í dag er í tísku að rækta sínar matjurtir af fræi.Til þess að ræktunin líti vel út þarf að velja sáðbakka og annað sem til þarf af natni og smekkvísi.

*Língóið*

Gott er að kunna skil á helstu hugtökum í garðyrkju og sjálfsagt að slá um sig með þeim þegar færi gefst. Yrki er orð sem gott er að þekkja og stendur fyrir afbrigði, einni eða fleiri einstaklingum sem eru lítillega frábrugðnir tegundinni, sem hefur verið valið til ræktunar vegna sérstakra eiginleika, svo sem mikillar uppskeru, bragðgæða eða blómfegurðar. Nauðsynlegt er að vita hver er munurinn á sáðmold og hefðbundinni pottamold og hver er munurinn á súrri og basískri mold og hvers konar jarðveg algengustu garðplöntur kjósa.

Þegar kemur að því að lýsa garðinum sé hann ekki upp á sitt besta fyrir gestum er hægt að grípa til afsakana eins og; ég vil hafa garðinn fremur villtan, eða ég hef ekki haft mikinn tíma fyrir garðvinnu í sumar en þú hefðir átt að sjá hann í fyrra.

*Garðálfar bannaðir*

Sjálfgefið er að blátt bann er við garðálfum af öllu tagi og flamingóafuglum úr plasti eða öðrum efnum í garði uppans og að sjálfsögðu er hvergi að sjá plastblóm, hvort sem það er inni á heimilinu eða í garðinum. Slíkt er þó leyfilegt í garði naífistans, en það er efni í aðra grein. /VH

# Tækniskólinn verður í Hafnarfirði



**Það voru þau Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, og Egill Jónsson, stjórnarformaður Tækniskólans, sem skrifuðu undir viljayfirlýsinguna.** Mynd / Aðsend.

**Fulltrúar stjórnvalda, bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og Tækniskólans undirrituðu á dögunum viljayfirlýsingu um byggingu framtíðarhúsnæðis fyrir skólann við Suðurhöfnina í Hafnarfirði.**

Með nýrri skólabyggingu er ætlunin að sameina starfsemina undir einu þaki, í nútímalegu húsnæði sem uppfyllir þarfir skólans og nemenda hans. Í viljayfirlýsingunni er sammælst um að skipa fulltrúa í verkefnastjórn, rýna fyrirliggjandi þarfagreiningar og tillögur um fyrirkomulag eignarhalds og fjármögnun verkefnisins. Þá staðfestir Hafnarfjarðarbær vilja bæjaryfirvalda til að leggja fram stofnfjárframlag frá bænum í formi lóðar án kvaða og gjalda, ásamt beinu fjárframlagi samkvæmt nánara samkomulagi þar um. Stefnt er að því að niðurstaða greiningarvinnu liggi fyrir í lok nóvember 2021.

/MHH












LÍF & STARF




Júlíus Þröstur Sigurbjartsson og Sigríður Jóhannesdóttir í Sillukoti. Þau keyptu félagið Sælusápur fyrir tveimur árum, byrjuðu í bílskúr á Þórshöfn en eru nú komin með reksturinn til Gunnarsstaða þar sem þau reka eitt af þremur sauðfjárbúum á bænum. Sauðfjárbú og framleiðsla á sápum og fleiri vörum fer vel saman og styrkir búsetuna. Myndir úr einkasafni.

## Vinnslan hjá Sillukoti komin heim í Gunnarsstaði í Þistilfirði:

# Innréttuðu gamla vélaskemmu og framleiða þar sápur og kerti

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is

**„Það var alltaf ætlunin að flytja framleiðsluna heim í Gunnarsstaði enda mun hentugra að hafa starfsemina heima á hlaði," segir Sigríður Jóhannesdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum, Júlíusi Þresti Sigurbjartssyni, rekur fyrirtækið Sillukot sem m.a. framleiðir Sælusápur. Þau hjónin keyptu Sælusápur fyrir tveimur árum, fluttu það úr Kelduhverfi og til bráðabirgða í bílskúr í eigu systur Sigríðar á Þórshöfn.**

Undanfarið ár hafa þau Sigríður og Júlíus unnið að endurbótum á gamalli vélaskemmu sem byggð var utan á fjárhúshlöðu þeirra á Gunnarsstöðum. Nýinnréttuð aðstaða hefur nú verið tekin í notkun og hlakka þau hjón til að taka á móti gestum.

Félagið framleiðir um 15 gerðir af handsápum, handgerð kerti og ýmsar aðrar handgerðar heimilisvörur. Á Gunnarsstöðum eru rekin þrjú sauðfjárbú og eru þau Sigríður og Júlíus með eitt þeirra. Hún segir að vel fari saman að reka sauðfjárbú og fyrirtækið Sælusápur, í því felist ýmis jákvæð samlegðaráhrif og styrki búsetu þeirra á heimaslóð. Sigríður og Júlíus eiga þrjár dætur sem allar vinna jafnt og þétt með foreldrum sínum við sápugerðina og búskapinn.

### *Tóku gamla vélaskemmu í nefið*

Sigríður segir að á liðnum vetri hafi verið unnið við endurbætur á vélaskemmunni, en hún er tæpir 80 fermetrar að stærð. Þau tóku þá ákvörðun að stúka annan enda hennar af, um 20 fermetra pláss, og tengdu hann hesthúsi þeirra og þar mun verða áhalda- og verkfærageymsla. Sápu- og kertagerðin hefur þá yfir að ráða um 55 fermetrum, vinnslan er í 40 fermetrum, sölugallerí hefur um 10 fermetra til umráða og annað pláss undir salerni og inngang. „Þetta var óupphituð véla- og verkfærageymsla. Við hreinsuðum allt út, skiptum um þak, einangruðum rýmið og klæddum það að innan, endurnýjuðum rafmagn og lagnir í gólfi. Það má orða það svo að við höfum tekið húsnæðið algjörlega í nefið. Fyrir vikið er aðstaðan orðin glæsileg og við himinsæl með útkomuna," segir Sigríður.

Í framkvæmdum eins og þessum er ómetanlegt að búa í sveit eins og okkar þar sem menn fara á milli bæja og hjálpast að. Má þar nefna að þegar við skiptum um þak mætti vaskur hópur manna og hamarshöggin ómuðu í 2 daga meðan þeir skiptu um þakið. Svona samvinna gerir það að verkum að svona verk eru framkvæmanleg. Við mjög þakklát fyrir alla þá aðstoð sem við fengum til að láta þennan draum okkar verða að veruleika."

### *Vonum að sem flestir komi í heimsókn*

Í vinnslurýminu framleiðir hún sápur, margs konar kerti og varasalva.

„Vonandi eiga fleiri vörur eftir að bætast við með tíð og tíma," segir hún. „Við verðum með opið í sumar en engan formlegan afgreiðslutíma, við erum nær alltaf heima við og getum þá skroppið niður eftir og opnað fyrir þá sem eiga leið um og vilja kíkja til okkar." Sigríður



Hér má sjá Sigríði hræra saman hráefnum, tólg, olíu, vítissóda, ilm og jurtum til að sápan verði til, en öll sápa er hrærð saman á þennan máta, m.a. pískara og töfrasprota í potti.



Sigríður Jóhannesdóttir í nýja vinnslusalnum. Þau hjónin innréttuðu gamla vélaskemmu við Gunnarsstaði og hafa 55 fermetra til umráða í skemmunni sem skiptir á milli vinnslu og söluaðstöðu.



Sillukot framleiðir um 15 gerðir af handsápum, handgerð kerti og annan heimilisvarning. Hægt er að skoða úrvalið á Gunnarsstöðum í Þistilfirði þar sem söluaðstöðu hefur verið komið upp.



Sigríður hellir heiðarsælu í sápumót til að láta hana harðna.




Sillukot sækir nafn sitt til ömmu Sigríðar og alnöfnu sem á sinni tíð bjó á Gunnarsstöðum.

segir að það sé skemmtilegt að sýna gestum aðstöðuna, þeir koma heim á sveitabæinn þeirra og fá að sjá og upplifa það sem verið er að sýsla við daglega. Hænur eiga það til að ganga yfir hlaðið, heimalningar jarma og láta í sér heyra þegar þeir verða svangir og stöku sinnum baula kálfar utan við gluggann. „Það er óhætt að segja að það er fjör hjá okkur í Sillukoti og við vonumst eftir að fá sem flesta gesti til okkar í heimsókn í sumar.“ Sigríður segir að nafnið Sillukot megi rekja til ömmu hennar og alnöfnu sem gjarnan var kölluð Silla á Gunnarsstöðum. „Þegar ég stend í dyrunum á kotinu okkar horfi ég yfir á gamla bæinn á Gunnarsstöðum þar sem hún bjó en óneitanlega verður mér oft hugsað til hennar eftir að við hófum þessa vegferð,“ segir hún.

### *Jurtir úr íslenskri náttúru í sápunum*

Sælusápur komu sér upp vefverslun síðastliðið haust og segir Sigríður að hún hafi skilað talsverðu, enda var bróðurpart liðins ár lítið hægt að fara um og taka þátt í mörkuðum líkt og smáframleiðendur gera gjarnan. Vefverslunin verður starfrækt áfram, enda þægilegur verslunarmáti sem margir hafa tileinkað sér undanfarin misseri. Nú þegar hefur fyrirtækið aflað sér nokkurra viðskiptavina sem hún segir að kalla megi fastakúnna.

„Kórónuveirufaraldurinn breytti heilmiklu fyrir okkur. Margir af okkar endursöluaðilum byggðu á sölu til ferðamanna, þannig að sala dróst verulega saman þegar þeir hurfu af landinu. En á sama tíma byggðist íslenskur markaður upp hægt og rólega,“ segir Sigríður. Hún nefnir að Sælusápur sem innihalda íslenskar og handtíndar jurtir hafi reynst þeim vel sem hafa viðkvæmar hendur sem þorna við mikla sprittnotkun og handþvott.

### *Hörkuvinna fram undan við að byggja upp markað*

„Best er að hafa markaðinn blandaðan, bæði Íslendinga og útlendinga,“ bætir hún við og nefnir að við Íslendingar eigum að sjálfsögðu að nota vörur sem framleiddar eru á Íslandi sé þess kostur en slíkt er umhverfisvænna og styrkir búsetu í landinu. En einnig er gaman að erlendir ferðamenn geti notið þess að taka með sér vörur framleiddar á landinu og á þann hátt tekið með sér brot af Íslandi þegar haldið er heim. Það eigi við um sápurnar sem innihaldi íslenska kindatólg og jurtir úr íslenskri náttúru.

„Fram undan hjá okkur er hörkuvinna við að byggja upp sterkan markað, aðstaðan er komin svo nú brettum við upp ermar og hefjumst handa. Við höfum fulla trú á að framleiðsla okkar vaxi og dafni. Við ætlum svo sannarlega að nýta okkur það að styrkja búsetu okkar í sveitinni með eigin framleiðslu,“ segir Sigríður.











Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Vatnajökulsþjóðgarður:

# Byggja upp gestastofu þar sem áður var hótel

**Uppbygging gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Skútustöðum í Mývatnssveit er hafin. Ríkið keypti í upphafi árs fasteignina Hótel Gíg sem þar er og gegndi upphaflega hlutverki barnaskólasveitarinnar.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra hóf verkefnið formlega en í stað hefðbundinnar skóflustungu tók hann, ásamt forstjórum fjögurra stofnana og sveitarstjóra í Skútustaðahreppi, sér verkfæri í hönd og tóku niður hurðir á því sem áður voru hótelherbergi, en verða í framtíðinni skrifstofurými fyrir stofnanirnar.

*Nýjar hjarir á öðrum stað*

Hurðunum hafa þegar verið fundnar nýjar hjarir á öðrum stað í Mývatnssveit, í anda hringrásarhagkerfisins að því er fram kemur á vef ráðuneytisins. Að breytingunum loknum mun Gígur hýsa gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs og náttúruverndarsvæða í Mývatnssveit, auk starfsaðstöðu fyrir starfsfólk þjóðgarðsins og þriggja annarra stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins; Umhverfisstofnunar, Landgræðslunnar og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (Ramý).

Allt kapp hefur verið lagt á að nýta innréttingar og innanstokksmuni í húsinu ellegar finna þeim nýjan stað eða nýtt hlutverk annars staðar. Húsið, sem áður hýsti Skútustaðaskóla, stendur á einstökum útsýnisstað við Mývatn og þóttu kaup á því hagstæður kostur fyrir ríkissjóð sem gætu um leið skapað tækifæri í Mývatnssveit. Skútustaðahreppur hefur áform um að nýta hluta af húsnæðinu undir atvinnuskapandi nýsköpun og þekkingarsetur.

Einnig gefst möguleiki á að útbúa þar starfsaðstöðu fyrir opinber störf án staðsetningar, t.d. á vegum annarra stofnana ríkisins, háskóla og rannsóknaraðila.

*Starfsstöðvar þjóðgarðsins á sex stöðum*

Í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð er kveðið á um lögbundin áform ríkisins um að halda úti sex meginstarfsstöðvum þjóðgarðsins sem mynda þjónustunet. Þegar hafa meginstarfsstöðvar í Ásbyrgi, Skaftafelli, á Skriðuklaustri og Hornafirði verið settar á laggirnar og bygging meginstarfsstöðvar á Kirkjubæjarklaustri er hafin. Með uppbyggingu gestastofu í Mývatnssveit er því búið að fullnusta uppbygginguu þessa mikilvæga þjónustunets Vatnajökulsþjóðgarðs. /MÞÞ



Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, Árni Bragason landgræðslustjóri, Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn, Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Mynd / Vefur umhverfis- og auðlindaráðuneytis



Skipstjórnarmenn og fulltrúar Stena Line voru viðstaddir þegar grænu metanóli frá CRI var dælt á Stena Germanica ferjuna í höfninni í Gautaborg. CRI var valið vvaxtarsproti ársins 2019 og hlaut viðurkenningu árið 2020 fyrir mikla aukningu í veltu. Þá hefur CRI unnið til alþjóðlegu verðlaunanna Wärtsilä SparkUp Challenge, Energy Globe Awards og Nova Institute Best CO2 Utilization.

Sigldi án vandræða:

# Íslenskt tæknifyrirtæki framleiðir grænt eldsneyti

**„Stena Germanica“, farþegaferja sænska ferjufyrirtækisins Stena Line, sigldi í lok júní knúin vistvænu metanóli á reglubundinni ferð sinni milli Gautaborgar í Svíþjóð og Kílar í Þýskalandi.**

Var þetta í fyrsta sinn sem farþega- og bílferja knúin hefðbundnum brunavélum sigldi á vistvænu metanóli. Eldsneytið var framleitt af Carbon Recycling International (CRI) og samstarfsaðilum þess með endurunnum útblæstri frá stáliðjuveri í Norður-Svíþjóð. Germanica ferjan, sem er 240 metra löng, ber 1300 farþega og 300 bíla. Hún er knúin fjórum aðalvélum sem var breytt árið 2015, þannig að þær geta gengið bæði á metanóli og dísil. Metanól ryður sér nú til rúms sem umhverfisvænna eldsneyti fyrir skip, en Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) gaf á síðasta ári út nýja staðla um notkun metanóls sem skipaeldsneyti.

Með brunaolíu þess í stað er komið í veg fyrir allan útblástur svifryks og brennisteinsoxíðs. Einnig uppfylla skip, sem brenna metanóli, ströngustu skilyrði um útblástur nituroxíðs. Með vistvænu metanóli geta skipafélög svo einnig uppfyllt vaxandi kröfur um minni losun gróðurhúsalofttegunda.



Stena Germanica farþegaferjan siglir knúin grænu metanóli framleitt af CRI en fyrirtækið er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki sem þróar, hannar og afhendir búnað til að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti og vistvæna efnavöru, úr koltvísýringi og vetni. Myndir / aðsendar

*Metanólið vinsælt*

Í dag eru yfir 20 flutninga- og farþegaskip knúin metanóli. Mörg ný skip eru einnig í smíðum. Þannig hefur dótturfyrirtæki Stena Line, Stena Bulk, nýlega pantað þrjú efnaflutningaskip knúin metanólvélum.

Metanól- og ammóníaksframleiðandinn Proman er með annað skip í smíðum og Maersk, stærsta skipafélag heims, mun sjósetja fyrsta gámaflutningaskipið sem brennir metanóli á árinu 2023. Maersk áformar einnig smíði þriggja gámaflutningaskipa til viðbótar. Þá eru hafnaryfirvöld víða í Evrópu að fjárfesta í innviðum til dreifingar metanóls og metanóldráttarbátum.

*Verksmiðja reist í Kína*

Eftirspurn eftir grænu metanóli mun því vaxa hröðum skrefum á næstu árum, en Alþjóðastofnunin um endurnýjanlega orku (IRENA) spáir að framleiðslan þurfi að aukast um 400 milljón tonn fram til ársins 2050, eða um milljón tonn á mánuði að jafnaði.

Metanólið verður nýtt sem grænt eldsneyti fyrir skip, í þungaflutningum á landi og til framleiðslu á efnavöru. CRI hefur á undanförnum 15 árum haslað sér völl sem leiðandi fyrirtæki í heiminum í þróun og sölu búnaðar til að framleiða grænt metanól með endurvinnslu koltvísýrings. CRI vinnur nú að því að reisa verksmiðju með 110 þúsund tonna framleiðslugetu á ári í Anyang-héraði Kína og að hönnun verksmiðju sambærilegrar stærðar í Norður-Noregi, auk þess sem fleiri verkefni eru í pípunum.

*Nauðsynleg orkuskipti í sjóflutningum*

„Við erum stolt af framlagi okkar til „FreSME“ verkefnisins sem tókst á allan hátt frábærlega en verkefnið hlaut tæplega tveggja milljarða króna styrk úr rannsóknasjóðum Evrópusambandsins. Framleiðsla á grænu metanóli úr útblæstri frá stáliðnaði getur haft jákvæð áhrif á umhverfið. Aukið framboð á eldsneyti framleiddu með tækni CRI mun styðja nauðsynleg orkuskipti í sjóflutningum og öðrum sviðum samgangna og iðnaðar,“ sagði Ingólfur Guðmundsson, forstjóri CRI.

Auk CRI eru í „FreSMe“ verkefninu 10 evrópskir samstarfsaðliar:Iideals (frá Spáni), TNO (Hollandi), Swerim (Svíþjóð), SSAB (Svíþjóð), Array Industries (Hollandi), Tata Steel (Hollandi), Stena Line (Svíþjóð), Kisuma Chemicals B.V. (Hollandi), NIC – National Institute of Chemistry (Slóveníu) og Politecnico di Milano (Ítalíu). /MHH


RÚSSARNIR ERU MÆTTIR RM

Kynnum til sögunnar ný fjórhjól á Íslandi, framleidd af RM í rússlandi.

Dráttarvélaskráð T3b
Mótor: 800c/c
Bein innspýting
Sjálfstæð fjöðrun
Diskabremsur
Hiti í handföngum.
Spil að framan
Dráttarkrókur að aftan
Dráttargeta 960kg
Hátt og lágt drif
Læsanlegt að aftan og framan.
Verð:1.820.000+vsk
Gámatilboð:
1.700.000+vsk





VALLARBRAUT



www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-8411200 & 8417300



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
líka hægt að lesa á bbl.is og Facebook
HLAÐAN HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS https://www.bbl.is/hladan

## Skógræktin:

# Leita eftir upplýsingum um skaðvalda á trjám

**Rannsóknasvið Skógræktarinnar hvetur fólk til að líta eftir skaðvöldum á trjám og runnum um allt land og láta vita ef vart verður við áberandi eða óvenjulegar skemmdir vegna smádýra, sjúkdóma, veðurs eða annars sem skemmt getur trjágróður. Myndir og greinargóðar lýsingar eru vel þegnar.**

Nú þegar sumarið er í algleymingi og allt er lifnað við óskar starfsfólk Mógilsár, rannsóknasviðs Skógræktarinnar, eftir því að fólk um allt land sendi upplýsingar um ástand skóga þar sem farið er um, sérstaklega ef vart verður við einhvers konar óværu á trjánum. Þetta samstarf við fólkið í landinu hefur reynst afar vel undanfarin ár og er öllum sem hafa veitt upplýsingar um skaðvalda sendar bestu þakkir.


Birkikemba í birkilaufblaði. Mynd / Edda S. Oddsdóttir.

### *Asparglytta, birkikemba og birkiþéla dreifa sér hratt*

Sérstaklega er fólk beðið um að hafa augun opin fyrir nýjum pestum á viðkomandi svæðum. Skaðvaldar eins og asparglytta, birkikemba og birkiþéla virðast til dæmis vera að dreifa sér hratt um landið um þessar mundir. Einnig væri dýrmætt að fá svar við spurningunni:„Hver/hverjir finnst þér vera mest áberandi skaðvaldarnir á trjám í þínum landshluta/svæði í ár?“

Hér fyrir neðan er hlekkur á Excel-skjal sem gæti hjálpað til við skráninguna. Þar má finna skaðvaldatöflu sem er ætluð til að fylla í upplýsingar um þær skemmdir sem fólk finnur. Einnig eru útskýringar sem hjálpa til við að fylla út í töfluna og listi yfir helstu skaðvalda raðað eftir trjátegundum. Allar viðbótarupplýsingar og hugleiðingar eru líka vel þegnar, umfram það sem beðið er um á töfluforminu.

### *Myndir mjög gagnlegar*

Myndir mega gjarnan fylgja með enda geta þær verið mjög gagnlegar til að staðfesta greiningar. Allar myndir eru vistaðar í gagnagrunni þar sem skráð er hver er höfundur eða rétthafi þeirra. Gengið er út frá því að myndir sem fólk sendir megi nota á glærum fyrirlestra, þar sem ljósmyndara er getið, en óskað verður leyfis ef ætlunin er að nota þær til opinberrar birtingar, svo sem í Ársriti Skógræktarinnar, á vefnum, í prentmiðlum o.þ.h. Vilji fólk ekki að myndir séu notaðar með þeim hætti er fólk hvatt til að geta þess um leið og myndirnar eru sendar.

### *Hlekkur til að greina skordýr*

Til aðstoðar við greiningar er hér líka hlekkur á ritið Skordýr í trjám og runnum, stutta samantekt sem Edda S. Oddsdóttir skógvistfræðingur tók saman fyrir nokkru og hefur að geyma myndir af öllum helstu skordýrum sem valda skaða á trjám hérlendis. Einnig er vert að benda á skaðvaldavef Skógræktarinnar þar sem fjallað er um þá skaðvalda sem herja á trjátegundir hérlendis.

Nánari upplýsingar gefur Brynja Hrafnkelsdóttir á Mógilsá. Hún tekur líka við upplýsingum um skaðvalda á netfanginu brynja@skogur.is.

/VH





**Farmer wants a wife International**

„Bauer sucht Frau International" (Farmer wants a wife international) is a successful German TV-documentary by RTL Germany, with more than 4 million viewers following our farmers as they embark on their quest for true love.
We are currently producing the fourth season and are looking for German-speaking farmers (such as vintners, cattle farmers, coffee planters, or grain growers), who are living outside of Germany and are interested in a TV adventure!

**Are you a German-speaking farmer between 20-70 years old living abroad and looking for a partner?**

**Apply now!**

www.ufa.de/casting/bauer-sucht-frau-international
or email us at
bauersuchtfrauinternational@ufa.de







**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*







Reyktur silungur er nokkurs konar einkennismatvæli fyrir Mývatnssveit.

### Matarstígnum Taste Mývatn hleypt af stokkunum:

# Matargerð og menning skiptir máli við val ferðamanna á áfangastað

## – Fjölbreytt framleiðsla á matvöru á svæðinu

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is


**„Það hefur verið hugmynd um töluverðan tíma að koma upp matarstíg hér um slóðir og ánægjulegt að hann er nú orðinn að veruleika. Það er mikil framleiðsla á matvöru á svæðinu og full ástæða til að benda bæði ferðamönnum og heimafólki á hvað sé í boði.**

Matargerð og menning skiptir yfirleitt miklu máli við val ferðamanna á áfangastað og því er kjörið að vekja athygli á svæðinu með þessum hætti,“ segir Úlla Árdal, markaðs- og þróunarstjóri hjá Mývatnsstofu.

Stofan kynnti nýverið verkefnið Taste Mývatn, matarstíg sem beinir sjónum að framleiðslu og framboði á matvöru í Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi ásamt því að hampa gömlum hefðum og standa þannig vörð um matarmenningu svæðisins.

Hjólin fóru að sögn Úllu að snúast þegar styrkur fékkst eftir áramót úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

„Við vorum með skýra sýn, keyrðum verkefnið strax í gang og stefndum á að vera tilbúin með heimasíðu fyrir sumarið. Það gekk eftir, vefsíðan Tastemyvatn.is er komin í loftið,“ segir Úlla. Þar er sagt frá framleiðendum á svæðinu, hvar hægt er að nálgast vörur þeirra og hvaða veitingastaðir og verslanir bjóða upp á þær. Hún segir að þó nokkrir hafi vottuð vinnslurými heima á sínum býlum og að Taste Mývatn gæti vonandi orðið til þess að fleiri sjái tækifæri í því að prufa sig áfram í að fullvinna sínar afurðir. Matarskemman á Laugum í Reykjadal býður einnig upp á góða og vottaða aðstöðu sem er öllum opin og margir nýta sér.

Mýflugan hjá Daddi's pizza í Mývatnssveit er með reyktum silungi, furuhnetum og rjómaosti.



### *Leitum flest eftir staðbundnum matvælum*

Á vefsíðunni er einnig sagt frá veitingastöðum sem bjóða upp á hráefni úr nærumhverfi og greinir frá hvaðan það kemur.

„Okkur langar að gera þessi tengsl milli framleiðenda og veitingastaða greinilegri og tilgreina nákvæmlega hvaðan kjötið, fiskurinn og grænmetið kemur, í þeim tilfellum sem það er mögulegt,“ segir Úlla.


Úlla Árdal, markaðs- og þróunarstjóri hjá Mývatnsstofu, segir að þar á bæ finni menn fyrir jákvæðni og áhuga gagnvart matarstígsverkefninu.

„Við leitum flest eftir staðbundnum matvælum og það er mikilvægt að hafa gagnsæi og gera fólki ljóst hver uppruni hráefnanna er. Veitingastaðir hér um slóðir gera mikið af því að kaupa hráefni úr nærumhverfi og við vonumst til þess að matarstígurinn geti orðið fólki hvatning til að gera enn betur og styrkja þannig enn frekar við uppbyggingu hringrásarhagkerfis.“

### *16 veitingastaðir með, og 10 framleiðendur*

Úlla segir að Mývatnsstofa finni ekki fyrir öðru en jákvæðni og áhuga gagnvart verkefninu. Nú þegar séu 16 veitingastaðir og 10 framleiðendur með á heimasíðunni, „og við sjáum fram á að þeim fjölgi hægt og rólega eftir því sem fleiri prufa sig áfram í eigin framleiðslu,“ segir hún.


Tíu framleiðendur eru með í verkefni Taste Mývatn, og framleiða þeir ýmsa matvöru, kjöt, fisk og grænmeti.

Í tengslum við matarstíginn er stefnt að því að halda nokkra bændamarkaði á ári og verða þeir hér og þar á svæðinu. Sá fyrsti var í Dimmuborgum í lok maí og gekk vonum framar að sögn Úllu.

### *Gamlar matarhefðir í heiðrum hafðar*

Bendir hún á að gamlar matarhefðir svæðisins séu einnig í heiðri




Veitingastaðirnir innan matarstígsins eru 16 talsins.



Mývetningar eru þekktir fyrir að kunna vel til verka þegar kemur að því að reykja matvæli. Hér má sjá reykkofa í Mývatnssveit.



Arnþrúður Anna Jónsdóttir frá Vogum í Mývatnssveit bakar hverarúgbrauð.

hafðar innan matarstígsins, enda Íslendingar almennt stoltir af sínum uppruna. Ferðamenn sækist líka eftir því að prófa „ekta“ íslenskan mat.

„Við þekkjum það líka sjálf þegar við ferðumst erlendis að vilja smakka eitthvað sem tengir okkur betur við landið og menningu þess,“ segir hún. Íslenskar matarhefðir einkenndust í fyrri tíð af neyslu dýraafurða og sérkennilegum geymsluaðferðum og þar segir Úlla að Þingeyingar séu engin undantekning.

### *Svæðið hefur ýmsa sérstöðu*

Landbúnaður er mikilvægur á svæðinu og íbúar eru þekktir fyrir afbragðs reykingu, hvort heldur er á fiski eða kjöti. Þá má nefna að töluverð grænmetisræktun er í héraðinu og á Hveravöllum í Norðurþingi er jarðhiti nýttur til að rækta grænmeti í gróðurhúsum.

„Svæðið hefur ýmsa sérstöðu þegar kemur að mat, það má nefna hverabakaða rúgbrauðið, reykta silunginn og bárðdælska grasölið. Ég er nokkuð viss um að margir eru áhugasamir um að sjá hvernig silungur er taðreyktur í torfkofum eða hvernig jarðhiti er nýttur til að baka rúgbrauð. Það eru því mörg tækifæri til að sækja fram og við vonumst til að framleiðendur eða einhverjir áhugasamir sjái sér hag í að bjóða upp á matartengdar upplifanir sem gæti þá orðið viðbót við Taste Mývatn,“ segir Úlla.



Birgir Hauksson hjá Reykkofanum og Litlu sveitabúðinni á Hellu í Mývatnssveit.

### *Vonast til að þróa matarstíginn áfram*

Hún nefnir að til að byrja með snúist verkefnið um upplýsingasíðuna, en vonast sé til að í framhaldinu verði hægt að þróa stíginn áfram í samvinnu við veitingastaði þar sem hver og einn gæti boðið upp á einn sérstakan „Taste Mývatn rétt“ sem byggði á gömlu hefðunum og væri eldaður úr staðbundnu hráefni. „Á þann hátt gæti Taste Mývatn leitt gesti um einstakar matarhefðir um leið og ferðalangar skoða stórbrotna náttúru svæðisins. Það má líka nútímavæða og breyta réttum, prófa eitthvað nýtt,“ segir hún og nefnir sem dæmi réttinn Mýfluguna hjá Daddi's pizza í Mývatnssveit en hún er með reyktum silungi, furuhnetum og rjómaosti.

„Ég er ekki viss um að það yrði biðröð í kæst egg enda breytast tímarnir og mennirnir með en samt veit maður aldrei.“ /MÞÞ



Gylfi Yngvason hjá Reykhúsinu á Skútustöðum í Mývatnssveit.



UTAN ÚR HEIMI

## Spænsk matvæli:

# Hafa áhyggjur af leifum varnarefna

**Félag vistfræðinga á Spáni krefjast þess að varnarefnanotkun í matvælaiðnaði í landinu verði minnkuð um helming fyrir árið 2023 miðað við það sem nú er, sérstaklega þau sem eru mjög eitruð og ekki leyfisskyld. Þetta gáfu þeir út eftir að ný gögn sýndu mikið magn af leifum varnarefna sem fundust í matvælum á Spáni.**

Skýrsla aðgerðarsinna vistfræðinga sem tóku saman gögn með umboðsskrifstofu Spánar fyrir neyslu, matvælaöryggi og næringu, sýnir að í 44,4% af grænmeti og ávöxtum fundust leifar af varnarefnum. Ákveðnir ávextir eins og jarðarber innihéldu allt að 37 mismunandi tegundir af varnarefnum, þar af 25 þeirra sem geta haft áhrif á hormónakerfi fólks.

Rúmlega 30% af leifunum eru frá varnarefnum sem hafa ekki tilskilin leyfi í Evrópusambandinu. Gögnin sýna að Spánn er, nú sem fyrr, leiðandi í sölu á varnarefnum í Evrópu árið 2019 þegar seld voru rétt rúmlega 75 þúsund tonn þar í landi.

Aðgerðaráætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Farm to Fork, sendi ákall árið 2020 til aðildarlanda sambandsins að minnka notkun varnarefna. Frjálsu félagasamtökin Save Bees and Farmers mæla einnig með að stefnt verði á að notkun á gervivarnarefnum verði minnkuð um 80% fyrir árið 2030 og alfarið banna notkun frá 2035 til að vernda líffræðilegan fjölbreytileika. */ ehg*



Hluti varnarefna sem notuð eru í matvælaiðnaði geta haft áhrif á hormónakerfi fólks.

## Skógareldar:

# Kalifornía brennur



Eldur í eikarskógi í Kaliforníuríki.

**Undanfarna mánuði hafa skógareldar verið að magnast í Kaliforníu-ríki í Bandaríkjum Norður-Ameríku.**

Eldarnir, sem brenna á mörgum stöðum í ríkinu, eru illviðráðanlegir vegna þurrka og þrátt fyrir baráttu skógaryfirvalda og slökkviliðs hafa eldarnir verið að breiðast út. Fyrstu eldarnir sem um ræðir hafa logað frá því um miðjan janúar á þessu ári og alls hafa þeir verið um 5000 og logað á um 60 þúsund hektara svæði. Auk gróðurskemmda og dauða fjölda dýra hafa að minnsta kosti 120 byggingar orðið eldinum að bráð og fjöldi fólks þurft að yfirgefa heimili sín. Orsök eldanna er rakin til loftslagsbreytinga og hitabylgju í kjölfar þeirra sem leitt hafa til óvenju mikilla þurrka í ríkinu. Skógareldum hefur fjölgað í Kaliforníu undanfarin ár en að sögn skógaryfirvalda í ríkinu eru eldarnir óvenju margir og stórir í ár. */VH*



Þúsundir her- og slökkviliðsmanna auk óbreyttra borgara berjast við skógarelda í Síberíu.

## Síbería:

# 800.000 hektarar af skóglendi eldi að bráð

**Gríðarlegir skógareldar geisa í kjölfar óvenjulegrar hitabylgju í Síberíu. Stjórnvöld í landinu beita stórum sem litlum herflugvélum í baráttunni við eldana sem þegar hafa lagt undir sig 800 þúsund hektara af skóglendi.**

Rússneski herinn hefur undanfarnar vikur sent sérbúnar vatnsflutningaflugvélar, Ilyushin Il-76, í þúsundir leiðangra til að reyna að slökkva eldana auk þess sem þúsundir her- og slökkviliðsmanna berjast við eldana á jörðinni.

### *Íbúar biðja um aukna aðstoð*

Íbúar í Jakútíu-borg, sem er á túndru eða sífrera, hafa orðið hvað verst úti í eldunum og reyknum sem honum fylgir og segja að verkir í lungum séu algengir og óttast að skemmdir á lungum séu óendurkræfar og hafa beðið Pútín forseta að senda aukinn tækjabúnað og fleiri hermenn til að berjast við eldana.

Þurrkar í Jakútíu hafa aldrei verið meiri en það sem af er sumri og hitastig í borginni náði 30 ° á Celsíus í júní en að öllu jöfnu er borgin flokkuð með þeim köldustu í heimi.



Sams konar flugvél og Rússar nota við slökkvistarfið.

### *Þiðnun sífrerans*

Vísindamenn í Rússlandi og víðar um heim hafa lýst yfir áhyggjum sínum um að eldarnir í Síberíu geti valdið þiðnun í sífrera svæðisins og í kjölfarið muni mikið magn af koltvísýringi losna úr læðingi og um leið bæta enn frekar í ógnina sem nú þegar stafar af hlýnun jarðar. Auk þess sem aska sem leggst yfir snjó á nærliggjandi svæðum eykur á þiðnun. Hitabylgjur í Rússlandi undanfarin ár hafa slegið hvert hitametið af öðru og í júní síðastliðinn náði hiti í Moskvu 34,7 ° á Celsíus sem er mesti hiti sem mælst hefur í borginni í 120 ár.

Talið er að losun koltvísýrings vegna eldanna síðustu sex vikur hafi jafngilt árlegri losun Venesúela. */VH*

## Amason-regnskógarnir:

# Losa mun meiri koltvísýring en þeir binda

**Nýlegar rannsóknir benda til að regnskógar Amason losi rúmlega milljarði tonna meira af koltvísýringi á ári en þeir binda. Vísindamenn segja niðurstöðu útreikninganna ógnvekjandi.**

Í fyrsta sinn frá því að farið var að áætla bindingu og losum koltvísýrings í regnskógum Amason sýna útreikningar að skógarnir losa meiri koltvísýring en þeir binda. Helsta ástæða aukinnar losunar er sögð vera ólögleg skógareyðing með bruna til að ryðja land til ræktunar á soja og nautgripaeldis.

Auk þess sem hækkun lofthita vegna loftslagsbreytinga hefur leitt til þurrka í suðausturhluta skóganna og í kjölfarið minni koltvísýringsbindingar á því svæði.

### *Verulegt áhyggjuefni*

Regnskógar Amason hafa frá upphafi bundið um 25% af koltvísýringslosun í heiminum og því verulegt áhyggjuefni að skógarnir séu farnir að losa koltvísýring í stað þess að binda hann.

Vegna þessa, að sögn vísindamanna sem unnu rannsóknina, er enn mikilvægara en áður að draga úr losun efna sem auka á hlýnun jarðar. Niðurstaðan er tilkomin vegna loftsýna sem tekin hafa verið með flugvélum í um 4,5 kílómetra hæð yfir skógunum á rúmum áratug. Auk þess sem gervitunglamyndir hafa verið notaðar til að áætla minnkun á skógunum.



Í kjölfar stefnu forseta Brasilíu hefur skógareyðing í landinu ekki verið meiri í tólf ár.

### *Forseti Brasilíu gagnrýndur*

Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, hefur undanfarið verið réttilega harðlega gagnrýndur fyrir að hvetja til skógareyðingar í landinu til að auka viðarframleiðslu, sojarækt og nautgripaeldi. Í kjölfar stefnu forsetans hefur skógareyðing í Brasilíu ekki verið meiri í tólf ár. */VH*

ÞINN GARÐUR þín kolefnisbinding


Hnausplöntur má gróðursetja hvenær sem er allt sumarið, þær verða alltaf himinlifandi yfir því að komast í varanlega vist þar sem þær fá að vaxa og dafna og hafa nóg pláss.

## Gróðursetning:
# Hnausplöntur

**Þar sem við Íslendingar erum dálítið óþolinmóð þjóð viljum við stundum kaupa okkur plöntur sem eru eiginlega tilbúnar, orðnar stórar og stæðilegar og setja strax svip á garðinn.**

Garðplöntuframleiðendur vita af þessum eiginleikum og rækta því ýmsar trjátegundir upp í stórar stærðir og með dularfullri ræktunartækni tekst þeim að láta plönturnar mynda þéttan rótaklump, svokallaðan hnaus, sem inniheldur fínrótakerfi plöntunnar og gerir henni lífið auðveldara þegar hún kemst á áfangastað í nýjum garði. Hnausplöntur má gróðursetja hvenær sem er allt sumarið, þær verða alltaf himinlifandi yfir því að komast í varanlega vist þar sem þær fá að vaxa og dafna og hafa nóg pláss.


Við gróðursetningu þarf að grafa holu sem er töluvert víðari en þvermálið á hnausnum segir til um.

### *Góður áburður og vökvun*

Við gróðursetningu hnausplantna þarf að grafa holu sem er töluvert víðari en þvermálið á hnausnum segir til um. Í holuna er ágætt að blanda lífrænu efni eins og húsdýraáburði eða moltu, í þessum áburði er framtíðarnesti fyrir plöntuna og dugir henni nokkuð lengi. Gott er að hræra áburðinum vel saman við moldina sem fyrir er og svo er ágætt að reyna að koma áburðarblandaðri moldinni fyrir í hliðum holunnar, ekki bara undir plöntunni því þær rætur sem eru virkastar í að ná í næringu vaxa í efstu 10–20 cm jarðvegs. Svo er plöntunni komið haganlega fyrir í miðri holunni og moldinni mokað að, mikilvægt að hún standi ekki dýpra en hún gerði áður, við erum jú að gróðursetja hana, ekki jarðsetja. Þá er fyllt upp í afganginn af holunni með góðri mold, þjappað aðeins meðfram en þó ekki allt of mikið því ræturnar




Ef plantan er hávaxin er ágætt að setja 2-3 staura niður rétt fyrir utan rótarhnausinn og binda stofn plöntunnar við staurana, það tryggir að rótakerfið fær frið til að vaxa og festa plöntuna í sessi.

þurfa á lofti að halda líka. Eftir gróðursetninguna er svo plantan vökvuð vel með vatni og gott að vökva hana reglulega fyrstu dagana á meðan hún er að átta sig á nýja vaxtarstaðnum. Einnig er ágætt að dreifa eins og matskeið af tilbúnum áburði í kringum plöntuna eftir vökvunina, þetta er nokkurs konar skyndibiti og getur hjálpað henni af stað.

Ef plantan er hávaxin er ágætt að binda hana upp, setja 2-3 staura niður rétt fyrir utan rótarhnausinn og binda stofn plöntunnar við staurana, það tryggir að rótakerfið fær frið til að vaxa og festa plöntuna í sessi. */gh*

Tilboðsmarkaður 1. september 2021 með **greiðslumark í mjólk**

Markaður fyrir greiðslumark mjólkur verður haldinn þann 1. september næstkomandi.

Að hámarki er hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði, eða alls 150.000 lítrum árlega.

Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á afurd.is.
Opnað hefur verið fyrir tilboð.

**Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 10. ágúst nk.**

**Allar nánari upplýsingar um markaðinn má finna á www.afurd.is og www.anr.is.**

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

**Bændablaðið**
*Auglýsingasíminn er 56-30-300*

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði

Sláttuvélar & sláttuorf

Sláttutraktorar
40 ár á Íslandi

Snjóblásarar
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

Lífræn hreinsistöð


- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engin hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Varahlutir í kerrur
stalogstansar.is

DEXTER AXLE AL-KO KNOTT
Stál og stansar
Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

Lely Center Ísland
SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR

**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600




Ein með sinnepi.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Pylsa í brauði er óopinber þjóðarréttur Íslendinga og allir hafa skoðun á hvert meðlætið í brauðinu á að vera. Pylsur eru vinsæll réttur víða um heim og sinn er siðurinn á hverjum stað um hvernig og með hverju þær eru bornar fram.**

Í grófum dráttum má segja að pylsur séu eins og bjúgu og gerðar úr hökkuðu kjöti sem blandað er bragðefnum. Kjöt sem notað er í pylsur er yfirleitt hakkað smærra en kjöt sem haft er í bjúgu. Það sem aftur á móti skilur helst á milli bjúgna og pylsa er að pylsur eru bornar fram, soðnar eða grillaðar, í eða með brauði.

Fyrirmyndin af pylsum eins og við þekkjum þær í dag eru þýsk bjúgu sem kallast vínarbjúga eða vínarpylsa. Upphaflega voru vínarbjúgun búin til úr reyktu svína- og nautakjöti og innmat sauðfjár sem hakkað var saman og troðið var í húsdýragarnir.

Meðlæti með pylsum í dag er fjölbreytilegt og afar mismunandi eftir menningarsvæðum. Hér á landi er sinnep, tómatsósa, hrár og steiktur laukur og remúlaði algengast en erlendis og eflaust hér á landi líka er notað majónes, súrar gúrkur, ostasósa, chilí, beikon og ólífur. Upptalningin er engan veginn tæmandi og hverjum og einum frjálst að setja á sína pylsu það sem hann vill. Ég hef meira að segja heyrt um fólk sem borðar pylsur með rauðkáli, kartöflu- eða rækjusalati.

### Saga pylsunnar

Bjúgnagerð er gömul aðferð til að geyma kjöt sem þekktist bæði meðal Grikkja og Rómverja. Talið er að fyrstu bjúgun hafi verið búin til á tíma Hammúrabís sem var konungur Babýlóníumanna um 1750 fyrir okkar tímatal. Samkvæmt uppskrift sem er að finna á leirtöflum frá þeim tíma er mælt með að troða elduðu eða reyktu kjöti inn í geitarvambir til geymslu

Flestir sem láta sig slíkt varða eru sammála um að uppruna pylsunnar eins og við þekkjum hana í dag sé að finna í Þýskalandi og að rétturinn sé eitt merkasta framlag Þjóðverja til matargerðar í heiminum.

Heimildir eru til um Frankfurter Würstchen pylsur í Frankfurt frá því á 13. öld og sá siður að bjóða upp á pylsur á mannamótum er þekktur frá því að Maximilian annar var krýndur keisari 1564.

Sagan segir að þýski slátrari Johann Georg Lahner, sem var uppi um aldamótin 1800, hafi fyrstur manna haft með sér Frankfurter Würstchen pylsur til Vínarborgar og byrjað að búa þær til þar. Til að byrja með kallaði hann pylsurnar Frankfurter en með tímanum breyttist nafnið í Wiener Würstchen eða vínapylsa en Würstchen þýðir lítið bjúga eða pylsa.

Íbúar í Frankfurt í Þýskalandi héldu upp á 500 ára afmæli pylsunnar árið 1987.




Pylsuaðdáendur í New York árið 1940.

### Pylsufundurinn

Pylsur bárust til Bandaríkja Norður-Ameríku með þýskum innflytjendum sem settust að í Miðvesturríkjunum. Í einni sögunni um komu pylsunnar til Bandaríkjanna segir að húsmóðirin í Feuchtwanger-fjölskyldunni í St. Louis í Missouri hafi farið fyrst alla að selja pylsur í brauði í álfunni árið 1880. Brauðið var upphaflega hugsað sem eins konar einangrun utan um sjóðandi heita pylsuna og að þannig væri hægt að borða hana með höndunum án þess að brenna sig.

Árið 1939 sátu þáverandi forseti Bandaríkjanna, Franklin D. Roosevelt, og George VI Bretakonungur fund í Hudson-dal í New York-ríki til að ræða uppgang nasista í Þýskalandi. Meðan á fundinum stóð bauð forsetinn kónginum og fylgdarliði upp á pylsur og bjór. Vegna þessa er fundurinn oft kallaður pylsufundurinn.

### Nafnapælingar

Íslenska heitið pylsa eða pulsa er líklegast hingað komið frá Danmörku, eins og svo margt annað gott, og þýðing á pølse.

Enska heitið hot dog á nokkuð merkilega sögu sem tengist pylsugerð og þeirri hugmynd að slátrarar notuðu meðal annars hundakjöt



Pylsur bornar fram með rifnum osti.



Ein með chili, osti og frönskum.

til framleiðslunnar. Það þótti ekki tiltökumál meðal íbúa í sumum héruðum Þýskalands að leggja sér hunda til munns á 19. öld og þekkt að slátrarar drýgðu kjöt í bjúgum með hundakjöti.

Eftir að pylsugerð barst til Bandaríkjanna með þýskum innflytjendum kom upp sú hugmynd að þeir blönduðu kjötið með hundakjöti og götuheitið hot dog festist við pylsur.

### Sinn er siður

Framreiðsla á pylsum er mismunandi eftir löndum og jafnvel borgum. Danir borða sínar pylsur með svipuðu meðlæti og Íslendinga, tómat, sinnepi, steiktum og hráum lauk og remúlaði. Danskar pylsur eru yfirleitt rauðar að lit og oft bornar fram á bréfi og með litlu brauði. Önnur vinsæl útgáfa af pylsum í Danmörku er það sem Danir kalla franskar pylsur og



Klassísk dansk frönsk pylsa.




Pylsur í boði í New York.



Pylsur eru góðar á grillið.

er þá pylsunni stungið inn í óskorið pylsubrauð, oft með majónessvipaðri sósu með Dijon-sinnepi.

Norðmenn vilja sínar pylsur soðnar eða steiktar og í pylsubrauði og eru sinnep og tómatsósa vinsælasta meðlætið, auk þess sem kartöflu- eða rækjusalat er haft sem meðlæti. Svíar hafa svipaðan smekk og Norðmenn og Danir þegar kemur að pylsuáti að því viðbættu að vefja pylsum í eins konar pönnukökur fyrir neyslu. Pylsur hjá götusölum á Bretlandseyjum svipar hins vegar mjög til pylsna í Bandaríkjunum.

Í Tékklandi kallast pylsur í brauði *párek v rohlíku* og svipar þeim í útliti til þess sem Danir kalla franskar pylsur þar sem pylsunum er stungið ofan í óskorið brauðið með tómatsósu. Allt til 1980 var erfitt að fá kjöt til pylsugerðar í Póllandi. Fram að því voru „pylsur“ gerðar úr sveppum vinsælar í landinu.

Í Norður-Ameríku eru pylsur vinsæll götumatur, ekki síst chilipylsur, og til í fjölmörgum útgáfum. Í Alaska er boðið upp á hreindýrapylsur og í Kanada það sem kallast Whistler-pylsa en pylsan sú er skorin í tvennt og borin fram með osti, beikoni og kryddmauki. Kanadabúar eru einnig hrifnir af soðnum pylsum með hrásalati, papriku, chili-dufti, lauk, sinnepi, tómatsósu og mæjó. Í New York er algengast að fá pylsu í brauði með súrkáli, sterku sinnepi og hráum lauk. Þar er einnig hægt að fá það sem kallast ítölsk pylsa og er kryddpylsa sem borin er fram með brúnu sinnepi og steiktum eða frönskum kartöflum. Í Chicagoborg eru pylsur bornar fram með rúnstykki með birki og sinnepi, ferskum tómötum, lauk, súrum gúrkum, chili og sellerísalti. Frá Texas-ríki kemur útgáfa af pylsum sem kallast Texas Tommy þar sem pylsan í brauði er borin fram vafin í beikoni og með bræddum osti.

Þegar sunnar dregur í álfunni aukast vinsældir steiktra eða grillaðra pylsa og viðbætis meðlæti eins og baunum, eldpipar og salsasósu.

Í Brasilíu eru pylsur bornar fram í kaldri brauðbollu sem skorin er í tvennt og meðlæti eins og ediktómatsósu, maískorni, baunum, sinnepi, mæjó, skóþvengs-frönskum kartöflum og ofan á allt þetta er sett kartöflumús og stundum bráðinn ostur. Þegar íbúar í Síle panta eina með öllu fá þeir stóra pylsu í brauði með avókadómauki, smátt skornum tómötum, majónesi, súrkáli, salsasósu, eldpipar og osti. Í Kólumbíu eru pylsur bornar fram með tómat, sinnepi, salsasósu, mæjó og ananassósu og ofan á er settur ostur og muldar kartöfluflögur og stundum soðin egg.

Japanir eiga það til að skera sínar pylsur þannig að þær líkist kolkrabba og bera þær fram með wasabi, terijaki-sósu og soðnu grænmeti. Á Filippseyjum eru maukaðar og grillaðar pylsur borðaðar í morgunmat ásamt hrísgrjónum.

### *Pylsumet*

Lengsta pylsa sem vitað er um var búin til í Japan og var 60 metrar að lengd og í brauði sem var 60,3 metrar að lengd. Samkvæmt Heimsmetabók Guinness kostaði dýrasta pylsan sem borin hefur verið fram rétt tæpa 146 bandaríkjadali, eða rúmar 18 þúsund krónur íslenskar.



Pylsufundurinn 1939.



Japanskar pylsur.

Pylsan var búin til úr hreinu nautakjöti og 46 sentímetrar að lengd, hún var borin fram í nýbakaðri focaccia-vefju með truflu-smjöri, grófu frönsku sinnepi, hvítlauks- og jurtakrydduðu majónesi, hráum skarmottulauk, ferskum baunum, marineruðu hlynsýrópi, ólífu-, peru-, trönuberja- og kókoshnetu-ediki, sérreyktu beikoni og elgsosti og að lokum voru herlegheitin krydduð með grófmuldum pipar.

Heimsmetið í pylsuáti er 75 pylsur í brauði á tíu mínútum fyrir karlmann en 48 og hálf fyrir konu.

### *Pylsur á Íslandi*

Árið 1885 auglýsir B. H. Bjarnason kaupmaður að hann selji ýmiss konar vörur á niðursettu verði í nóvember og desember en eingöngu á móti peningum út í hönd.Meðal þess sem í boði er er kaffi og perlugrjón, matskeiðar, grænsápa, Luxemburgarpylsur og spegipylsur af bestu tegund.

Í Búnaðarritinu 1904 er fjallað um innflutning á pylsum með eftirfarandi orðum: „Nú er eigi svo litið, er flyzt af pylsum og niðursoðnu kjöti til landsins. Væri eigi nauðsynlegt að leggja svo háan innflutningstoll á þessa vöru, að hann sé nær því sama sem innflutningsbann? [. . .] En inn í landið flytjast pylsur, sem stundum eru úr kjöti af gömlum húðarklárum, sem sökum stærðar þeirra o. fl. er mikið verra en kjöt af íslenzkum húðarhestum og jafnvel getur kjötið í pylsunum verið enn verri tegundar. Pylsur þessar kosta oft um 50 aura pundið, og stundum um eina krónu. Brýn þörf er á, að löggjöfin komi í veg fyrir aðra eins þjóðarfásinnu og þetta er. Í öllum stærri kauptúnum, einkum þar sem skipaferðir eru tíðastar, verður að reisa sláturhús, reykingar- og pylsugerðarhús með nauðsynlegum áhöldum og verður þeim að vera stjórnað af manni, er hefur fullkomna þekkingu í þessu efni. [. . .] Enginn efi er á því, að úr vönduðu og góðu kjöti getum vér búið til ódýrari pylsur en allar nágrannaþjóðir vorar.“

### *SS pylsur*

Á heimasíðu Sláturfélags Suðurlands segir að félagið hafi verið stofna árið 1907 en árið 1908 erfði Sláturfélagið pylsugerðartæki frá D. Thomsen og Jóni Þórðarsyni og má því segja að fyrirtækið hafi framleitt pylsur allt frá upphafi. Tæki voru endurnýjuð á árabilinu 1942–1943 þegar keyptar voru nýjar hræri- og hakkavélar og ýmis önnur tæki frá fyrirtækinu Globe í Chicago.

Uppskriftin að vínarpylsum er nautakjöt, kindakjöt og svínakjöt og þarf það síðastnefnda að vera með til að mýkja bragðið því kindakjöt og nautakjöt er frekar hart. Vinsældir SS vínarpylsnanna aukast mikið á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina. Vinsældanna má meðal annars rekja til þess að settur var upp pylsuvagn í Kolasundi árið 1937. Fyrstu árin voru pylsurnar rauðar að danskri fyrirmynd en vinsældir þeirra rénaði fljótlega vegna þess að rauði liturinn vildi leka í föt og erfitt var að ná honum úr. Hætt var að framleiða rauðar pylsur upp úr 1980.

Árið 1958 átti Sláturfélagið aðeins einn skáp til að reykja í pylsur en eftir að keyptir voru tveir skápar til viðbótar sexfaldaðist framleiðslugeta. Við framleiðslu á pylsum voru þær fyrst þurrkaðar, síðan reyktar og soðnar. Eftir suðu voru pylsurnar settar í vatnskælingu og þurfti það að gerast hratt svo raki færi ekki út og þær spryngju. Nokkru seinna var keyptur skápur sem var sérstaklega hannaður til kælingar.

Um 1960 keypti Sláturfélagið vélasamstæðu sem pakkaði pylsum í lofttæmdar plastumbúðir. Plastpökkun kjötafurða var bylting því hún jók geymsluþolið og dró úr framleiðslukostnaði.

Auk SS eru nokkrir framleiðendur á pylsum hér á landi. Má þar nefna Goða, Kjarnafæði og Pylsumeistarann.

Þekktasti pylsustaður landsins er án vafa Bæjarins beztu í Tryggvagötu í Reykjavík. Frægð staðarins nær reyndar út fyrir landsteinana og frægt er þegar Bill Clinton Bandaríkjaforseti fékk sér þar pylsu með sinnepi og árið 2006 valdi The Guardian Bæjarins beztu besta pylsustað í Evrópu.

Á Íslandi er algengast að boðið sé upp á pylsur, soðnar eða steiktar, í brauði með tómatsósu, sinnepi, steiktum eða hráum lauk og remúlaði. Sjálfum finnst mér best að fá mér pullu með öllu nema remúlaði.



Rússneskar pylsur.



Íslensk pulla með öllu nema remúlaði, al a sjoppustæl.




Wienermobile.

MENNING & SAGA

## Bútækni á horfinni öld:

# Svo kom „hverfipállinn“ til sögu

**Áhöld til jarðvinnslu voru í fyrstu ekki flókin; ef til vill aðeins skeftur spaði, eins og sá sem við þekkjum sem pál úr íslenskri verkfærasögu. Einhverjum datt svo í hug að raða urmli slíkra spaða á einn og sama öxulinn.**

Þá var komið veltiherfi. Með tilkomu aflvéla mátti svo knýja spaðasettan öxulinn til snúnings og þá var fenginn sá sem kalla hefði mátt „hverfipál“ – en við þekkjum í dag sem jarðtætara. Stórlega einfölduð þróunarsaga.

Þúfnabaninn sæli var vélknúinn jarðtætari, sá fyrsti sem Íslendingar kynntust. Á fjórða áratugnum var kynntur jarðtætari „mjög hugvitsamlega tengdur FORDSON-dráttarvélinni“, eins og umboðsmaðurinn, P. Stefánsson, auglýsti. Lítil áhrif hafði tætarinn sá þó á gang ræktunarsögunnar hérlendis.

Með tilkomu vökvastýrðs þrítengis og aflúttaks á dráttarvélum opnuðust ýmsir möguleikar til nýrrar hönnunar verkfæra við þær. Enska fyrirtækið Rotary Hoes Ltd í Essex hóf að smíða aflknúna jarðtætara á grundvelli uppfinningar stofnanda síns, A. C. Howard, frá árinu 1912.

Heildverslunin Hekla hf. hlutaðist til um innflutning tveggja jarðtætara frá fyrirtækinu sumarið 1954 og hóf Verkfæranefnd þá um haustið athuganir á notagildi þeirra. Annar tætararinn var tengdur aftan í beltavél, IHC TD 6, en hinn hafði verið smíðaður fyrir Ferguson-dráttarvél. Tætararnir voru reyndir á ýmsum gerðum lands og jarðvegs. Álit Verkfæranefndar að loknum athugunum var „að jarðtætarar séu hentugir til þess að vinna land, sem legið hefur í plógstrengjum 1-2 ár. Þeir fínmylja jarðveginn og mynda [góðan sáðbeð].“

Margir hrifust af vinnubrögðum jarðtætaranna og í hönd fór blómaskeið þeirra í jarðvinnslusögunni. Það ýtti líka undir kaup bænda á þeim að víða voru nú að koma heimilisdráttarvélar sem tætararnir hentuðu vel við. Plógar og hefðbundin herfi lentu í nokkrum skugga. Brátt kom þó í ljós að auðvelt var að misnota jarðtætarana og að þeir áttu ekki við allar gerðir jarðvegs; með þeim mátti jafnvel spilla byggingu jarðvegsins, t.d. mýrajarðvegs, svo áhrif gat haft á grasprettu og endingu sáðgresis í nýræktum.

En menn lærðu af reynslunni og þeim fáu rannsóknum sem gerðar voru. Hefðbundir jarðtætarar, en í þeim flokki urðu Howard og Agrotiller vinsælastir framan af, hurfu en „hverfipálarnir“ þróuðust yfir í aðrar gerðir aflknúinna jarðvinnslutækja, svo sem þá sem þessi árin kallast í daglegu tali „pinnatætarar“ og eru úr þeim flokki sem enskir nefna power harrows og rotary harrows – úr flokki „hverfiherfa“ (!)

*Bjarni Guðmundsson*



Jarðtætararnir tveir frá Rotary Hoes Ltd voru reyndir á Hvanneyri haustið 1955. Myndir Ólafur Guðmundsson



FORDSON-dráttarvélinni breytt í ÞÚFNABANA.

Hið nýjasta á jarðræktarsviðinu er jarðtætari — mjög hugvitsamlega samtengdur FORDSONS-dráttarvélinni. — Tætari þessi er afar sterkur og þannig útbúinn að ekki sakar þótt grjót eða rótarflækjur verði á vegi hans. Frá samtengingu hans við dráttarvélina er mjög tryggilega gengið. — Hér er um mjög ódýrt, 30 hestafla, jarðræktartæki að ræða, sem er hvorttveggja í senn PLÓGUR og HERFI. Afköstin eru afar mikil — skárabreidd 1½ meter — en rekstur mjög ódýr.

Bændur leitið upplýsinga hjá undirrituðum og Búnaðarfélagi Íslands. Nýafstaðið Búnaðarþing hefir af lofsamlegum áhuga, veitt fé til kaupa og tilrauna með tæki þetta.

P. Stefánsson, Lækjartorg 1.

Auglýsing úr búnaðarblaðinu Frey 1933 á Fordson-dráttarvél með jarðtætara.



Hér er líklega verið að kynna jarðtætara árið1957 (Agrotiller); ekki að undra að menn hrifust af sáðbeðinum sem hann skilaði.


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is




Bændur í Eyjafirði hafa víðast hvar lokið fyrri slætti en háin fer seint af stað sökum mikilla þurrka. Mynd/MÞÞ

# Bændur norðan heiða þurfa góðan heyfeng

**Fyrri slætti er víðast hvar lokið í Eyjafirði og var þokkalegur, að sögn Sigurgeirs Hreinssonar, framkvæmdastjóra Búnaðarfélags Eyjafjarðar.**

Langvarandi þurrkar gera að verkum að háin fer seint af stað og óvíst hvenær unnt verður að hefja seinni sláttinn. Sigurgeir segir að bændur séu í þeirri stöðu að þurfa góðan heyfeng í sumar. Veðurspá gerir ekki ráð fyrir mikilli úrkomu þannig að brugðið geti til beggja vona um hvort svo verði. „Það er tvísýnt en ekki öll nótt úti enn, sprettutíð er alveg út ágústmánuð og fram í september svo enn er von,“ segir Sigurgeir. /MÞÞ

SAMFÉLAGSRÝNI

# Beit á afrétti

**Um aldir hafa bændur nýtt afrétti á hálendinu til sumarbeitar. Nýting þessa lands kallaði á gott skipulag og samstöðu um upprekstur og smölun landsins á haustin. Þetta viðfangsefni studdi því við félagsþátt samfélagsins, þekkingu á hálendinu og myndun örnefna.**

Til marks um mikilvægi afrétta má nefna, að við afmörkun hreppa á sínum tíma hefur m.a. verið horft til þess að þeir sem ættu upprekstrarland saman yrðu saman í hreppi. Nýting afrétta og smölun er hluti af menningararfleifð okkar. Mig langar í þessari grein að ræða nokkra lykilþætti sem tengst hafa umræðu um beit á afrétti.


Guðni Þorvaldsson.

### *Gróðureyðing*

Á þeim tíma sem liðinn er frá landnámi hefur gróður víða látið undan síga vegna uppblásturs jarðvegs og vatnsrofs. Þessi þróun er samspil ýmissa þátta eins og landnýtingar, veðurfars og eldgosa. Menn hafa reynt að átta sig á vægi þessara þátta í landeyðingunni. Í nýlegri yfirlitsgrein, sem byggist m.a. á rannsóknum á setlögum í stöðuvötnum, telja höfundar að náttúrulegur breytileiki í veðurfari og eldvirkni séu stærri áhrifavaldar í gróðureyðingunni en búsetan í landinu þó að allir þessir þættir komi við sögu (Áslaug Geirsdóttir o.fl. 2020). Eldgos mynduðu landið okkar og hafa alltaf fylgt því en í mismiklum mæli eftir tímabilum. Fyrstu árþúsundin eftir ísaldarlok (fyrir 11.500 árum) virðist gróður hafa haldið í við gróðureyðingu af völdum eldgosanna. Þetta breyttist síðar og nokkur hundruð árum fyrir landnám var töluverð gróðureyðing hafin í kjölfar kaldara tíðarfars. Sumarhitinn á Íslandi er það lágur að lítil lækkun getur haft miklar afleiðingar fyrir gróður.

### *Tíðarfar*

Rétt fyrir landnám virðist hafa verið tímabundið kuldaskeið en fyrstu aldir landnámstímans voru hagstæðar. Tímabilið frá 1300-1900 var líklega það kaldasta frá lokum ísaldar. Á þessu árabili, eins og öðrum, skiptust þó á hlýrri og kaldari tímabil. Upp úr 1920 fór að hlýna og svo kólnað aftur um 1965 en síðustu 20-30 árin hafa verið hagstæð. Tíminn frá landnámi hefur því einkennst af töluverðum kulda miðað við árþúsundin þar á undan. Landið hefur aldrei verið algróið og náttúruleg gróðurmörk hafa sveiflast töluvert frá lokum ísaldar, í takt við sveiflur í loftslagi (Rannveig Ólafsdóttir o.fl. 2001). Talið er að gróðurþekja landsins hafi verið rúm 60% þegar hún var sem mest. Það hafa því alltaf verið til gróðursnauðar auðnir á hálendinu enda rúmur þriðjungur landsins ofan 600 m hæðarlínu.

### *Uppgræðsla*

Undanfarna áratugi hafa bændur unnið að uppgræðslu á afréttum í samstarfi við Landgræðsluna og hefur það starf skilað góðum árangri víða. Það er góð reynsla af því að græða landið upp þó einhver beit sé á afréttunum. Mikil sjálfgræðsla hefur einnig orðið á þessum tíma enda tíðarfar verið hagstætt gróðri og beitarstjórnun meiri en áður. Endurheimt gróðurs og jarðvegs er langtímaverkefni og mestu skiptir að því miði í rétta átt.

Þegar rætt er um uppgræðslu á hálendinu koma í ljós ólík sjónarmið. Sumir vilja hafa auðnirnar áfram, aðrir vilja græða upp en bara með innlendum tegundum. Enn aðrir vilja nota bestu fáanlegu tegundir á hverjum tíma, hvort sem þær eru innlendar eða erlendar. Það eru einnig ólík sjónarmið um trjágróður, hvar hann eigi að vera og hvaða tegundir eigi að nota. Öll þessi sjónarmið eiga rétt á sér en það þarf að vega saman kosti og galla hverrar stefnu og reyna að finna ásættanlegan milliveg.

Uppgræðsla og kolefnisbinding er ekki bara hagur bænda heldur þjóðarinnar allrar. Það er skynsamlegra fyrir okkur sem þjóð að leggja fé í uppgræðslu, og binda þannig kolefni, en greiða háa kolefnisskatta til útlanda. Það ætti því að vera forgangsverkefni að koma gróðurframvindu af stað á sem stærstum svæðum.

### *Beit*

Í umræðum um beit gleymist það oft að land er ekki annað hvort beitt eða friðað. Allt land verður fyrir einhverri beit þó svo að búfé sé ekki beitt á það. Hér á landi höfum við fugla og skordýr sem eru afkastamiklir grasbítar og svo hreindýr á austurhluta landsins og þau eru á beit allt árið. Það sem skiptir máli er hversu mikil beit er á landinu og á hvaða árstímum. Nú er fé einungis í um tvo mánuði á afréttum landsins. Hér á landi er oft horft framhjá jákvæðum áhrifum hóflegrar beitar á kolefnisbindingu, tegundasamsetningu og tegundafjölbreytileika. Víða í Evrópu sækjast menn eftir sauðfjárbeit vegna þessara jákvæðu áhrifa.

Afréttir og önnur beitilönd bænda á hálendinu eða öðru fjalllendi eru, vegna landslags og annarra staðhátta, mjög breytileg. Hluti landsins liggur frekar lágt yfir sjó, annars staðar teygir landið sig langt upp fyrir gróðurmörk. Sums staðar er jarðvegur þykkur og þakinn gróðri, annars staðar er jarðgrunnt og gróður gisinn. Sums staðar er þurrlendi og annarsstaðar mýrar. Sums staðar er landið flatt og annarsstaðar eru brött fjöll með hömrum eða skriðum. Allan þennan breytileika má finna á flestum afréttum enda eru þeir í villtri náttúru landsins.

Þegar rætt er um beit og beitarstjórnun á slíku landi verður að hafa þetta í huga. Beit á svona land er allt annars eðlis en beit á heimahaga eða tún. Víða erlendis eru fyrst og fremst villt beitardýr á svona landi enda erfitt að halda búpeningi til beitar vegna rándýra. Hér eru ekki rándýr, nema refir, og því höfum við getað látið búfé ganga eftirlitslaust á afréttum yfir sumarið. Það má segja að sauðkindin sé einkennisbeitardýr hálendisins, auk hreindýra, álfta, gæsa og rjúpu.

Uppi hafa verið hugmyndir um að hluta afréttina meira í sundur með girðingum til að halda fénu á ákveðnum svæðum og friða önnur. Mér finnst það ekki skynsamlegt, girðingar eru dýrar og þurfa töluvert viðhald auk þess sem rof myndast gjarnan í land við girðingar. Beitarálagi er hægt að stjórna með fjárfjölda, beitartíma, uppgræðslu og með því að halda því fé heima sem leitar á óæskileg svæði á afréttum.

Ég tel mikilvægt að við nýtum afréttina áfram eins og gert hefur verið. Hófleg nýting er góð fyrir gróðurinn og jarðveginn. Ég hef séð fallegt beitiland breytast í mosaþembu eftir langa friðun. Nýting er bændum einnig hvatning til uppgræðslu en mjög stór hluti uppgræðslustarfs í landinu er unninn af starfandi bændum. Um leið viðhöldum við þekkingu okkar á nýtingu afréttanna, smalamennskum og örnefnum, líkt og gert hefur verið um aldir.

*Guðni Þorvaldsson*


***Heimildir***

- *Áslaug Geirsdóttir, David J. Harning, Gifford H. Miller, John T. Andrews, Yafang Zong og Chris Caseldine, 2020. Holecene history of landscape instability in Iceland: Can we deconvolve the impacts of climate, vukcanism and human activity? Quaternary Science Reviews 249, 106633.*
- *Rannveig Ólafsdóttir, Peter Schlyter og Hörður V. Haraldsson, 2001. Simulating Icelandic vegetation cover during the Holecene. Implications for long-term land degradation. Geogr. Ann., 83 A (4), 203-215.*



BÆNDUR OG BÚALIÐ!
Nú eru farin að berast til okkar hirðingarsýni
Við ætlum að bjóða upp á
HEYEFNAGREININGU 3
um miðjan ágúst. Sama verð og í fyrra
Ný verðskrá 1. september (Einungis lánskjara- og launavísitölubreyting)
Nánar um heyefnagreiningapakka og fleira á heimasíðu okkar efnagreining.is
Nánari upplýsingar á efnagreining.is
Efnagreining ehf, Lækjarflóa 10a, 300 Akranes
efnagreining@efnagreining.is sími 661 2629

Lely Center Ísland
ZETOR VARAHLUTIR
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



Flóruspilið:

# Spil sem miðlar þekkingu um plöntur

**Flóruspilið gengur út á að læra að þekkja algengar íslenskar plöntutegundir. Stokkurinn inniheldur 52 spil og regluspjald. Spilið er í anda spilsins veiðimaður þar sem markmiðið er að safna fjögurra spila samstæðum.**




Á spilunum eru upplýsingar um grasnytjar og þjóðtrú tegundanna ásamt latínuheiti, gróðurlendi og ætt. Spilið er hugsað til fróðleiks og skemmtunar. Stokkurinn er stærri en hefðbundinn spilastokkur vegna fræðslunnar sem fylgir. Spilið er í A6 stærð eða 10,5 x 14,7 sentímetrar. Blómamynd eftir listamanninn Eggert Pétursson skreytir spilin og umbúðirnar og kemur spilið í fallegri öskju.

Í spilinu er spilað með þrettán plöntutegundir og ef vel gengur með fyrsta stokkinn munu bætast við fleiri stokkar með nýjum tegundum á næstu árum.

Guðrún Bjarnadóttir, hjá Hespuhúsinu, höfundur og útgefandi spilsins, segir að hugmyndin að spilinu eigi uppruna sinn í því að hún hafi verið að kenna plöntugreiningu í fjölmörg ár og farið með fólk í fræðslugöngur um plöntur. „Mér til hálfgerðrar skelfingar áttaði ég mig á því hversu almennt er að fólk þekkir ekki algengustu plönturnar í náttúrunni í kringum okkur. Flest fólk býr í borgum og bæjum og tengslin við náttúruna eru að rofna. Spilið, sem er unnið upp úr bókinni Grasnytjar á Íslandi, þjóðtrú og saga sem kom út árið 2018, er því viðleitni til að vekja áhuga fólks á plöntum og um leið að miðla smá fróðleik um þær. Stefnt er að því að gefa spilið út á ensku og pólsku með haustinu."


Stokkurinn inniheldur 52 spil og regluspjald.

Flóruspilið fæst í Hespuhúsinu sem er staðsett rétt fyrir utan Selfoss og hægt er að panta það á www.hespa.is og fá upplýsingar um spilið og verslanir sem hafa spilið í sölu.

/VH


Maja Siska í peysu Kristylopi eftir Helene Magnusson úr Þingborgarlopa og jurtalituðu Huldubandi.

# Listi yfir prjónaband

## – Ótrúlega fjölbreytt íslenskt úrval

**Áhugi fólks á að prjóna og hekla er gríðarlegur og úrvalið af bandi sömuleiðis mikið. Aragrúi uppskrifta eru búnar til og fólk framleiðir flíkur og nytjahluti úr alls kyns garni og bandi.**

Þótt uppskriftir séu gefnar upp fyrir ákveðna bandtegund má oft nota annað band. Maja Siska ásamt Huldu Brynjólfsdóttur og Katrínu Andrésdóttur hafa tekið saman lista yfir prjónaband sem er framleitt á Íslandi eða úr íslenskri ull. „Sumum finnst það einfalt og eðlilegt að finna sambærilegt band eða aðlaga uppskriftina að bandi sem er til, en það eru ekki allir í þeim sporum. Til að geta gert þetta á þægilegan hátt þurfum við að hafa nægar upplýsingar til samanburðar, hvaða efniviður er í bandinu, prjónfesta og prjónastærð, þyngd/lengd og ýmislegt annað sem skiptir máli. Öll umræða í dag hneigist að því að fækka sótsporum og nýta náttúrulegt hráefni úr nærumhverfinu. Stuðla þannig að sjálfbærni og umhverfisvernd," segir Maja Siska og bætir við:

„Til að koma til móts við þá sem vilja aðlaga uppskriftir að íslenskri framleiðslu ákvað ég að safna upplýsingum um íslenskt band og skrá þær á aðgengilegan hátt. Þannig verður auðveldara að velja band sem hentar í stað þess bands sem gefið er upp í uppskriftinni. Með þessu viljum við líka hvetja fólk sem notar garn eða band við handverk sitt að velja íslenskt ef þess er kostur, úrvalið er ótrúlega fjölbreytt!"

*Skjalið er aðgengilegt til niðurhals og útprentunar á uppspuni.is og thingborg.is. Má deila að vild.*

*/ehg.*




Bækur:

# Óborganlegar gamansögur

**Bókaútgáfan Hólar sendi nýlega frá sér bókina Hérasmellir – óborganlegar gamansögur af Héraðsmönnum. Í bókinni er að finna samantekt af gamansögum sem Baldur Grétarsson á Skipalæk á Héraði hefur tekið saman um sveitunga sína.**

Í bókinni Hérasmellir er að finna gamansögur af Héraðsmönnum eins og til dæmis Friðriki Sigurjónssyni bónda eða Frissa í Skóghlíð sem átti margan sprettinn á sinni tíð. Eitt sinn mæltist honum svo: „Jæja, það er best að vera ekki að vinna fyrir tefjandi fólki."

***Frissi í símavinnu***

Frissi var lengi í símavinnu meðfram búskapnum og sinnti vinnuflokkurinn verkefnum víðs vegar um Austurland. Eitt sinn í símavinnunni var verið að hífa þungan hlut og fullt af mönnum í kring. Einum viðstaddra leist ekki á aðfarirnar og segir: „Þetta líst mér ekkert á, þetta getur drepið einhvern." Frissi svarar að bragði: „Það gerir ekkert til, það er ekki lengi verið að búa til einn mann."

***Þú ert nú svo stuttur til hnésins, góurinn minn***

Jóhann Valdórsson á Þrándarstöðum (Jói Þrándur) var snöggur til svars og svaraði hnyttilega fyrir sig. Jói vann við múrverk og lagði m.a. í gólfið hjá Sigfúsi Þorsteinssyni í Fossgerði þegar hann byggði nýja húsið. Svo hittust þeir á bændahátíð og þá segir Fúsi við Jóa: „Það varð vatnsflóð í húsinu hjá mér og þá myndaðist svo djúpur pollur í einu horninu í stofunni að önd hefði getað synt þar." Þá svarar Jói strax: „Endur þurfa nú svo grunnt vatn til að synda, góði minn." Fúsi gefur sig ekki og bætir við: „Það náði mér í hné, vatnið." Og Jói svarar um hæl: „Ertu hissa á því? – þú ert nú svo stuttur til hnésins, góurinn minn."

***Öll samtöl byrja á kennitölum***

Gunnar Jónsson, bóndi á Egilsstöðum þurfti eitt sinn með ungan son sinn til læknis. Þegar þeir mæta á heilsugæslustöðina, þar sem öll samtöl byrja á kennitölum, spyr konan í glerinu hvenær drengurinn sé fæddur. Gunnar verður þögull og hugsar þetta atriði dálitla stund, en svarar síðan: – „Það var haust." /VH

Bækur:

# Girnilegar uppskriftir

**Grill hefur að geyma yfir 100 girnilegar uppskriftir úr smiðju kokkanna Viktors Arnar Andréssonar og Hinriks Arnar Lárussonar sem eru margverðlaunaðir matreiðslumenn í Sælkerabúðinni.**




Auk uppskrifta er að finna í bókinni fjölda góðra ráða um grill- og eldunaraðferðir. Réttir bókarinnar eru fjölbreyttir og hver öðrum gómsætari. Hráefnið er af ýmsum toga, allt frá nauti til grænmetis, villibráðar til skelfisks og sósum til eftirrétta. Greint er frá helstu grillaðferðum og grillgerðum og gefnar upp kryddblöndur og marineringaolíur. Grill er yfirgripsmikil og falleg matreiðslubók sem blæs grillurum eldmóði í brjóst og tryggir að allir geti framreitt hina fullkomnu steik.

Bókina prýða fallegar ljósmyndir Heiðdísar Guðbjargar Gunnarsdóttur. Útgefandi er Salka.

/VH

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Bændablaðið
Kemur næst út
12. ágúst

LÍF & STARF



Forsvarsmenn Kaupfélags Skagfirðinga afhentu sveitastjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar og oddvita Akrahrepps yfirlýsingu nýverið um að það legði fram 200 milljónir króna á næstu tveimur árum til samfélagslegra verkefna í héraði. Mynd /Vefsíða Sveitarfélags Skagafjarðar

# KS leggur til 200 milljónir króna

**Kaupfélag Skagfirðinga, KS ætlar að leggja til 200 milljónir króna á næstu tveimur árum til samfélagslegra verkefna í Skagafirði.**

Forsvarsmenn Kaupfélagsins afhentu sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar og oddvita Akrahrepps yfirlýsingu þess efnis nýverið.

Peningarnir eru hugsaðir sem stuðningur við verkefni á vegum sveitarfélaganna í Skagafirði með það að markmiði að bæta búsetugæði í héraði, meðal annars með því að bæta göngustíga, malbika sérstök svæði, fjölga útivistarsvæðum, bæta félagsaðstöðu íbúa og margt annað er varðar umhverfi og búsetugæði.

Með þessu meðal annars vill Kaupfélag Skagfirðinga undirstrika samfélagslega ábyrgð sína og skapa sem bestar aðstæður og umhverfi fyrir íbúa Skagafjarðar.

Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sagði við athöfnina að hann væri afar þakklátur fyrir það rausnarlega framlag sem Kaupfélag Skagfirðinga legði til uppbyggingar samfélagslegra verkefna í Skagafirði. Slíkur stuðningur væri ekki sjálfsagður en sýndi vel afstöðu kaupfélagsins til uppbyggingar samfélagsins og virkrar páttöku atvinnulífsins í sínu nærumhverfi. */MMÞ*

# Hælið fær Hvatastyrk

**Fulltrúar úr menningarmálanefnd Eyjafjarðarsveitar litu á síðasta fundi fyrir sumarfrí inn á Hælið, setur um sögu berklanna og heilsuðu upp á frumkvöðul þess, Maríu Pálsdóttur.**

Var henni veittur sérstakur hvatastyrkur upp á 100 þúsund krónur vegna þeirrar frábæru starfsemi sem hún hefur byggt upp á Hælinu og mikilvægis þeirrar sögu sem þar er sögð.

Rósa Margrét Húnadóttir, formaður menningarmálanefndar, færði Maríu þakkir fyrir óeigingjarnt starf og hennar þátt í því að setja sögu berklanna og mikilvægi Kristneshælis í menningarlegri sögu þjóðarinnar. Þetta kemur fram á vefsíðu Eyjafjarðarsveitar. */MÞÞ*



María Pálsdóttir, eigandi Hælisins, með fulltrúum úr menningarmálanefnd Eyjafjarðarsveitar. Mynd / Vefsíða Eyjafjarðarsveitar

REKI

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2018

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL SÆTA Í HVERS KYNS VINNUTÆKI FRÁ UNITEDSEATS.



Reki ehf Sími: 562 2950
Höfðabakka 9 110 Reykjavík
Netfang: tryggvi@reki.is Vefsíða: www.reki.is

# Tímarit Bændablaðsins

í tengslum við stórsýningu landbúnaðarins

**Íslenskur landbúnaður 2021**

Í október nk. gefur Bændablaðið út tímarit í tengslum við stórsýninguna Íslenskur landbúnaður 2021 sem haldin verður í Laugardalshöll dagana 8.-10. október.




Markmið sýningarinnar er að kynna fjölbreytni íslensks landbúnaðar og hreinleika matvælaframleiðslunnar. Sýningin verður bæði á úti- og innisvæði þar sem bændum og öðrum gestum gefst tækifæri til að virða fyrir sér gagnleg tæki og tól í landbúnaði og rekstri. Allir félagsmenn í Bændasamtökunum fá boðsmiða á sýninguna og vænta má mikils fjölda gesta.

Tímaritið verður leiðarvísir gesta á sýningunni og mun m.a. innihalda gagnlegar upplýsingar um sýninguna, kynningar á þeim fyrirtækjum sem koma að sýningunni auk fræðandi og fjölbreytilegs efnis um málefni landbúnaðarins.

Lengd ritsins er yfir 100 síður og það er prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4. Tímaritið verður prentað í 8.000 eintökum og verður því dreift á sýningunni sjálfri og víðar. Búist er við að um 100 fyrirtæki taki þátt í landbúnaðarsýningunni og býðst þeim að koma sér á framfæri í tímaritinu. Uppistaða ritsins verður kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn en auk þess er boðið upp á hefðbundnar auglýsingar.

**Æskilegt er að bóka auglýsingapláss og kynningar með góðum fyrirvara.**

**Nánari upplýsingar eru veittar í s. 563-0303 og gegnum netfangið gudrunhulda@bondi.is**

STÓRSÝNING Í LAUGARDALSHÖLL 8.-10. OKTÓBER

Bændablaðið

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR - 2021 -

MATVÆLASÝNING • TÆKJASÝNING • ÖFLUG DAGSKRÁ

CAT®

# ALLAR STÆRÐIR AF CAT RAFSTÖÐVUM

**Opnar stöðvar** | Stöðvar í húsi
**Stöðvar í gám** | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | **Öflug og góð þjónusta**




**Gerðu kröfur -** hafðu samband við Karl í síma **590 5125** og kynntu þér þína möguleika.

**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS



Höfuðstöðvar Jarðræktarmiðstöðvar Lbhí er staðsett á Hvanneyri þar sem Hrannar Smári er tilraunastjóri. Mynd/smh

# Getum og ættum að rækta meira korn

**Raunhæft er að stefna að því að innan tíu ára verði helmingur af því korni sem við neytum ræktað hér á landi. Það er gróft mat Hrannars Smára Hilmarssonar, tilraunastjóra í jarðrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands, en hann var viðmælandi Guðrúnar Huldu í þættinum Fæðuöryggi á Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins, í síðustu viku.**

Frjósamur jarðvegur, löng sumur og hlýir vetur eru ástæður þess að Ísland er vel til þess fallið að rækta korn.

„Við eigum nóg land, með hæfni, þekkingu og markað. Það vantar í raun bara voða lítið upp á til þess að við getum verið sjálfum okkur nóg um helstu kornvörur,“ segir Hrannar Smári og nefnir nærtækt dæmi frá Noregi, þar sem ákveðið var að auka hlutdeild af innlendu hveiti á markaði á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Í dag rækta Norðmenn 70% af öllu hveiti sem er neytt þar í landi og eru sjálfum sér nógir um hafra.

„Það þarf í raun bara að sama ákvörðun sé tekin hér á landi, að við ásetjum það markmið að rækta okkar korn sjálf. Það er alveg hægt að rökstyðja það með fæðuöryggisskýrslum og spádómi um stríð, en mér finnst ekki þurfa svo drastískan rökstuðning, fyrir þessari ákvörðun. Það er bara svo sjálfsagður hlutur, að við ræktum okkar korn. Kannski náum við ekki svo góðum árangri að allt brauðið í bakaríinu sé úr íslensku hveiti, en það er sjálfsagt mál að við nálgumst það hlutfall að meira en helmingurinn af því korni sem er notað innanlands sé úr íslenskri jörð. Ég held við gætum alveg náð því markmiði á innan við tíu árum. Það þarf bara að gera það,“ segir hann.

### Að búa og að vera

Styrkjaumhverfi landbúnaðarins ber einnig á góma í þættinum en Hrannar beinir sjónum að mikilvægum plöntukynbóta-verkefnum, sem hann telur aldrei hafa verið jafn munaðarlaus í íslenskri stjórnsýslu. Hann bendir m.a. á að vegna séríslenskra umhverfisaðstæðna eigi slík verkefni enga von um styrki í alþjóðlegum samkeppnissjóðum. Mikilvægi plöntukynbótaverkefna séu




hins vegar sambærileg við húsdýrakynbætur og nauðsynlegt sé að þær fari fram statt og stöðugt. Óábyrgt sé að kynbæta ekki helstu nytjajurtir að íslenskum aðstæðum, því með rannsóknum og verkefnum sé verið að tryggja fæðuöryggi.

„Við getum alveg náð árangri með því að flytja inn plöntur frá útlöndum og stundað engar kynbætur. Bara sleppt því. Við getum alveg sleppt því að stunda rannsóknir í gróðurhúsum og flutt inn þekkinguna frá Hollandi. Við getum alveg sleppt því að stunda rannsóknir í heilbrigðisvísindum og tekið bara upp þekkinguna annars staðar frá. En það er ekki ábyrg hegðun þjóðar að taka ekki þátt. Við berum skyldu gagnvart alþjóðasamfélaginu að stunda þessar rannsóknir. Við gætum alveg eins minnkað umfang kynbóta í mjólkurkúastofninum og flutt inn erlend mjólkurkyn. Við þurfum kannski líka að spyrja okkur hvað það er sem okkur langar að gera. Hvernig viljum við búa á þessu landi? Og að búa er ekki að taka með sér nesti og dveljast einhvers staðar. Það er í rauninni að yrkja þitt eigið land, með þínum eigin aðföngum. Það er það sem skapar þjóð og ef við eigum okkar eigin nytjaplöntustofna, húsdýrastofna og okkar eigið fræ, eigið sáðkorn, þá held ég að við eigum meiri verðmæti sem þjóð. Mér finnst það skipta máli. Ég vil búa hér. Ég vil ekki bara vera hér,“ segir Hrannar Smári.

***Hægt er að hlusta á þáttaröðina Fæðuöryggi, ásamt fleiri áhugaverðum hlaðvörpum, á Hlöðunni. Hlaðan er aðgengileg á vefsíðu Bændablaðsins og öllum helstu hlaðvarpsveitum, s.s. Spotify og Apple Podcast.***

*/ghp*

Lely Center Ísland
DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI




**Reykjavík:** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri:** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Á FAGLEGUM NÓTUM



Kýr með nýborinn kálf sinn á bænum Hóli í Svarfaðardal. Mynd / HKr.

# Æskilegt er að bændur mæli broddmjólkurgæðin



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**Það fyrsta sem kálfurinn ætti að setja ofan í sig eftir fæðingu er góð og hrein broddmjólk enda er hún sérstaklega hönnuð frá náttúrunnar hendi til að passa kálfinum og helstu næringarþörfum hans en broddmjólk er mjög næringarrík og gefur kálfinum kraftmikið upphaf lífsins. Þess utan er broddmjólk með aukið innihald af bæði A- og E-vítamínum, karótíni og ríbóflavíni auk þess sem hún er prótein- og fiturík.**

Þegar kálfurinn fæðist er líkami hans alls óundirbúinn undir það umhverfi sem kálfurinn hefur fæðst inn í og ónæmiskerfi kálfsins er t.d. næsta óvirkt. Þetta hefur náttúran í raun leyst með því að með broddmjólkinni fær kálfurinn gnótt mótefna sem verja hann gegn mögulegum smitefnum, þ.e. sé broddurinn af góðum gæðum.
t

### Broddmjólkin er sérstök

Próteininnihald broddmjólkur er allfrábrugðið því sem það er í mjólk á öðrum tímum mjaltaskeiðsins en þessi mjólk, sem breytist smám saman á 4-6 dögum, inniheldur mikið magn mysupróteina og einkum mótefna (immúnóglóbúlína). Þegar kýrin framleiðir þessa mjólk þá flytjast stórar próteinsameindir, einkum mótefnin, beint úr blóðrásinni yfir í mjólkina en þær hafa mikla þýðingu fyrir sjúkdómavarnir kálfsins.

### Brodd þarf að gefa strax

Eftir því sem oftar er mjólkað, dregur hratt úr mótefnainnihaldi broddmjólkurinnar og eftir því sem lengra líður frá burði dvína gæði broddsins og því þarf að ná honum úr kúnni sem allra fyrst eftir burð. Að sama skapi þarf að gefa kálfinum broddmjólk skjótt eftir fæðingu en það skýrist af líffræðilegum ferlum í kálfinum. Mótefnin í broddmjólkinni geta nefnilega smogið í gegnum þarmavegginn hjá kálfunum fyrstu klukkustundirnar eftir fæðingu og í raun má segja að meltingarvegur kálfsins sé hálfpartinn lekur þ.e. líkaminn tekur inn í blóðrásina allt sem inn í meltingarveginn kemur. Þetta er einkar gott kerfi því mótefnaríkur broddur nýtist þannig líkama kálfsins hratt og vel, en að sama skapi þá er kálfurinn einkar viðkvæmur fyrir smiti á þessum tíma af nákvæmlega sömu ástæðu þ.e. ef t.d. örverur fara inn í meltingarveginn fara þær sömu leið og mótefnin og beint inn í blóðrásina. Af þessum sökum er mikilvægt að kálfurinn fæðist inn í eins hreint umhverfi og hægt er og allra helst ætti að tryggja að kálfurinn fái nægan brodd, sem er alls óvíst ef hann er eingöngu látinn sjúga kúna.

### Virknin hættir hratt

Erlendis hefur verið gert töluvert af því að rannsaka áhrif broddmjólkurgjafa á kálfa og sérstaklega skoðað hvort kálfar sem gangi undir kúm séu betur settir en kálfar sem fá broddmjólkina gefna með pela eða sondu. Í ljós hefur komið að mestu áhrifin á magn mótefna, sem berast alla leið í blóðrás kálfsins, eru gæði broddmjólkur móður og því geta kálfar, sem ganga undir kúnum, ekki bætt sér upp tjónið af slökum gæðum broddmjólkur með því að drekka þeim mun meira.

Ástæðan er sú að þetta sérstaka upptökukerfi hins nýfædda kálfs hættir að virka nokkuð fljótt eftir fæðingu, þ.e. það lokast á þessa virkni þarmaveggjarins, og eftir 4-6 klukkustundir er kerfið þegar orðið hægvirkt. Brodd þarf því helst að gefa í nægu magni innan fjögurra klukkustunda eftir fæðingu og það er takmakað hvað kálfar sjúga mikið á þeim tíma og því er í dag mælt með því að bændur tryggi kálfunum nægan brodd.



Flotmælir fyrir broddmjólk.

### Gæði broddmjólkur

Broddmjólk getur verið gríðarlega breytileg að gæðum og fer það eftir því hvort kýrin hafi verið í góðu jafnvægi fyrir burðinn eða ekki. Þá skiptir aldur einnig máli en þekkt er að broddmjólk hjá fyrsta kálfs kvígum er oft lakari að gæðum en hjá eldri kúm. En hvað eru góð gæði á broddmjólk? Gæðin eru fyrst og fremst mældi í magni þeirra mótefna sem mælast í broddmjólkinni en almennt, þegar talað er um mótefni, er rætt um IgG/lítra (immónuglóbúlín). Almennt er miðað við að góður broddur eigi að innihalda a.m.k. 100 grömm af IgG/lítra en 50 grömm af IgG/lítra er þó ásættanlegt. Almennt er miðað við að til að tryggja að næg mótefni berist yfir í blóðrás kálfsins þurfi hann að fá 100-200 grömm IgG fyrstu klukkutímana eftir fæðingu, þ.e. a.m.k. 4 lítra af broddi sé hann ekki nema af ásættanlegum gæðum. Vegna þessa er almennt ráðlagt að gefa 2-3 lítra af broddmjólk í einu, fyrst strax eftir fæðingu og svo aftur eftir nokkra tíma til að tryggja að kálfurinn fá næg mótefni.

### Mat á gæðum

Hér á landi er ekki jafn algengt og víða erlendis að mæla gæði á broddmjólk og kann skýringin á því að felast í því að smákálfasjúkdómar eru óalgengari hér en í mörgum öðrum löndum. Ennfremur var afar algengt að ala kvígur heldur hægt og áreynslulaust og láta þær koma inn í kúahjörðina í kringum tveggja og hálfs árs aldur eða jafnvel síðar. Fyrir vikið var lítil þörf á að keyra eldishraðann áfram en þegar það er gert þarf að hlúa að öllum þáttum eldisins, m.a. strax á fyrsta deginum í lífi kvígunnar.

Til þess að geta tryggt að kálfurinn fái næg mótefni með broddinum þarf að meta gæði hans og til eru tvenns konar aðferðir sem auðvelt er að nota. Annars vegar eru notaðir svokallaðir flotmælar og hins vegar Brix mælar en báðir gegna því hlutverki að áætla magn mótefnanna. Flotmælarnir eru einkar auðveldir í notkun (sjá meðfylgjandi myndir) og með einföldum aflestri má sjá hvort broddmjólkin sé í lagi eða ekki. Hinir mælarnir eru ekki síður einfaldir í notkun en þessir mælar gefa upp niðurstöður á svokölluðum Brix kvarða, en þessi kvarði mælir í raun þéttni hins mælda efnis (sjá meðfylgjandi myndir). Sé þéttnin 27% eða hærri er broddurinn af úrvals gæðum en sýni niðurstaðan lægri tölu en 22% er broddurinn ekki í lagi.



Afar einfalt er að lesa af flotmælinum hvort gæðin séu í lagi eða ekki.




Stafrænn Brix mælir.




Hefðbundinn Brix mælir.

### *Broddmjólkur geymsla*

Ef niðurstöður mælinganna sýna að broddmjólkin sé ekki nógu góð þarf að gera ráðstafanir til að bæta úr og má gera það með íblöndun broddmjólkurdufts eða með því að eiga broddmjólkurbanka, þ.e. eiga brodd sem mældist af einstaklega góðum gæðum í frysti.

Brodd í frysti má geyma í allt að 12 mánuði án þess að mótefnavirkni hans dvíni. Þegar slíkur broddur er sóttur, til að bæta kálfi upp slakan brodd frá móður, þarf að hita hann varlega upp en snögg upphitun getur skemmt mótefni broddmjólkurinnar og því til einskis unnið að gefa kálfinum broddmjólk úr broddmjólkurbanka.

### *Erlend reynsla*

Gæði broddmjólkur hefur ekki verið mikið skoðuð á Íslandi en erlendis hafa verið gerðar margar rannsóknir á þessum þætti og nýverið var greint frá niðurstöðum sænskrar rannsóknar þar sem rannsakað var mótefnainnihald broddmjólkur frá 141 kú í 16 norskum og 4 sænskum lífrænt vottuðum kúabúum.

Þar kom í ljós að meðalgæðin voru ekki nema 39,4 grömm IgG/lítra og 77% broddmjólkurinnar var af gæðum sem voru slakari en framangreind lágmarks gæði upp á 50 grömm IgG/lítra. Þessar niðurstöður sýna skýrt að mjög víða má bæta bústjórn á kúabúum. Þá var gerð rannsókn á magni mótefna í blóði kálfa í Noregi nýverið, en miðað er við að til þess að kálfurinn sé vel varinn gegn smitefnum þurfi mótefnamagnið í blóðinu að mælast að lágmarki 10 grömm IgG/lítra. Í rannsókninni kom í ljós að 30,8% allra kálfa var með of lítið magn mótefna í blóðinu 24-48 klukkustundum eftir fæðingu en þetta var þó gríðarlega breytilegt á milli búa.

Á sumum þeirra voru allir kálfar með mæld gildi hátt yfir viðmiðunarmörkum en á öðrum allt upp í 63% kálfanna undir viðmiðunarmörkum.

Með öðrum orðum þá skiptir bústjórn gríðarlegu máli hvað þetta atriði varðar, rétt eins og um nánast allt annað sem gerist á kúabúum nú til dags.

## Lágmarksfjöldi:

# Viðmið sveitarfélaga lögfest

**Ein meginbreytingin sem nýtt stjórnarfrumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga, felur í sér að stefnt skuli að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði ekki undir 1.000 manns.**

Markmiðið með breytingunum er að styrkja umgjörð og grundvöll sveitarstjórnarstigsins og tryggja að sveitarfélög geti sinni lögboðinni skyldu sinni. Einnig að auka sjálfsstjórn og sjálfbærni sveitarfélaga og efla sveitarstjórnarstigið í heild þannig að sveitarfélög séu betur í stakk búin til að mæta margvíslegum áskorunum sem þau og samfélagið allt stendur frammi fyrir á hverjum tíma, sem og að sinna brýnum hagsmunamálum íbúanna.

### *Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði 1.000 íbúar*

Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal nú stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sé ekki undir 1.000. Ef íbúafjöldi er undir þeim mörkum við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, innan árs frá þeim kosningum, leitast við markmiðinu með því að hefja formlegar sameiningar viðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og tækifærum sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Eftir þinglega meðferð var horfið frá því að ráðherra geti haft frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga hafi sveitarfélögum ekki tekist að ná lágmarksíbúafjölda fyrir árið 2026.

### *Mikilvæg hagræn áhrif upp á allt að 5 milljarða króna*

Í greinargerð með frumvarpinu var fjallað um greiningu á hagrænum áhrifum þess að fækka sveitarfélögum með því að hafa viðmið um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Samkvæmt greiningunni er áætlað að hagræn áhrif kunni að verða 3,6–5 milljarðar króna vegna breyttra áherslna við rekstur sveitarfélaga.

Þannig kann mögulegur sparnaður sem verður í rekstri stjórnsýslu sveitarfélaga að verða nýttur til að auka þjónustustig við íbúa sveitarfélaga. Einhver kostnaður mun koma til vegna undirbúnings sameininga en gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt um styrki fyrir slíku til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. /MÞÞ





## Hólabak



Hólabaksbúið ehf. - Ingvar Björnsson og Elín Aradóttir

1. Þingi í Austur Húnavatnssýslu.
2. Jörðin er um 600 ha þar af er ræktað land um 60 ha.
3. Kúabú með mjólkurframleiðslu samtals um 80 nautgripir. Einnig er stunduð hrossarækt á bænum.
4. Að framleiða hágæða gróffóður til mjólkurframleiðslu. Slíkt fóður þarf að vera lystugt, með háan meltanleika, sykurríkt, með hátt prótein og heppilega samsetningu stein- og snefilefna.
5. Að veðrið setji ekki strik í reikninginn.
6. Að slá á hentugum tíma og að verkun taki sem stystan tíma.
7. Í spildunni er vallarfoxgrasstofninn Snorri ásamt rauðsmárayrkinu Torun sem var skjólsáð með höfrum sumarið 2020.
8. Bæta gæðin jafnt og þétt með endurræktun. Rækta meira af smára, vallarrýgresi og heilsæði.
9. Skemmtileg ferðalög, garðyrkja, útivist og veiði.

## Kotlaugar



Sigurjón Sigurðsson, Sigrún Einarsdóttir, Kristján Valur Sigurjónsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir

1. Í Hrunamannahrepp.
2. Í kringum 400 ha.
3. Mjólkurframleiðsla.
4. Vinna hana.
5. Veðrið.
6. Margir samverkandi þættir.
7. Vallarfoxgras, yrkið er Birta.
8. Halda áfram á svipaðri braut, endurrækta 8-10 ha á ári til að halda þessu við.
9. Hestar, fótbolti og ferðalög.

### Spurningalistinn

1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar?
3. Gerð bús?
4. Hvaða markmið hefur þú sett þér í keppninni?
5. Hvað telur þú vera stærsta áskorunin í keppninni?
6. Hvaða þáttur er mikilvægast að heppnist?
7. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
8. Hvaða framtíðaráform hefur þú varðandi gróffóðuröflun á þínu búi?
9. Áhugamál

Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000 | yara@yara.is | www.yara.is

SAMFÉLAGSRÝNI

# Þegar landinu var stolið um hábjartan dag

**Hugsum okkur að laumað yrði í frumvarp um lögreglumál nýrri örstuttri lagagrein um að nú væri húseigendum loksins heimilt að friða húsin sín. Húseigandi gæti smíðað í kringum húsið sitt mannhelda girðingu, fengið smíðina samþykkta hjá lögreglu bæjarins, árlega um hver jól, og eftir að friðlýsing hússins væri auglýst af viðkomandi sveitarstjórn í Stjórnartíðindum mættu þjófar ekki stela úr húsinu fram að næstu jólum!**

Frumvarpið yrði umræðulaust að lögum. Í framhaldinu gagnályktaði lögreglan að fyrst búið væri að banna þjófum að stela úr friðuðum húsum væri þeim nú heimilt að stela úr „ófriðuðum“ húsum. Húseigendur „ófriðaðra“ húsa, sem leituðu til lögreglunnar í vandræðum sínum þegar þjófar gerðu sig líklega til að bera út húsgögnin, væri ráðlagt að hjálpa til við burðinn.

Sá er segir að ekkert þessu líkt gæti gerst í landi laga og réttar, þar sem eignarréttur er talinn mannréttindi og sagður friðhelgur í Stjórnarskrá – hefur rangt fyrir sér. Í stað húsa voru það heima- og eignarlönd sem örstutt lagalauma gaf kindum umgangs- og beitarrétt í löndum sem ekki eru sérstaklega girt, vottuð, friðlýst og auglýst!


Í „Ólafslögunum“, nú lög nr. 6/1986, er allur IV. kaflinn um ágangsfé, bótaábyrgð búfjáreigenda og úrræði landeigenda til að vernda eigur sínar.


Ágangskindur inni á golfvelli.


Kristín Magnúsdóttir.

### Lauman

„Laumunni” var komið fyrir í 8. gr. búfjárhaldslaga nr. 103/2002. Fyrsta setningin hennar hljómar eins og verið sé að færa landeigendum nýtt úrræði, alveg nýja heimild sem þá líklega vantaði til að fá langþráðan frið fyrir ágangi búfjár:

***Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð.***

Í fjórum seinni setningum greinarinnar er tiltekið að til þess að „friða“ landsvæði skuli landeigandinn girða land sitt dýrheldri girðingu, fá hana vottaða á hverju ári hjá búnaðarsambandi, tilkynna sveitarfélaginu um „friðunina“ og vottunina, sem á þá að auglýsa „friðlýsingu “ viðkomandi landsvæðis í Stjórnartíðindum!

Nú liggur fyrir að lauman kollvarpaði yfir þúsund ára umráðarétti landeigenda og breytti flestum heima- og eignarlöndum á Íslandi í afrétt fyrir kindur.

Nú liggur fyrir að lauman kollvarpaði yfir þúsund ára umráðarétti landeigenda og breytti flestum heima- og eignarlöndum á Íslandi í afrétt fyrir kindur.

### Sagan: Umráðaréttur og bótaskylda frá þjóðveldisöld

Árið 1958 var skipuð nefnd þriggja manna til að gera heildstætt lagafrumvarp um notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil og ágang búfjár. Formaður nefndarinnar var Ólafur Jóhannesson, fv. prófessor og forsætisráðherra. Frumvarp sem nefndin vann varð uppistaðan í lögum um fjallskil nr. 42/1969, nú lög nr. 6/1986. Í ítarlegri greinagerð „Ólafsnefndarinnar“ segir um ágang búfjár, ábyrgð eigenda þess og réttindi landeigenda:

***„Þetta ákvæði réttarbótarinnar [innskot: árið 1294] verður að telja gild lög enn þann dag í dag. Ágangur búfjár í tún, akra eða engi varðar því fjáreiganda bótum, án tillits til þess, hvort landið er girt eða eigi, og hvort sem fjáreiganda verður um kennt eða ekki. Þessi ákvæði eru að efni til staðfest í 38. gr. þessara laga, er einnig lætur hið sama gilda um afgirt svæði, þótt ekki séu þar tún, engi eða matjurtagarðar.“***

Þó svo „Ólafslögin“ hafi ekki áskilið vörsluskyldu búfjár, sem hefði verið æskilegt, virtu þau skilyrðislausan umráða- og eignarrétt landeigenda, enda viðurkenndur í landinu frá þjóðveldisöld í Grágás og seinna í Jónsbók. Í „Ólafslögunum“, nú lögum um afréttamálefni nr. 6/1986, er allur IV. kaflinn um ágangsfé, bótaábyrgð búfjáreigenda og úrræði landeigenda til að vernda eigur sínar. Í kaflanum eru eftirfarandi ákvæði, samandregin:

- Sveitarstjórnum ber að smala og skila ágangsfé í heimalandi, sem kemur úr afrétti, aftur á afréttinn eða í skilarétt.
- Meirihluti landeigenda getur óskað eftir að heimalönd þeirra séu girt frá afrétti ef ágangur úr honum er mikill og skulu þeir sem nýta afréttinn þá greiða 4/5 hluta kostnaðarins (með vísan í girðingalög).
- Sveitarstjórn skal smala ágangsfé og koma því til eigenda ef það kemur úr öðru heimalandi og skulu eigendur ágangsfjárins greiða kostnaðinn.
- Ef sveitarstjórn sinnir ekki smölunarskyldu sinni skal lögregla sjá um smölunina, og rukka eigendur ágangsfjárins um kostnað. (Bætt við 1997).
- Búfjáreigendur eru bótaskyldir ef búfé þeirra veldur tjóni í engjum, túnum, garðlöndum eða öðrum girtum svæðum.
- Landeigendur geta sett ágangsfé í aðhald, ef ágangur er ítrekaður, og skal búfjáreigandinn þá greiða þeim uslagjald.

Í landi þar sem kindaeigendur þurfa almennt ekki að halda skepnum sínum innan girðinga, eins og tíðkast í öðrum löndum hins viti borna heims, hafa eigendur heima- og eignarlanda haft bærileg úrræði til að vernda eigur sínar gegn ágangskindum. Sveitarfélög, lögregla og búfjáreigendur hafa haft þar skýr verkefni, skyldur og ábyrgð.

Laumuhöfundi hlýtur að hafa fundist þessi þúsund ára réttur allra landeigenda vera of íþyngjandi fyrir þá nútíma kindaeigendur, sem vilja fóðra skepnur sínar í óleyfi í annarra manna löndum.

### Afleiðingar laumunnar

Nýfengið álit frá sveitarstjórnarráðuneytinu staðfestir að lauman í búfjárhaldslögin árið 2002 víkur öllum IV. kafla „Ólafslaganna“, um úrræði við ágangsfé, til hliðar. Í álitinu segir m.a.:

***í því felst að umráðamaður lands þar sem lausaganga búfjár er heimil þarf að horfa til ákvæða laga um búfjárhald fremur en laga um afréttarmálefni. Ber honum því að taka ákvörðun um að friða þann hluta landsins sem umgengni búfjár skal vera bönnuð…***

Þá gagnályktar stjórnsýslan að fyrst umgangur og beit sé bönnuð í „friðlýstum“ löndum sé umgangur og beit nú leyfileg í „ófriðlýstum“ löndum. Því hafi yfirvöld þar engar skyldur og búfjáreigendur enga ábyrgð.

Ekki verður séð að nokkurt land hafi verið friðlýst frá gildistöku laumunnar, og skal engan undra, og lausaganga kinda er enn leyfð í u.þ.b. öllum sveitum landsins. Því eiga kindur nú umgangs- og beitarrétt í öllum heima- og eignarlöndum langflestra sveita landsins!

### Ótrúleg vinnubrögð við lagasetningu

Hvorki var getið um laumuna í samandregnum athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu né minnst á hana einu orði í áliti landbúnaðarnefndar. Þá minntist landbúnaðarráðherrann ekki á hana í ræðu sinni þegar hann kynnti frumvarpið fyrir alþingi. Í ræðunni fór hann yfir fimm meginbreytingar sem frumvarpið hafði í för með sér og var sú fimmta að breyta upplýsingaöflun um uppskeru á gulrófum og kartöflum!

Hvergi í frumvarpinu, nefndaráliti eða í ræðu ráðherrans er nefnt einu orði að yfir þúsund ára umráðaréttur landeigenda væri hirtur af þeim með samþykkt frumvarpsins. Ekki var minnst á að lauman felldi niður heilan kafla í öðrum lögum um úrræði landeigenda við ágangi. Ástæðulaust var talið að nefna að bótaskylda búfjáreigenda í „ófriðuðum“ löndum félli niður. Að nánast öll heima- og eignarlönd landsins yrðu að afrétti við samþykkt frumvarpsins, var ekki tilefni útskýringa.

### Ágangsfé er ekki lengur ágangsfé

Ekki má reka ágangsfé yfir í annars manns land og því eru landeigendur eftir laumuna úrræðalausir þegar ágangsfé étur hjá þeim nýskóginn, matjurtargrösin eða túnsprettuna. Reyndar er það sem hefur verið kallað ágangsfé á Íslandi í aldir, ekki lengur ágangsfé, heldur aðkomurollur að nýta sér umgangs- og beitarréttinn í annarra manna löndum, sem þeim var gefinn vorið 2002.

Í landi laga, réttar og friðhelgs eignarréttar er ráðlegging stjórnvalda til landeigenda, sem óska eftir aðstoð yfirvalda við að verja eigur sínar, að hjálpa þjófunum við burðinn.

### Ofbeldi sérhagsmuna

Í krafti góðs aðgangs að löggjafanum, sem á sér ýmsar skýringar, tekst kindaeigendum að halda þúsundum landeigenda í gíslingu kindanna þeirra. Þessi séríslenska spilling hlýtur að fara að renna sitt skeið því hún á ekkert erindi við nútímann, hvað þá framtíðina.

Það hljóta allir að sjá að það er bara í landi fáránleikans að kindaeigendum sé færður með lögum umgangs- og beitarréttur fyrir skepnurnar sínar í annarra manna heima- og eignarlöndum, ef þau eru ekki girt, árlega vottuð, „friðlýst“ og auglýst í Stjórnartíðindum!

Það hljóta allir að sjá að það er bara í landi fáránleikans að kindaeigendum sé færður með lögum umgangs- og beitarréttur fyrir skepnurnar sínar í annarra manna heima- og eignarlöndum, ef þau eru ekki girt, árlega vottuð, „friðlýst“ og auglýst í Stjórnartíðindum!

### Stjórnarskráin til bjargar?

Þó svo Alþingi hafi misst af laumunni standa vonir til að stjórnarskráin grípi hana. Ef ekki, munu margir eigendur heima- og eignarlanda spyrja sig í hvers konar landi þeir búi.

*Kristín Magnúsdóttir*
*lögfræðingur og landeigandi*

Bændablaðið
Kemur næst út 12. ágúst

Lely Center Ísland

STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600









Finnur Jónsson afhendir Vilborgu Arnarsdóttur verkið Blómið í glugga eftir Jón Gunnar Árnason en barnabörnin hans afhjúpuðu verkið. Yfir 300 manns mættu í Raggagarð á dögunum þegar styttan Blómið í glugga var fært garðinum til varðveislu og eignar.

## Súðavík:

# Raggagarði færð vegleg gjöf

**Fjölskyldugarðinum Raggagarði á Súðavík var færð vegleg gjöf þann 17. júlí síðastliðinn þegar Finnur Jónsson og fjölskylda hans afhjúpuðu og afhentu garðinum til eignar og varðveislu styttuna Blómið í glugga eftir Jón Gunnar Árnason.**

Af þessu tilefni var haldin fjölskyldudagur í garðinum og mættu yfir 300 manns í garðinn þennan dag í frábæru sólskinsveðri.

„Verkið er stórglæsilegt og eins og önnur verk Jóns Gunnars skipar dagsbirtan og sólin stórt hlutverk í verkinu. Þetta verk hefur verið í einkaeigu þar til nú sem það er til sýnis í Raggagarði í Súðavík um ókomin ár. Fólk er farið að átta sig á að Raggagarður er orðinn stór fjölskyldugarður sem er ekki bara leiksvæði. Nú eru komin sjö listaverk í garðinn og ýmislegt að skoða á Boggutúni og aðstaða fyrir hópa til að grilla og fara í leiki og hvaðeina. Það er flott tjaldsvæði í aðeins 500 metra fjarlægð frá garðinum. Ég sá í sumar að fólk er að uppgötva þessa paradís í Súðavík og þennan fallega og óvenjulega garð. Það má segja að Boggutún sé að verða listaverkagarður og tilvísun í sögu Súðavíkur og sérkenni Vestfjarða eins og Strandaskógurinn og holugrjótið svo fátt eitt er nefnt,“ segir Vilborg Arnarsdóttir stofnandi Raggagarðs.

*/ehg-va*

SPECTRA PRECISION LASER
SPECTRA
BYGGINGALASERAR Í ÚRVALI
VAL FAGMANNA




...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA
DALVEGI 10-14 | KÓPAVOGI | SÍMI 510 5100 | ISMAR.IS
ÍSMAR

Söfnin á Eyrarbakka



Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

**Húsið** er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. **Sjóminjasafnið** hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í **Eggjaskúr**. Í litla alþýðuhúsinu **Kirkjubæ** er sýning um byltingartímana þegar rafljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.




Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.




Opið alla daga í sumar frá kl. 11–18.
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is
www.byggdasafn.is
BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

## Bændasamtök Íslands leita að öflugum einstaklingi

Bændasamtök Íslands leita að öflugum einstaklingi í hópinn til að sinna fjölbreyttum verkefnum á nýstofnuðu sviði markaðsmála.

**Starfið felur í sér:**
- *Hugmyndavinnu og textagerð*
- *Framkvæmd markaðsáætlana*
- *Umsjón og efnisgerð fyrir vef og samfélagsmiðla*
- *Vefumsjón og leitarvélabestun*
- *Framkvæmd markaðsgreininga og skýrslugerð*
- *Verkefnastjórn*
- *Önnur tilfallandi verkefni*

**Hæfniskröfur:**
- *Menntun sem nýtist í starfi*
- *Reynsla af markaðsstarfi*
- *Þekking og reynsla af vefumsjón, stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum*
- *Hæfileiki til að vinna í teymi og færni í samskiptum*
- *Hæfileiki til að vinna sjálfstætt*
- *Áhugi af landbúnaðarmálum*
- *Góð íslensku og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli*
- *Þekking á Google Ads auglýsingakerfinu*
- *Þekking á Google Analytics*
- *Þekking á Facebook Business Manager*
- *Þekking á Photoshop*
- *Þekking á Instagram Business Tools*
- *Þekkingu á öðrum nýsamfélagsmiðlum*

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá auk kynningarbréfs. Upplýsingar um starfið veitir Vigdís Häsler framkvæmdastjóri.

Umsóknir, merktar **Umsókn um starf sérfræðings á markaðssviði**, berist eigi síðar en 8. ágúst nk. á netfangið vigdis@bondi.is

Bændahöllin Hagatorgi 1, 107 Reykjavík

VÉLABÁSINN

# Tvö ólík fjórhjól frá Aflvélum




Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is


**Aflvélar Vesturhrauni 3 í Garðabæ flytur inn ýmis tól og tæki. Þar á meðal eru tvær tegundir fjórhjóla með dráttarvélaskráningu sem eru innsigluð á 55 km hámarkshraða.** Annars vegar hjól frá Kína sem hafa verið seld hér í nokkur ár og nefnast Goes 550 (prófaði svoleiðis 500 cc og 620 cc hjól frá Jötunvélum á Selfossi og skrifaði um hér 11.8. 2016). Kínversk hjól sem eru alltaf að verða vandaðri og vandaðri. Hitt fjórhjólið er nýtt á íslenskum markaði, framleitt í Rússlandi og heitir Stels og er með 850 cc. mótor sem skilar 61 hestafli.



Goes 550 til vinstri og Stels 850 til hægri. Myndir / HLJ.

### *Byrjum á „Rússanum", helstu upplýsingar fyrst*

Þegar maður kemur upp að Stels 850 fjórhjólinu virkar það stærra en flest önnur fjórhjól, hærra og breiðara sem það er. Lengdin er 2.500 mm og breiddin er 1.370 mm (allt að 17 cm breiðara en önnur fjórhjól). Hæðin er 1.580 mm sem er töluvert hærra en flest fjórhjól. Það munar mest um langa stillanlega sjálfstæða fjöðrun og að hjólið kemur á 27 tommu (") dekkjum. Auðveldlega er hægt að setja það á 29" dekk án þess að breyta neinu.

Bensíntankurinn er óvenju stór, eða 30 lítra. Veglegur stuðari er framan á hjólinu og auka vatnskassi er ofan á hjólinu fremst.

Öll smíði virðist við fyrstu sýn vera vönduð og sterkleg, en sem dæmi þá er dráttarspilið framan á hjólinu gert fyrir 3.500 kg. (Ég hef aldrei séð fjórhjól með svona stórt og öflugt spil).

Auka hlífðarpönnur eru á hjólinu til að verja fyrir grjóti neðan frá, bæði undir vél og út í hjól undir öxlum, drifsköftin framan og aftan eru sverari en í mörgum jepplingum. Þrátt fyrir alla þessa sterku yfirbyggingu og efnismikið járn er hjólið ekki nema 410 kg. Verðið á fjórhjólinu er svo ekki nema 2.490.000.



Fannst þægilegra en á mörgum fjórhjólum sem ég hef prófað að skipta áfram og afturábak á Stels hjólinu.



Á Goes hjólinu var betra að snúa kúlunni öfugt, en á varnarmiðanum þarna segir að maður eigi að taka kúluna af ef ekki er verið að nota hana.



Óvenju kraftmikið spil í fjórhjól og allar undirvarnir virka þykkar og öflugar á Stels fjórhjólinu.



Hiti í stýri og inngjöf kostar aukalega 38.900, en er hverrar krónu virði.

### *Prufuaksturinn með atvinnumanni í fjórhjólaakstri*

Stels hjólið sem var prófað var selt og prófað með leyfi nýs eiganda, en það var með nokkrum aukahlutum sem hægt er að fá á hjólin. Auka ljóskastara að framan (ledbar). Hita í handföngum og á inngjöf hægri handar. Auka farangurskassa aftan. Tvo auka bensínbrúsa og „ryksmokka" yfir dempara og eitthvað örlítið fleira.

Þar sem ég var með tvö fjórhjól leitaði ég hjálpar frá syni mínum sem starfar sem leiðsögumaður á fjórhjóli og skiptumst við á að keyra hjólin. Hans umsögn um hjólið einkennist af samanburði við CanAm hjólin sem hann vinnur almennt á, en hans umsögn var eftirfarandi:

„Frábær fjöðrun, maður finnur ekki fyrir hnefastórum steinum á grófum vegslóðum. Krafturinn góður og viðbragð, en stýrið mætti vera breiðara."

Sjálfur er ég ekki mjög vanur að keyra fjórhjól, en mér fannst hjólið óvenju stöðugt og fjöðrunin með ólíkindum góð. Myndi halda að þetta fjórhjól ætti að henta vel til bæði vinnu og lengri ferðalaga.

### *Goes Cobalt 550 Max*

Minna hjólið er með 550 cc. vatnskælda fjórgengis 37 hestafla vél. Þyngdin er 338 kg. Það er með 4x4 drif sem er stillanlegt og læsanlegt. Fjöðrun er stillanleg, bensíntankur er 18 lítrar og dekk eru 25". Þá er 1.134 kg spil framan á hjólinu. Lengdin á fjórhjólinu er 2.330 mm, breidd 1,155 mm og hæð 1.270 mm. Verðið er 1.550.000.

Fjórhjól með dráttarvélaskráningu pípa viðvörunarflautu þegar maður stendur upp. Þegar maður stoppar verður að muna að skilja við hjólið í handbremsu eins og aðrar dráttarvélar. Þetta flautuhljóð var að trufla okkur feðga þar sem við erum báðir vanir óinnsigluðum fjórhjólum sem eru meira leiktæki en ekki vinnutæki.



Ef maður stendur er pirrandi viðvörunarflaut á dráttarvélaskráðum fjórhjólum.

### *Prufuaksturinn kom á óvart*

Í fyrstu elti ég soninn, sem var á stærra hjólinu, og fyrir mér var þetta ágætis akstur, hjólið fjaðraði ágætlega undir mér og mér tókst þokkalega að halda í við „atvinnumanninn" í fjórhjólamennskunni. Það var vissulega aðeins að trufla mig að í hvert sinn sem ég sá stóra holu eða ójöfnu stóð ég upp og hjólið pípti á mig.

Í mjög grýttum og torfærum vegslóða var ég að finna að dráttarkúlan var að rekast niður (skrúfgangurinn á henni fulllangur). Ég tók dráttarkúluna úr og sneri henni við og þá hætti ég að reka hana niður.

Eftir um 20 km slóðaakstur skiptum við feðgar um ökutæki og umsögn sonarins um Goes hjólið var eftirfarandi:

„Fjöðrun frekar stíf, lágt undir hjólið." Samt eru 28,5 cm undir lægsta punkt ef dráttarkúlan er fjarlægð sem í raun á að gera ef hún er ekki í notkun. Hann rak kúluna niður eins og ég þrátt fyrir að ég hefði snúið henni við.

„Stýrið gott og létt (rafmagnsléttir á stýrinu á Goes-hjólinu), mælaborðið skýrt og gott, fannst píphljóðið pirrandi. Finnur svolítið fyrir steinum á grófum vegi, en ef tekið er mið af verði þá er þetta gott hjól fyrir þennan pening. Ef maður vill betra fjórhjól og þægilegra þarf einfaldlega að borga meira."

Nánari upplýsingar um hjólin er hægt að nálgast á vefsíðunni www.aflvelar.is .

**Helstu mál og upplýsingar Stels 850 :**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 410 kg |
| Hæð | 1.580 mm |
| Breidd | 1.370 mm |
| Lengd | 2,500 mm |

**Helstu mál og upplýsingar Goes Cobalt 550 Max:**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 338 kg |
| Hæð | 1.270 mm |
| Breidd | 1.155 mm |
| Lengd | 2.330 mm |


Lely Center Ísland



RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ
John Deere
Zetor
Case IH
McCormick
Steyr
Claas
Ford
Fiat
New Holland
Deutz-Fahr
Massey Ferguson
Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Alltaf má bæta sig í umferðinni



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Eins og flestir Íslendingar reyni ég að ferðast um landið okkar fagra í sumarfríinu mínu og hef ég nú þegar tekið einn rúmlega 2.000 km hring um landið og svo Vestfjarðahring. Á þessum ferðum mínum hef ég orðið var við ýmislegt sem mætti bæta í umferðarmenningu okkar Íslendinga og erlendra ferðamanna.**



Flott lausn Skagfirðinganna sem voru í hestaferð um Kaldal við að tryggja á skjótan hátt öryggi hesta og vegfarenda. Þeir fá hól frá mér í þetta sinn.



Þegar ég ferðast á mótorhjólinu mínu er ekkert sem hræðir mig meira en lausir hestar í hópreið.

Fyrst vil ég nefna lélega notkun ljósa bæði að framan og aftan. Á Jökulhálsinum á Snæfellsnesi var svartaþoka og allt í einu var fyrir framan mig bíll sem var algjörlega ljóslaus að aftan sem lúsaðist áfram á hraða sem var varla miðið meiri en gönguhraði og þegar ég blikkaði hann til merkis um ljósleysið virtist ökumaðurinn ekki átta sig á að ég vildi fá hann til að kveikja ljósin, hann fór bara út í kant og hleypti mér fram úr. Þá sá ég í afturrúðunni merki frá bílaleigu og gerði ráð fyrir að þarna hefði verið á ferðinni útlendingar á bílaleigubíl. Lög um ökuljósareglugerð er eitthvað sem bílaleigur mættu skerpa á við viðskiptavini sína þeim og öðrum til öryggis.




Aldrei of oft hamrað á þessu.
Mynd / VefsíðaSamgöngustofu.

### *Ekki bara útlendingar ljóslausir að aftan*

Bændur mættu vera meira vakandi að muna eftir að tengja ljósabúnað á tækjum sem þeir hengja aftan í dráttarvélarnar sínar á þjóðvegum landsins og að muna eftir að kveikja gula blikkljósið á traktornum þegar ekið er á vegum, en þetta hef ég rekið mig á oftar en einu sinni í sumar. Það eru fleiri sem mættu huga að réttum ljósabúnaði. Ég gat samt ekki annað en brosað þegar tveim bílum fyrir framan mig var lögreglubíll við eftirlitsstörf og eftir að hafa ekið á eftir honum í nokkra kílómetra setti bíllinn í blá viðvörunarljós og sneri við á eftir bíl sem virtist aka nokkuð hratt. Eðlilegt umferðareftirlit, nema hvað að eftirlitsaðilinn var ljóslaus að aftan (það þarf að muna að kveikja ljós þegar ekið er af stað á Landrover).

Samkvæmt túlkun þess manns sem ég ráðfæri mig við þegar ég er að skrifa um umferðarreglur, þá vill hann meina að 20.000 sektin fyrir að vera vanbúinn hvað ljós varðar í umferðinni eigi líka við um að gefa ekki stefnuljós, en það eru alltof margir í umferðinni sem virðast einfaldlega ekki gefa nokkurn tímann stefnuljós. Sem dæmi eru bílarnir þrír sem óku fyrir framan mig fyrir stuttu. Enginn þeirra gaf nokkurn tímann stefnuljós út úr hringtorgunum frá Mosfellsbæ til Reykjavíkur.

### *Rétt loftmagn í hjólbörðum allra farartækja skiptir miklu máli*

Í Ísafjarðardjúpi var ég að aka undir hámarkshraða um tíma og tók fram úr mér bíll með fellihýsi, en þegar ég ók á eftir honum í um 20-30 km tók ég eftir því að annað hjól fellihýsisins virtist vera með töluvert minna loftmagn en hitt hjólið. Fyrir vikið kom kast á vagninn í hvert sinn sem hann tók beygju, hægði á sér, eða jók hraðann. Það er grundvallaratriði að vagn eða kerra sé með sama loftmagn á öxlinum því annars myndast kast á vagninn við hverja beygju og við hraðabreytingar, því er ágætis regla að mæla loft í dekkjum alltaf áður en lagt er í langferð með aftanívagn.

### *Hólið fá hestamenn úr Skagafirði*

Í lok síðustu viku ók ég mótorhjóli við fimmta mann um Kaldadal frá Húsafelli á Þingvöll og fljótlega varð ég þess áskynja að það væru hestamenn fyrir framan mig, en mótorhjól og hestar er ekki góð samsetning. Satt best að segja hafði ég smá áhyggjur af ferðafélögum mínum sem voru erlendir gestir mínir.

Þegar ég var rúmlega hálfnaður með leiðina yfir Kaldadal kom ég að fylgdarbíl hestamanna og stoppaði við hlið bílstjórans til að láta vita af okkur, bílstjórinn lét fremstu menn vita af komu okkar fimmmenninganna. Eftir smá stund var búið að koma öllum lausu hestunum af veginum og inn í litla spottagirðingu og við liðum áfram hjá hópnum án vandræða. Snilldar vel leyst af hestafólkinu. Svona vinnubrögðum hef ég aldrei áður orðið vitni að og mættu aðrir hestamenn taka þetta til fyrirmyndar og sýna svona liðlegheit við þá sem á eftir þeim koma.




## KROSSGÁTA Bændablaðsins



### Lausn á krossgátu í síðasta blaði



**Bændablaðið**
**kemur næst út 12. ágúst**
**Smáauglýsingar 56-30-300**

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

**Hagi er landnámsjörð og kirkjustaður og afi Haraldar Bjarnasonar keypti hana upp úr aldamótunum 1900. Þar var blandað bú þangað til fé var skorið niður árið 1982.**
Einnig er hlunnindabúskapur í Haga, egg og dúnn. Líka var þar um tíma refabú og fiskeldi og grásleppuveiðar voru stundaðar hér í áratugi.

Ábúendurnir Haraldur og María Úlfarsdóttir voru í sambýli við foreldra Haraldar í nokkuð mörg ár en tóku alveg við fyrir um það bil 15 árum. Þau hafa aukið við kvótann og gert endurbætur á fjósi í þeirra búskapartíð.


Haraldur Bjarnason og María Úlfarsdóttir.

**Býli:** Hagi.

**Staðsett í sveit:** Á Barðaströnd í Vesturbyggð.





Mynd / Edda Kristín Eiríksdóttir


Eftir að myndin var tekin bættist afa- og ömmustelpa í hópinn, hún Vaka.

**Ábúendur:** Haraldur Bjarnason og María Úlfarsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum 3 börn, Kristínu Ingunni, 37 ára, Freyju Rós, 34 ára og Kristófer Þorra, 29 ára, en öll eru þau flutt að heiman. Svo eigum við hana Títu okkar sem er 12 ára tík.

**Stærð jarðar?** Eitthvað um 7.000 ha.

**Gerð bús?** Kúabú og ferðaþjónusta.

**Fjöldi búfjár og framleiðslumagn?** Mjólkuframleiðsla er um 200.000 lítrar. Nokkrir skrokkar á ári fara í nautakjötsframleiðslu. Svo erum við með tvö sumarhús í ferðaþjónustu.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Við förum í fjósið kl. 7 og svo er ýmislegt sem tilheyrir almennum bústörfum og þrif á sumarhúsunum. Mjaltir eru svo aftur kl. 17.30 og eftir það reynum við að gera sem minnst – en það virkar ekki alltaf.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er að vera í heyskap í góðu veðri með allar vélar í lagi.

Girðingavinna er ekki ofarlega á vinsældalistanum.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði en trúlega með meiri áherslu á ferðaþjónustuna.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum?** Ef vel er haldið á spöðunum þá má örugglega auka framleiðslu á flestum sviðum.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Rjómi, skyr og ostur, grænmetissósa.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Nautalund hjá frúnni en selur hjá eiginmanninum.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar mjaltabásinn var tekinn í notkun árið 2000.

## MATARKRÓKURINN

# Grillað lamb og grænmeti

**Bjarni Gunnar Kristinsson**
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



**Fjölskyldugrill og góðir gestir verða ánægðir með mjúkan og safaríkan lambahrygg með fullt af grænmeti.**

### Lambakjöt og grænmeti

**Hráefni**

- 1 eða ½ lambahryggur
- Ólífuolía
- Krydd, eftir smekk

Fyrir marga er lambakjöt ógnvekjandi að elda í heilu, en það er í raun mjög einfalt að elda á grillinu með þessum sjö skrefum. Það er meira reykjarbragðið frá því að grilla yfir kolum en gasi og það bætir bragðið af lambinu fullkomlega fyrir þá sem kjósa það. Einfaldlega eldið allan hrygginn þar til hann nær viðeigandi hitastigi og skerið síðan í ljúffengar bleikar kótelettur.

1. Snyrtið og hreinsið lambahrygginn eins og þið viljið með eða án fitu, í Frakklandi er skorin af fitan svo rifbein sjást fyrir eldun, en Íslendingar elska mömmuhrygginn með allri fitunni.

Það er ekki erfitt að gera það sjálfur. Fyrst skuluð þið nota beittan hníf til að skera umfram fituna og hreinsa beinin, ef það er kosið, af rifjunum.

2. Setjið upp tvo skammta af kolum, mismunandi háa stafla (ef gas er notað er heitur hluti og kaldari hluti).



Þegar kolin eru heit, þá rétt áður en þið setjið lambahryggina á ristina, dýfið upprúlluðum eldhúspappír í matarolíu og penslið fitu á grindina.

3. Það gæti kviknað í meðan á grillinu stendur, svo það er mikilvægt að verja hrygginn með smá vatni og jafnvel með álbakka (álpappír) undir fituna. Penslið lambið með ólífuolíu og kryddið síðan kjötið með uppáhalds RUB- eða jurtakryddinu ykkar. Lambakjöt er viðkvæmt bragð svo notið einfalda blöndu af salti, pipar og ferskum kryddjurtum eins og timjan eða myntu sem virkar fullkomlega.

4. Ef það kemur upp blossi skuluð þið færa lambahrygginn á svalari hliðina þar til loginn dvínar. Verið viss um að velta hryggnum svo þið fáið fallegan brúnan lit á allar hliðar kjötsins.

5. Ljúkið við eldun á kaldari parti grillsins.

Langtíma eldun fer fram á kaldari hluta grillsins til að ljúka matreiðslunni.

Tími fer eftir þyngd u.þ.b. 15 til 40 mínútna matreiðslutíma, háð stærð. En ekki treysta á klukkuna. Verið viss um að hafa góðan kjöthitamæli við höndina til að mæla kjötið og ná æskilegu hitastigi og ofeldið það ekki.

6. Hryggurinn er miðlungs steiktur við 60 gráður, vel steiktur við 65-70 gráður og hærra. Lambakjöt getur tekið á sig aðra áferð við moðsteikingu eða svo kallað mömmu lamb sem dettur af beininu.

7. Hvílið kjötið fyrir skurð, sneiðið og framreiðið með góðu grænmeti og uppáhaldssósunni.

Þegar það er gert skuluð þið taka grindina af grillinu og láta það hvíla, lauslega hulið með álfilmu, í 10 til 15 mínútur áður en það er skorið í sneiðar. Þessi hvíldartími er nauðsynlegur til að leyfa safanum að dreifa sér á ný um kjötið. Með góðum beittum hníf skuluð þið sneiða niður á milli beina til að búa til kótelettur.

### Grillaðar sætar kartöflur

Grillaðar sætar kartöflur henta vel sem meðlæti við hverja matreiðslu. Eins og annað rótargrænmeti, svo sem rófur og kartöflur, og skila þau sínu besta bragði á grillinu.

Þær eru sykurríkt grænmeti, sem getur líka auðveldlega brunnið, fylgist vel með sætu kartöflunum þegar þeir eru á grillinu. Þið viljið hafa þær mjúkar en ekki svartar að utan.

Toppið grilluðu sætu kartöflurnar ykkar með rifnum osti, ferskum kryddjurtum, eða jafnvel ögn af appelsínusafa og stráið púðursykri yfir fyrir sætara meðlæti.

**Hráefni**

- 1 sæt kartafla
- ólífuolía
- nýmalaður svartur pipar
- salt



Skerið sætu kartöfluna í fjórðunga eða sex hluta.

Setjið sætu kartöflubátana í stóra skál og veltið þeim vel upp úr olíu, pipar, salti og kryddi að eigin vali.

Hitið grillið í 205 gráður.

Setjið sætu kartöflurnar á grillið í röð til að auðvelda röðina á þeim að snúa eða „velta“ þeim.

Grillið í 20 til 30 mínútur og snúið þeim á 4 til 5 mínútna fresti.

Takið af grillinu og berið fram strax.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Ungbarnateppið Honey honey

**Falleg teppi fyrir þau yngstu prjónað með gatamynstri. Teppið er prjónað fram og til baka.**

**DROPS Design:** Mynstur bm-120-by

**Stærð:** ca 48x52 (63x80)

**Garn:** Drops Baby Merino (litur á mynd nr 04)

- 150 (200) g og notið

Drops Kid-Silk (litur á mynd nr 29)

- 75 (75) g

**Prjónar:** Hringprjónn 60-80 cm nr 5 eða sú stærð sem þarf til að fá 17L = 10 cm.

**Garðaprjón (prjónað fram og til baka):** Lykkjurnar eru prjónaðar slétt í öllum umferðum.

**Aðferð:** Fitjið upp 97 (125) lykkjur á hringprjón 5 með 1 þræði af Baby Merino og 1 þræði af Kid-Silk (= 2 þræðir). Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu. Prjónið síðan stroff þannig: 1 kantlykkja í garðaprjóni *1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið*, prjónið frá *-* þar til 2 lykkjur eru eftir, 1 lykkja slétt, 1 kantlykkja garðaprjón. Haldið svona áfram fram og til baka þar til stroffið mælist 4 cm – stillið af að næsta umferð sé prjónuð frá réttu.

**Næsta umferð er prjónuð þannig:** Prjónið eins og áður yfir fyrstu 11 lykkjurnar, prjónið 2 lykkjur slétt




saman (= 1 lykkja færri), prjónið slétt prjón þar til 11 lykkjur eru eftir, prjónið eins og áður yfir síðustu 11 lykkjurnar = 96 (124) lykkjur. Næsta umferð er prjónuð frá röngu þannig:

Prjónið fyrstu 11 lykkjurnar eins og áður, brugðið þar til 11 lykkjur eru eftir, prjónið síðustu 11 lykkjurnar eins og áður.

Prjónið nú mynstur þannig: A.1 yfir fyrstu 11 lykkjurnar (mynstrið á að passa með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur), A.2 yfir næstu 70 (98) lykkjur (= 10 (14) mynstureiningar með 7 lykkjum), prjónið fyrstu 4 lykkjur í A.2, þannig að mynstrið byrjar og endar alveg eins og endið með A.3 yfir síðustu 11 lykkjurnar. Haldið svona áfram fram og til baka. Þegar stykkið mælist 48 (76) cm – stillið af að næsta umferð sé frá réttu, prjónið þannig:

Prjónið A.1, prjónið sléttar lykkjur yfir næstu 74 (102) lykkjur og aukið út 1 lykkju, A.3 = 97 (125) lykkjur. Næsta umferð er prjónuð frá röngu þannig:

Prjónið fyrstu 11 lykkjur eins og áður, brugðið þar til 11 lykkjur eru eftir, prjónið síðustu 11 lykkjurnar eins og áður. Prjónið nú stroff þannig:

1 kantlykkja garðaprjón, *1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið*, prjónið frá *-* þar til 2 lykkjur eru eftir, 1 lykkja slétt, 1 kantlykkja garðaprjón. Haldið áfram fram og til baka þar til stroffið mælist 4 cm. Fellið af með sléttum lykkjum yfir sléttar lykkjur og brugðnum lykkjum yfir brugðnar lykkjur.

Teppið mælist ca 52 (80) cm frá uppfitjunarkanti.

*Prjónakveðja*

*mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*















**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | | | 5 | | 7 |
| | 5 | | 9 | 8 | | 6 | 1 | |
| 6 | 7 | 3 | | | | | 2 | |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 7 | | | 9 | |
| | | 2 | 5 | | 4 | 3 | | |
| | 1 | | | 9 | 6 | 4 | 8 | 5 |
| | 2 | | | | | 9 | 3 | 4 |
| | 3 | 6 | | 2 | 1 | | 5 | |
| 5 | | 8 | | | 9 | | | 1 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | | 2 | | 1 | |
| 3 | | | | 7 | 6 | | | 8 |
| 6 | 7 | 2 | | | | 4 | 5 | 3 |
| | 2 | | | | 9 | | | 7 |
| | | 3 | 4 | | 5 | 6 | | |
| 8 | | | 1 | | | | 3 | |
| 2 | 3 | 4 | | | | 8 | 6 | 9 |
| 5 | | | 2 | 9 | | | | 1 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | 6 | 4 | | | |
| | | 2 | | 9 | | 3 | | |
| 9 | | 8 | 2 | | 3 | 6 | | 5 |
| 7 | | | | | | | | 1 |
| | | 3 | | | | 2 | | |
| 5 | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | 3 | | 5 | 9 | | 4 |
| | | 5 | | 4 | | 7 | | |
| | | | 9 | 1 | 7 | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | | 8 | | |
| | | | | 2 | 7 | 9 | | |
| 1 | 3 | 9 | | 6 | | 2 | | |
| 6 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | | | | 1 | 8 | |
| | 7 | | | | | | | 9 |
| | | 2 | | 8 | | 7 | 3 | 5 |
| | | 7 | 9 | 4 | | | | |
| | | 6 | | | 5 | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Brakaði í tánum mínum

**Þrándur Elí Sigtryggsson er fæddur í Neskaupstað 2012 og verður 9 ára 4. nóvember. Hann var að klára 3. bekk í Nesskóla sem er grunnskólinn í Neskaupstað.**

Þrándur á þrjá bræður og eina systur, mamma hans og pabbi heita Rósa Dögg og Sigtryggur og býr öll fjölskyldan í Neskaupstað.

**Nafn:** Þrándur Elí Sigtryggsson.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

**Búseta:** Neskaupstaður.

**Skóli:** Nesskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Íþróttir eru skemmtilegastar.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hestur.

**Uppáhaldsmatur:** Makkarónugrautur.

**Uppáhaldshljómsveit:** Á ekki uppáhaldshljómsveit, finnst bara mörg lög skemmtileg.

**Uppáhaldskvikmynd:** Ferdinand.

**Fyrsta minning þín?** Þegar bróðir



minn var að láta braka í tánum mínum í eldhúsinu.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta, bretti og á hest.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Atvinnumaður í fótbolta.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Hoppa í sjóinn.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Fór á fótboltamót og heimsótti ömmu og afa á Sauðárkróki.

**Næst »** Ég skora á Maríu Dögg Valsdóttur að svara næst.

## Matarvagn settur upp við leiðina að Hengifossi:

# Góðar viðtökur og ánægja með framtakið

**Það hefur gengið mjög vel og greinilegt að gestir eru ánægðir með að eiga þess kosta að kaupa veitingar hér," segir Ann-Marie Schlutz, frumkvöðull á Egilsstöðum í Fljótsdal. Hún opnaði nýverið matarvagn handan árinnar á móts við upphaf göngustígsins inn að Hengifossi í Fljótsdal.**

Hengifossárgil í Fljótsdal dregur að sér fjölda gesta ár hvert. Það er ekki síst Litlanesfoss, sem einnig hefur borið nafnið Stuðlabergsfoss sökum fagurra stuðla sem umlykja fossinn, og Hengifoss í botni gilsins sem er einn hæsti foss landsins. Fyrr í sumar opnaði Ann-Marie matarvatn við upphaf leiðarinnar, en vagninn gengur undir nafninu Hengifoss Food Truck. Ann-Marie á veg og vanda að rekstri Sauðagulls ehf. sem þróað hefur gæðavörur úr sauðamjólk, enn einn draumur hefur að hennar sögn ræst með rekstri matarvagnsins. Þar verður hægt að gæða sér m.a. á súpu, vöfflum, sauðamjólkurís og heitum og köldum drykkjum.

*Allt seldist upp*

Matvara sem er mikið til úr staðbundnum og ferskum hráefnum sem framreidd eru af ástríðu og kjörin í maga eftir góðan göngutúr upp gilið. „Það seldist allt upp hjá mér einn sunnudaginn, m.a. allur ís sem ég var búin að framleiða. Það er greinilegt að fólk er meira en til í að prófa sauðamjólkurísinn og það á líka við um börnin sem mér finnst alveg frábært," segir Ann-Marie.

„Fólk er ánægt með að eitthvað sér að gerast við Hengifoss, það koma margir þar að og nú loks er hægt að kaupa þar veitingar." Bæði Íslendingar og útlendir ferðamenn hafa undanfarið verið á svæðinu að hennar sögn.

/MÞÞ



Ann-Marie á Egilsstöðum á Fljótsdal hefur komið upp matarvagni við upphaf gönguleiðar að Hengifossi.

## Lagður 10 ára:

# Húllumhæ á Hólabaki

**Um þessar mundir eru tíu ár síðan fyrstu vefnaðarvörurnar undir vörumerkinu Lagður fóru á markað. Af þessu tilefni var efnt til afmælishátíðar að Hólabaki í Húnavatnshreppi á föstudaginn síðastliðinn.**

Það rigndi eins og hellt væri úr fötu þetta síðdegið, en Húnvetningar létu það ekki aftra sér og fjölmenntu til að samfagna Hólabaksfjölskyldunni. Boðið var upp á heimabakaðar tertur og grillaðar pylsur, sem um 150 gestir gerðu góð skil. Tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi mætti á svæðið og tók lagið fyrir viðstadda af sinni alkunnu snilld.

*Fjölbreytt starfsemi*

Hólabak er staðsett í hjarta Húnaþings. Bærinn ber nafn sitt af Vatnsdalshólum sem er kennileiti sem margir þekkja. Á Hólabaki er búið með nautgripi og hross, en jafnframt er þar starfrækt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu hágæða vefnaðar- og gjafavara. Vörur fyrirtækisins eru seldar undir vörumerkjunum LAGÐUR og TUNDRA. Í lagerhúsnæði fyrirtækisins er einnig rekin verslun. Á Hólabaki búa þrjár kynslóðir. Björn Magnússon og Aðalheiður Ingvarsdóttir keyptu jörðina 1972 og hafa byggt upp og hlúð að síðan. Ingvar Björnsson og Elín Aradóttir hafa búið á Hólabaki ásamt börnum sínum þremur, Aðalheiði, Ara og Elínu, síðan 2013. Þau reka kúabúið í dag, sem og gjafavöruframleiðsluna.

*Þingeyskur hrútur í aðalhlutverki*

Vörumerkið Lagður rekur uppruna sinn til íslensku sauðkindarinnar, nánar tiltekið til hrútsins Lagðs frá Brún í Þingeyjarsveit. Lagður er því hrútsnafn. Orðið er stytting á orðinu ullarlagður, sem merkir lokkur eða hnoðri af kindaull. Hrúturinn Lagður var í eigu foreldra Elínar og var fyrsta varan, sem framleidd var, prýdd ljósmynd af Lagði. Fyrstu vörur fyrirtækisins fóru á markað í júlí 2011, en þá var starfsemin rekin í smáum stíl meðfram annarri vinnu, en eigendurnir áttu á þeim tíma heima á Akureyri. Árið 2013 flutti fjölskyldan að Hólabaki. Áherslan var í fyrstu á framleiðslu púðavera með ljósmyndum úr íslenskri náttúru, sem f.o.f. var dreift í heildsölu í gjafavöru- og ferðamannaverslanir.

Í dag hafa margar fleiri vörutegundir bæst við, s.s. svuntur, rúmfatnaður, postulín, ýmis eldhúsvarningur og fleira.


Elín Aradóttir og Ingvar Björnsson, eigendur gjafavörufyrirtækisins á Hólabaki.


Eyþór Ingi tók lagið við góðar undirtektir.


Ari Ingvarsson og Ari Teitsson sáu um að grilla fyrir gesti.

*Fjörtíu og níu þúsund púðaver*

Starfsemin hefur með tímanum þróast mikið. „Við bjóðum nú fjölbreyttar vörur og jafnframt hefur smásala hér heima í búðinni, sem og í gegnum vefverslunina okkar tundra.is aukist," segir Elín. Heildsala á púðaverum er þó enn mikilvægur hluti starfseminnar, þó svo að Covid hafi vissulega sett strik í reikninginn á síðasta ári, enda sala til ferðamannaverslana í algjöru lágmarki. „Við höfðum sett okkur það markmið að ná að selja fimmtíu þúsund púðaver fyrir tíu ára afmæli fyrirtækisins, en það náðist því miður ekki. Ríflega fjörtíu og níu þúsund er nú samt bara nokkuð góð tala og við erum stolt af okkar árangri," bætir Elín við.

*Fegurðin við fætur þér*

Íslensk náttúra og nánasta umhverfi hefur frá upphafi verið innblástur vöruhönnunar hjá fyrirtækinu. Þannig hafa ljósmyndir af gróðrinum í vegkantinum á heimreiðinni á Hólabaki orðið að myndskreytingum á rúmfatnaði og postulíni. Fjallahringurinn hefur verið prentaður á silkislæður og ljósmyndir af húsdýrum og nálægum náttúruvættum hafa ratað á púðaver og svuntur svo eitthvað sé nefnt. „Við kappkostum að nýta þjónustu innlendra aðila hvað varðar aðföng og útfærslu eins og kostur er. Stór hluti saumaskapar er á höndum fagfólks á íslenskum saumastofum. Þannig viljum við stuðla að atvinnusköpun og tryggja yfirsýn. Þetta er mjög mikilvægt í okkar huga," segir Elín.

*Kostir og gallar við staðsetninguna*

En er eitthvert vit í því að reka gjafavörufyrirtæki í fámennu héraði á landsbyggðinni? „Okkar staðsetning hefur bæði kosti og galla. Þó heimamarkaður sé vissulega lítill, þá eigum við hér afar trygga viðskiptavini. Almennt finnum við fyrir mikilli velvild í garð okkar starfsemi. Hér eru ekki starfandi mörg fyrirtæki á okkar sviði og því auðvelt að vera sýnilegur," segir Elín.

„Fjarlægðin frá höfuðborgarsvæðinu og stærri markaði, getur auðvitað vera hamlandi að einhverju leyti, sérstaklega þegar litið er til kostnaðar og flækjustigs við að koma frá okkur vörum og til okkar aðföngum. Við höfum síðan í lok árs 2018 rekið vefverslun og svo lengi sem Pósturinn býður upp á þjónustu hér í héraðinu, þá er þetta ekki verri staður en hver annar fyrir slíkan verslunarrekstur."

*Bjartsýn á framtíðina*

Nú virðist sem ferðaþjónustan hérlendis sé aftur að komast á skrið. „Við sjáum merki um aukna eftirspurn hjá okkar viðskiptaaðilum. Við erum í heildsöluviðskiptum við margar ferðamannaverslanir og þar eru menn greinilega að komast aftur í gírinn." Varðandi íslenskan gjafavörumarkað þá er ekki ástæða til annars en bjartsýni. „Heimilið er okkar griðastaður og þar viljum við hafa í kringum okkur hluti sem hafa tilgang og láta okkur líða vel. Nú á tímum ofgnóttar held ég að sífellt fleiri séu að verða meðvitaðri um að velja sér frekar færri og vandaðri hluti til að hafa í kringum sig. Eitt af því sem heimsfaraldurinn hefur líka kennt okkur er að líta okkur nær og huga að því hvernig hægt er að styðja við íslenska framleiðslu og efla okkar eigið hagkerfi um leið," segir Elín að lokum.

/EA-ehg

Lely Center Ísland

ASPLA rúlluplast frá 9.900.- + vsk.

SuperGrass
EcoUltra

**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is
**Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600


HITAKÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

SKÓGARBÆNDUR
Husqvarna keðjusagir og skógræktin eiga samleið.
- Keðjusagir
- Keðjur
- Sverð

HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4. 203 Kóp.
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028 / haverslun.is
haverslun@haverslun.is

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn • Fellihýsið
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

HREINSPOR HÁÞRÝSTIÞVOTTUR
Mjúkþvottur.
Tökum að okkur að þrífa hesthús, kerrur og fleira.
Hafðu samband.
S. 770-2300
hreinspor@hreinspor.is
hreinspor.is


Smáauglýsinga-
síminn er:
563 0300

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Heilsárshús 30,2 fm +7 fm verönd. Íslensk smíði og hönnun. Auðvelt að flytja. Ásett 8,2 mill. kr m/vsk. Tómas 483-3910 og 698-3730.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 l/mín. 700 Bar, flæði 15 l/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Rúllugreip á þrítengi. Verð kr. 83.000 m.vsk. (67.000 kr. án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Weckman sturtuvagn. Burður 11 tonn. Föst skjólborð. Vökvavör að aftan Verð kr. 2.065.000 m. vsk. (kr. 1.666.000 án vsk). H. Hauksson ehf, sími 588-1130, haukur@hhauksson.is



King vélavagn árg. ´04. Þriggja hásinga. Verð 3,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Toro 8000 ónotuð sláttuvél með safnkassa. Verð 1.800.000 kr. +vsk. Sími 894-8620.



Lambheldu hliðgrindurnar. Þessar hliðgrindur hafa slegið í gegn um land allt. Lambheldar, léttar og auðveldar í uppsetningu. Breidd 4,20 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10x15. Verð á grind kr. 26.900 stk. auk vsk. Ef keypt eru 2-4 stk. verð kr 24.900 stk. auk vsk. Ef keyptar eru 5 eða fleiri, verð kr. 19.900 stk. auk vsk. Til afhendingar á Hvolsvelli eða í Sundahöfn án aukakostnaðar, en sent hvert á land sem er. Pantanir og uppl. í símum 669-1336 og 899-1776. Aurasel - Meira fyrir aurinn.



Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur: Traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísil. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S.892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Gámarampar á lager. Fyrir vöruflutninga og frystigáma. Burðargeta: 8.000 kg og 10.000 kg. Heitgalvanhúðaðir. Stærð: 125 x 210 x 16 cm. Stærð: 176 x 210 x 20 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Op fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - S. 892-4163.




Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 888-1185.



Til Sölu Kubota G23 árg. 2019, 333 tíma. Snilldarvél, afkastar miklu. Dísel, lyftir kassa og sturtar. Verð kr. 2.550.000 +vsk. Leó s. 897-5300, Akureyri.



Frystibúnaður til sölu fyrir 200 rúmmetra frysti. Búnaðurinn hefur ekki verið í notkun í einhvern tíma og ekki vitað um ástand. Einnig einangruð rennihurð 2,5b 3.0h. Nánari upplýsingar í s. 848-7524.



Kerra til sölu. Ný dekk, nýjar legur og nýtt rafmagn. Innanmál: Lengd 340 cm og breidd 165 cm. Ásett verð 320.000 kr. Nánari uppl. í síma 664-5744.



Bobcat 3,5 tonna með mannkörfu, árgerð 2006. Verð 3,5 mill. kr. +vsk. S. 894-8620.



Hyundai HL730 árg. 2016. Notuð 2.000 vst. 10 tonn. Verð 9,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Til sölu Ford Bronco XLT árg. 1984, V8 5.0. Stóri bíllinn. Er sundurrifinn fyrir sprautun. Mjög gott efni í flottan jeppa, mjög lítið ryð. Dráttarspil og margt annað gott. Hefur staðið inni í um 15 ár. Þarf að komast í góðar hendur. Einstakt tækifæri fyrir laghenta. Verðhugmynd 850.000 kr. S. 695-3077.



Til sölu Scania krókheysibíll. Árg. 2008, ekinn 540.000 km. Allur á lofti með beygjubúkka. Sjálfskiptur. 21 t Hiab krókheysi. Bíll í toppstandi. Verð 4 mill. kr. +vsk. Uppl. í s. 778-9900.


TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU
Tækifæri
HIMOINSA

Rafstöðvar
HIMOINSA

Ljósamastur
mase

Rafstöðvar
TSURUMI

Dælur
weber mt

Þjöppur
weber mt

Hopparar
ASTRAK

Gúmmíbelti
RÚKO Vinnuvélar
ruko@ruko.is ruko.is



**HECHT Rafmagnsfjórhjól**
Götuskráð. Verð 650.000 kr.



**HECHT Rafskutla**
Verð 420.000 kr.



NÝTT

**HECHT COCIS BLACK Rafmagnsbifhjól**
götuskráð fyrir 15 ára og eldri. Allt að 60 km á hleðslu hámarkshraði 45km. Verð 249.000 kr.



**HECHT 1114 Jarðvegsþjappa**
92kg. Verð 135.000 kr.



**HECHT Rafhlaupahjól**
Ljós að framan og aftan, bremsuljós, USB tengi og fl. Verð 51.000 kr.



**HECHT Úðabrúsi**
m/hleðslurafhlöðu. Verð 15.500 kr.



**HECHT SENTINEL Viðarkolagrill.** Grillið er hægt að nota bæði til að reykja og grilla allan mat. Verð 49.900 kr.

RAG import – export

**Helluhraun 4, Hafnarfirði**
**sími 562 2727 & 892 7502**




Seglbáturinn Alexandra RE-7492 er til sölu. Áætlað verð kr. 2.500.000. Upplýsingar gefur Ásgeir Erling Gunnarsson í síma 621-4000 eða erling@oex.is



Rafmagns brettatrilla keypt hjá Íslyft í janúar. Nánast ónotuð. Kostaði kr. 410.000 m.vsk. Verð kr. 310.000. Er á Akureyri. S. 894-1372.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Vegristar. Ferð um landið um mánaðamótin júlí - ágúst. Gamla góða verðið á flutningi, sama verð um land allt. Stærð: 4 x 2,5 m. Verð kr. 317.500 +vsk. Bera alla venjulega umferð í heimreiðum og inn á túnin. Uppl. FB: Sæblær ehf. sbl.is - sími 899-2202 og 862-1909.



JCB 35D skotbómulyftari, árg. 2013. Verð 3,5 mill. kr. auk vsk. Sími 894-8620.



Scania 420, árg. ´00. 6x2 stóll og dæla. Ekinn 540.000 km. Verð 1.690.000 kr. +vsk. Sími 894-8620.



Tvær gjafagrindur og 1 stk. ávinnsluherfi til sölu. Uppl. í s. 435-0041 og 860-2803.



Upphlutur - Gullfallegur og vandaður upphlutur til sölu. Pils, vesti, húfa með silfurhólki, fernar blússur og fimm svuntur. Mjög fallegt víravirki, sérsmíðað, gyllt, eins og nýtt. Verð aðeins kr. 900.000. Upplýsingar í síma 863-8733.



Subaru Forester, árg. 2005. Ekinn 232.000 km. Góður og traustur bíll og vel við haldið. Nýskoðaður með minni háttar athugasemdum. Dráttarkrókur og þakbogar. Verð 500.000 kr. S. 695-9713 (Eydís) og 866-9000 (Hermann).



KIA Sportage Luxury, árg. 8/16. Ekinn 199.000 km. Leður, krókur o.fl. ofl. Verð 2,9 mill. kr. Skoða skipti. Sími 896-5001.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Yamaha Grizzly 700 cc eps-se, árg. 2021, ónotað. Spil, töskur framan og aftan. Verð 2,1 mill. kr. auk vsk. Sími 896-5001.



Hyundai 55 W9A 5,8 tonna vél. Loftdekk og hörð dekk. Árg.´06 notuð 1.350 vst. Verð 6,9 mill. kr. +vsk. S. 894-8620.



Toyota Hilux. Dísel, beinskiptur. Árg. 2015. Ekinn 165.000 km. Verð 4,5 mill. kr. Sími 894-8620.



Noteboom þriggja öxla vélarvagn. Árgerð 2006. Verð 4,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 l/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



CAT IT28, árg. 2002. Notuð 4.400 vst. Skófla og gafflar. Verð 1.890.000 kr. +vsk. Sími 894-8620.



Volvo EW160 hjólagrafa, árg. 2007. Ný dekk, nýmáluð, krabbi, rótortilt. Verð 7,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m. vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Toyota Hilux árg. 2004. Ekinn 355.000 km. Lítið ryð, nýskráður + smurður, skellur og beyglur fylgja. Verð 750.000 kr. Skoða skipti. S. 896-5001.



Við erum með sláttuvélar fyrir hvers kyns rudda og graslúða og einnig fyrir fína herragarða. Skoðaðu allt úrvalið á www.hardskafi.is



Club Car Carryall 2 vinnubíll. Bílinn er allur ný yfirfarinn og í góðu standi. Nýir rafgeymar - ný dekk - sturta á palli. Verð kr. 790.000. Uppl. í s. 517-8240.



Hammar 160S gámalyfta, árg. 2000. Verð 4,5 mill. kr. +vsk. S. 894-8620.



Til sölu: Þrjár hillueiningar úr palisander, verð 45.000 kr. Einnig ónotaður hægindastóll, verð 30.000 kr. Upplýsingar í s. 898-5687.



Isuzu pickup árg. 2000 til sölu. Keyrður 210.000 km. Ný tímareim, góð dekk. Þarfnast boddý viðgerðar. Verð samkomulag. Uppl. í s. 894-4412.

# TÆKI Á LAGER

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband.

S: 5905100
sala@klettur.is



## Multione 7.3SD

Árgerð 2019
(tekin í notkun 2020), notuð 287 vst, lyftigeta ca 1.200 kg, vel með farinn!
Fylgir gafflar og skófla.

Verð 3.300.000 + vsk




## Volvo EC18E

Árgerð 2019, 3 skóflur, notuð 319 vst.

Verð 3.950.000 + vsk



## CAT 301.8 next gen

Breikkanlegur undirvagn, breidd 990 – 1300, hæð 2300, Keyrsla á vél með Joystikkunum (STICK STEER TRAVEL MODE)
Vinnuþyngd u.þ.b 2050 kg.



## NPP16N2

Lyftigeta 1600 kg
150 Ah rafgeymir
innbyggt hleðslutæki.



## Pallettutjakkur

NPPL15MPTP
lyftigeta 1500 kg.
48 volta lithium rafgeymir

KLETTUR





Til sölu Krone 100 rúllubindivél. Verð 150.000 kr. Upplýsingar í s. 660-0371, Hjörtur.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrárri dufthúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. +vsk. Hákonarson ehf. Hafið samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.




Sjö tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.427.000 m/vsk. (kr. 1.150.000 án vsk.) H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Weckman sturtuvagnar. 9 tonna: verð kr. 1.660.000 með vsk (kr. 1.339.000 án vsk). 11 tonna: verð kr. 1.790.000 með vsk (kr. 1.444.000 án vsk). 13 tonna: verð kr. 2.142.000 með vsk (kr. 1.728.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Sumartilboð
2 + 1



Þú kaupir tvær
og færð þá þriðju frítt

| | |
|---|---|
| 100W plast | 29.900,- stk. |
| 120W gler | 21.900,- stk |
| 180W gler | 29.00,- stk. |
| 360Wgler | 59.900,- stk. |

20% auka afsláttur
af öllum fylgihlutum

Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, sími 888-1185.



Til sölu ryðfrír hitakútur. 191 lítra, 2.000 W. Verð 30.000 kr. Er í Eyjafjarðarsveit. Uppl. í s. 896-4669.



CNC tölvufræsari til sölu, keyptur nýr 2014. Verð 1.500.000 kr. fyrir utan vsk (opin fyrir tilboðum). Getur fræst timbur, plast, mjúkan málm og fleira. Frekari uppl. má nálgast með því að senda tölvupóst á avarbaldvinsson@gmail.com eða í síma 862-3261.



Kubota EK-1261 smátraktorar - á landbúnaðardekkjum -- 26 ha þriggja strokka díselmótor - gírkassi 9F+3R - lyftigeta á beisli 750 kg. Allar nánari upplýsingar í s. 568-1500 og á www.thor.is



Scania G490 árg. 2015. Ekinn 560.000 km. 6x4 með gír, 4,3 m milli hjóla. Verð 4,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Scania 142 árg. 1984, 6x4, Ekinn 460.000 km. Toppeintak. Verð 1,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Mercedes Benz Atego 815L, árg. 2006 til sölu. Ekinn 404.000 km. Burðargeta 2,5 tonn. Frekari upplýsingar á https://vaka.is/voruflokkur/bilar/



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Það er gaman að kurla í sveitinni. Duglegur og afkastamikill kurlari með 6,5hp bensínvél. Kr. 198.400 m/vsk. Skoðaðu allt úrvalið á www.hardskafi.is



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Bobcat T2566 árg. 2005. Verð 2 mill. kr. +vsk. S. 894-8620.



Landini 90 hö árg. 2002, 4x4. Snjótönn fylgir. Verð 1,5 mill. kr. +vsk. Sími 864-8620.



Toyota Hiace 9 manna, árg. 2011, ekinn 155.000 km. Uppl. í síma 848-0002.



Volvo FM7 – árg. 2000 til sölu. Ekinn 298.000 km. Burðargeta 10,2 tonn. Nánari upplýsingar á https://vaka.is/voruflokkur/bilar/



Mercedes Benz Atego 1524 tækjaflutningabíll í mjög góðu standi. Árg. 2008, ekinn 530.000 km. Nánari upplýsingar í s. 692-9003.



Rúlluvagn / flatvagn. Lengd á palli 9 m. Verð kr. 2.460.000 m/vsk (kr. 1.984.000 án vsk). H. Hauksson ehf. s. 588-1130.


McHale
GÆÐI | STYRKUR | ENDING

LANDSTÓLPI

SLÁTTUVÉLAR







McHale- F3100




McHale- R3100

RÚLLUGREIPAR




McHale- Rúllugreip




McHale- Faðmur

NOTUÐ VÉL




McHale
Fusion Vario 2020

- Notkun, 1000 rúllur!
- Brautarlaus sópvinda
- 25 hnífa valfrjáls söxun
- Stillanlegt beisli fyrir þýskan krók

Nývirði á samskonar vél: 14.790.000 + vsk.

Vélin er staðsett á Norðurlandi.

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vél og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1" , 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

RÉTTUR
• Bílaréttingar
• Sprautun
• Tjónaviðgerðir
Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

• VÖKVASLÖNGUR OG TENGI
• SÉRSMÍÐI
• IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM
SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR
Á HYDROSCAND.IS
HYDROSCAND
SLÖNGUR OG TENGIBÚNAÐUR
VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300

JOBMAN
NÝ LÍNA FRÁ JOBMAN!
Frábærar nýjar flíkur í sýnileika.
Háskólapeysa og 2-laga vatnsfráhrindandi softshell peysa.
Við leggjum áherslu á góða þjónusta við landsbyggðina.
J5124 Verð: 8.556 kr.
J5127 Verð: 12.276 kr.
KH VINNUFÖT
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Færibanda-reimar
Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla
GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is



Volvo EW160B hjólagrafa, árg.2006, 5.350 vst. Oilquick rótortilt. Verð 5.500.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 897-5358.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2" , 3" , 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Mercedes Benz Actros, 2544 LS,árg. 2012, ekinn. 355.000 km. Glussakerfi fyrir sideloader og sturtu. 6x2 loftpúðafjöðrun, lyftanlegur búkki með beygju. Verð 3.500.000 kr. +vsk. Uppl. í síma 897-5358.



Góð kerra um 120x210 að innanmáli.Hægt að opna bæði fram- og afturgafl. Margir krókar og galvaniseruð grind. Yfirbreiðsla fylgir með. Verð 125.000 kr. Nánari uppl. í s. 893-3475, Lárus.



Tveir hvalsporðar úr trefjaplasti, 2,5 metrar á hæð, eru til sölu. Tilboð óskast í sporðana. Eru úr sterku efni og búnir til hérlendis. Ummál við festingu er 1 m x 110 m. Fyrirspurnir er hægt að senda á raggagardur@simnet.is. Sporðarnir eru staðsettir í Súðavík.



Scania 480 6x4, árg. 2008. Stóll og dæla, 3,7 m milli hjóla. Verð 3,2 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



CAT 301.4c árg. 2013. 1,5 tonna vél. Tvær skóflur. Verð 3,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Mercedes Benz 518, árg. 2007. Fín 16 manna rúta eða frábært húsbílaefni. Uppl. í s. 824-2828.



Ást & friður! XM



Til sölu Kubota GR 2120 4x4. Verð 1.790.000 +vsk. Árgerð 2019 notuð 248 tíma, mjög góð vél. Leó, s. 897-5300.



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. +vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brettagafflar. Burður 2.500 kg. Eurofestingar. a) Handfærsla. Verð kr.155.000 m/vsk. b) Glussafærsla. Verð kr. 225.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar
S: 527 2600
Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Vatnsþrýstisett fyrir neysluvatn.Eigum á lager fyrir: 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug dæla, dæluhjól og öxull úr SS stáli, 24 l tankur úr SS stáli. Þrýstingur 4 bar. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



N-lax á Laxamýri. Vegna áherslubreytinga í rekstri er laust eldispláss fyrir villta laxa eða silungaseiði. Yfir 50 ára reynsla í eldi. Hafið samband í netfangið nordurlax@outlook.com

HÁ VERSLUN

HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf. Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. Sími 588-0028 & 897-3650. Netfang: haverslun@haverslun.is - Við erum líka á Facebook!

NORDIC NATURA

Er búið að ákveða sumarfríið? Við erum hæglætis ferðaþjónusta og allra átta dvalarstaður á barmi Ásbyrgis. Ertu Göngu-Hrólfur? Við bjóðum upp á skutlþjónustu. Verið velkomin.



www.nordicnatura.isRúllugreip. Verð kr. 196.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Í júní opnaði nýtt hótel á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði, Hótel Hraun. Á hótelinu eru 71 herbergi og glæsilegur bar. Hægt er að bóka herbergi á sérstöku tilboðsverði á www.hotelhraun.is og í síma 537-6500.



Land Cruiser 150 GX með leðri. Árg. 2020. Ekinn heila 236 km. Verð 12,5 mill. kr. Sími 894-8620.



JCB 4CX árg. 2001. Verð 3,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Rúllugreip/faðmgreip. Verð kr. 184.000 með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3-4,2 metrar.Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgumútfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## Til sölu

Sturlungabækurnar. Brennan á Flugumýri og Bardaginn á Örlygsstöðum. Gott (sér)kennsluefni. Vinnuhefti frí. Uppl. og pantanir í s. 8991509 / espolin@espolin.is

Ódýrar heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2 l pottum. Birki, alpareynir, loðvíðir, ilmreynir, aspir, rifsber, sólber, hélurifs, fjallarifs og ýmsar tegundir kvista. Aðeins 800 kr. stk. Uppl. í síma 857-7363 (Er í Reykjavík).

Nissan Qashqai árg. 2013 til sölu. Verð 1.480.000 kr. Bensín, fjórhjóladrifinn með dráttarkúlu. Ekinn 95.000 km. Staðsettur í Rvk. Upplýsingar í s. 868-0877.

Tvö kælikerfi til sölu. Uppl. í s. 898-8711.

Dekk undan Toyota Hilux til sölu, tveir dekkjagangar nánast nýir. Framl.ár 2018-2019 - 265-65R-17 og 265-70--R-16, sumardekk. Verð á ganginn 30.000 kr. Uppl. í s. 893-1177.

Kojur 200 x 90 cm úr lökkuðu járni. Nýlegar. Keyptar í Rúmfatalagernum. 20 stk. hvítar, 11 stk. gráar. Mjög góðar dýnur. Eru í Reykjavík. Einnig 25 ha. Mercury utanborðsmótor, stutt skaft. Handstart. Uppl. í síma 898-6337.

## Óska eftir

Kaupi alls kyns gamlar hljómplötur, kasettur og cd söfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com.

Óska eftir alls konar gömlum Hondu cb450 og mt50-ss50- Suzuki ac50 skellinöðrum jafnvel bara pörtum. Allar ábendingar vel þegnar. Verð samkomulag. Uppl. í síma 659-5848.

Óska eftir að kaupa Huennebeck rasto steypumót og fylgihluti. Óliver Daðason, s. 832-0115.

## Atvinna

Pakkhúsið Vík á Hólmavík auglýsir eftir verslunarstjóra. Starfið er fjölbreytt þar sem þjónustulipurð, dugnaður, heiðarleiki, snyrtimennska og létt lund skiptir miklu máli. Hæfniskröfur: Metnaður, þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar. Tölvufærni, samviskusemi, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð skilyrði. Reynsla af verslunarrekstri, iðngreinum, útgerð og landbúnaði er kostur. Bílpróf og lyftararéttindi er kostur. Góð þjónustulund og færni í samskiptum. Hrein sakaskrá skilyrði. Helstu verkefni: Ábyrgð á daglegum rekstri pakkhúss. Umsjón með sölu og afgreiðslu í pakkhúsi. Vörupöntun, móttaka, afhending og skráning á vörum. Umsjón með umhirðu á lagersvæði, bæði inni og úti. Önnur tilfallandi störf. Pakkhúsið Vík er stofnað til að versla með rekstrarvörur fyrir sjávarútveg, landbúnað, iðnaðarmenn og einstaklinga. Óskum eftir umsóknum sem allra fyrst. Áhugasamir hafi samband við undirritaða í gegnum póstfang: Jóhann L. Jónsson: joigili@simnet.is - Unnsteinn Árnason: irisbjorg@simnet.is

Afltak ehf. leitar að vönum smið í vinnu. Fjölbreytt verkefni. Umsóknir sendast á jonas@afltak.is eða síma 660-0770.

Viltu iðinn einstakling þér til aðstoðar við búskapinn? Sjómaður frá Álandseyjum óskar eftir vinnu í ágúst og september, eða þar til hún siglir aftur frá landi. Hún getur verið hvar á landi sem er. Upplýsingar í s. +358407223790 eða gegnum netfangið johanna.bradd@outlook.com

## Jarðir

Til sölu 8 ha land við Meðalfellsvatn í Kjós. Möguleiki á viðbótarlandi. Mjög gott t.d. til skógræktar. Uppl. í s. 848-3377.Ford 3000 eða Massey Ferguson 165 óskast til kaups. Helst í þokkalegu standi. Uppl. í s. 896-5121.

## Spádómar

Símaspá 908-6116. Ástir - fjármál - heilsa.

## Námskeið

Í ráði er að efna til námskeiðs í heyvinnu með þeim áhöldum, sem notuð voru fyrir daga vélvæðingar. Verkefnin verða: Sláttur, rakstur, heybinding og heyþurrkun. Forvitnir hringi í síma 861-1938.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Verktaki í húsasmíði. Verktaki á Akureyri getur tekið að sér ýmis smíðaverkefni. Innréttingar, innihurðir, útihurðir og ýmislegt fleira. Fer alveg út fyrir Akureyri. Heyrðu í mér í s. 846-4356 eða kjarri88@hotmail.com

Bændablaðið
s. 56-30-300

HUSQVARNA
SLÁTTU RÓBOTAR



HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4. 203 Kóp.
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028 / haverslun.is
haverslun@haverslun.is

Lely Center Ísland



Baggaspjót
Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

ÁSCO
BÍLARAFMAGN
OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir togspil.* Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í 12V*, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla.* Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20 og 32mm.* Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt




Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

**Við höfum málað með Íslendingum í meira en 115 ár!**



**Ferjukot** er sögufrægur verslunarstaður við Hvítá í Borgarfirði. Gamli bærinn er nýuppgerður og málaður með málningu frá **Slippfélaginu**.

Málaðu með útimálningu frá **Slippfélaginu**:

# HJÖRVI á bárujárnið
# VITRETEX á steininn

**Hágæða efni sem þola íslenskt veðurfar.**
**Leyfðu reynslumiklum sérfræðingum okkar aðstoða þig.**
**Hafðu samband og þeir gera þér tilboð.**



**Þröstur Ingvason**
Sölustjóri
throstur@slippfelagid.is
S: 590 8505



**Steindór Elíson**
Sölumaður
steindor@slippfelagid.is
S: 590 8515

**SLIPPFÉLAGIÐ ER KOMIÐ Á SELFOSS**

**SLIPPFÉLAGIÐ**
Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
**8-18** virka daga / **10-14** laugardaga

**slippfelagid.is**

**SLIPPFÉLAGIÐ**